

**HEIMIR ORRI MAGNÚSSON**

*Ætlar að losna við bumbuna*

heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

**GLÆSIBÆR**

*Hinsti dansinn stiginn*

Danshúsið verður að bílageymslu

FÓLK 38






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. apríl 2006 — 109. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# Stenst varla jafnræðisreglu að undanskilja Ríkisútvarp

**Sigurður Líndal fyrrverandi lagaprófessor segir að hlutafélag um ríkisútvarp í 100 prósenta eigu ríkisins sé á skjön við takmarkandi eignarhaldsákvæði nýja fjölmiðlafrumvarpsins sem menntamálaráðherra vill að taki gildi 1. ágúst næstkomandi. Frumvarpið var kynnt og samþykkt í stjórnarflokkunum í gær.**

**FJÖLMIÐLAR** Sigurður Líndal, fyrrverandi lagaprófessor, efast um að það standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að undanskilja hlutafélag um Ríkisútvarpið reglum sem takmarka eignarhald á fjölmiðlum.

Nýtt frumvarp menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum var samþykkt í stjórnarflokkunum í gær og kynnt fjölmiðlum.

Í grein um takmörkun eignarhalds er kveðið á um að einstaklingar eða fyrirtæki megi ekki eiga meira en 25 prósenta hlut í útvarps- og sjónvarpsstöð sem hafi að minnsta kosti þriðjungs markaðshlutdeild. Miða ber við samanlagða hlutdeild á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði ef einstaklingur eða fyrirtæki á tíu prósent eða meira í sérhverri stöð. Fari eignarhald yfir áskilin mörk er ætlast til að við því sé brugðist og gefinn til þess ákveðinn frestur.

Berum orðum segir í frumvarpinu að ákvæði um takmörkun eignarhalds gildi ekki um eignarhald ríkisins á Ríkisútvarpinu.

Sigurður Líndal lagaprófessor var meðal þeirra sem skiluðu áliti við smíði nýja frumvarpsins. „Ef Ríkisútvarpið verður gert að hlutafélagi í 100 prósenta eign eins eiganda fer það langt út fyrir ákvæði þessa nýja frumvarps," segir Sigurður og vísar til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. „Þarna er teflt á tæpasta vað. Ég ráðlegg mönnum að skoða frumvarpið um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag og fjölmiðlafrumvarpið í samhengi og gaumgæfa vel hvort þetta standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ég tala nú ekki um ef hlutafélag um RÚV keppir áfram um auglýsingar á almennum markaði," segir Sigurður.

Til samræmis við áðurgreindar breytingar á útvarpslögum er í samkeppnislögum ráðgert að takmarka samruna tveggja eða fleiri fjölmiðlafyrirtækja ef ætla megi að það stofni tjáningarfrelsi, skoðanamyndun eða fjölbreyttu fjölmiðlaframboði í hættu. Þá eru í frumvarpinu ítarleg ákvæði um skyldur og réttindi varðandi flutning og aðgang að dreifiveitum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra gerir ráð fyrir að frumvarpið verði brátt að lögum og þau taki gildi 1. ágúst næstkomandi. **- jh**

### Misskilin list í tísku



Verslun Sævars Karls í Bankastræti hefur verið klædd í óvenjulegan búning.

FÓLK 38

### Íslensku þýðendaverðlaunin 2006



Metnaðarfullur rithöfundur, þýðandi og útgefandi miðlar bókmenntunum af tilgerðarlausri ástríðu.

MENNING 36

### Sneplar sem verða að peningum

„Ég er þeirrar skoðunar að menntamálaráðherrann eigi að beita sér fyrir áhuga á bóklestri með því að sjá til þess að menntastefnan í landinu sé í lagi en ekki með því að vera í auglýsingabrölti með ríkustu mönnum landsins," segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 18

### Peningadeila í Breiðholti



Hólmgeir Einarsson gagnrýnir aðalstjórn ÍR harkalega en hann telur tillögu um hvernig verji skuli þrjátíu milljónum króna umbuna skussunum í félaginu.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR - Í** dag verður norðlæg átt vestan til en suðlæg eystra. Skúrir eða él á landinu norðanverðu en nokkuð bjart syðra. Hiti 0-6 stig að deginum, mildast sunnan til.

VEÐUR 4






**GÍSLI KÓ-10 Í SKERJAFIRÐI** Bátnum var stolið og siglt upp í fjöru. Stýrið laskaðist en báturinn var nýkominn úr yfirhalningu. Þorskveiði eigandans stöðvast um nokkurra vikna skeið meðan á viðgerðum stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Lögreglan í Kópavogi:

## Báti stolið og siglt í strand

**LÖGREGLA** Lögreglan í Kópavogi vonar að myndbandsspólur úr öryggismyndavél fyrirtækis við Kópavogshöfn komi henni á sporið um hver eða hverjir stálu tíu brúttólesta plastbát úr höfninni í fyrrinótt. Bátnum var siglt upp í Skerjafjörð.

Guðmundur Gísli Geirdal, annar eigandi bátsins, segir að svo virðist sem gerendurnir hafi verið að flýta sér: „Þetta atvik er hálfömurlegt. Manni bregður óneitanlega þegar báturinn er ekki á sínum stað." Guðmundur kom að sundurskornum landfestunum í gærmorgun.

Stýrisbúnaðurinn laskaðist í strandinu og rúða var brotin í stýrishúsinu, en lykillinn var í kveikilásinum þó báturinn væri læstur, að sögn lögreglunnar í Reykjavík. Hún vinnur að rannsókn stuldarins með Kópavogslögreglunni. **- gag**

Meirihluti Reykvíkinga vill fresta framkvæmdum í Reykjavík:

# Flestir nefna tónlistarhús

**SKOÐANAKÖNNUN** Tæplega 52 prósent Reykvíkinga segjast vilja að stórum framkvæmdum verði frestað í Reykjavík, vegna stöðu efnahagsmála í landinu. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Margir af þeim sem ekki vilja að framkvæmdum verði frestað í Reykjavík telja að réttara sé að stórum framkvæmdum á landsbyggðinni verði frestað fyrst, svo sem Héðinsfjarðargöngum og uppbyggingu álvera.

Mun fleiri konur en karlar vilja að framkvæmdum í Reykjavík verði frestað til að koma ró á efnahagslíf í landinu, rúm sextíu prósent. Minnihluti karla, rúm 44 prósent, vill frestun framkvæmda.

Af þeim sem segjast vilja frestun framkvæmda nefna flestir byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurbakka, rúm 44 prósent. Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar-TR, sem hefur yfirumsjón með því verkefni, segir mikinn kostnaðarauka fylgja því ef framkvæmdum yrði slegið á frest. „Nokkrir mánuðir gerðu ekkert til en ef um lengri frest væri að ræða myndi allur kostnaður við verkefnið aukast til muna. Vilji menn skipta þannig um skoðun í miðju verkefni færu miklir fjármunir forgörðum og það væri afar óheppilegt bæði fyrir verkefnið sjálft og eins fyrir skipulag miðborgarinnar."



**TÓNLISTARHÚS VIÐ HÖFNINA** Teikningin sýnir hvernig nýtt tónlistarhús við Reykjavíkurhöfn mun líta út.

Af öðrum framkvæmdum segjast næstflestir vilja að lagningu Sundabrautar verði frestað og í þriðja sæti er bygging hátæknisjúkrahúss, sem er tugmilljarða framkvæmd á vegum ríkisins.

**- ss /** sjá síðu 4





## SPURNING DAGSINS

*Rúnar, á framhaldsmyndin að heita Næstsíðasti bærinn í dalnum?*

„Nei. það er engin hætta á því.“

Íslenska stuttmyndin Síðasta bærinn í dalnum er að gera það afar gott á erlendum kvikmyndahátíðum. Ekki er óalgengt að framhaldsmyndir fylgi í kjölfarið en Rúnar Rúnarsson kvikmyndagerðarmaður segir það ekki á döfinni.

Halldór Ásgrímsson ræddi varnar- og efnahagsmál við Anders Fogh Rasmussen:

# Nánari samvinna á döfinni

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ræddi í gær stöðuna í öryggis- og varnarmálum Íslendinga við Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, en Rasmussen átti viðkomu á Keflavíkurflugvelli á leið sinni til Grænlands. „Þetta varðar öryggi almennt í norðurhöfum. Ráðgert er að loka ratsjá í Færeyjum og breytingar eru fyrirhugaðar á Grænlandi. Ég tel mikilvægt að Danir geri sér grein fyrir þessari stöðu því hún mun koma til umræðu innan Atlantshafsbandalagsins fyrr eða síðar þegar línur skýrast.“

Halldór segir að fyrir liggi að umferð um hafið fari vaxandi og menn hafi nokkrar áhyggjur af auknum siglingum með olíu- og gas. „Það er leitað að olíu við Færeyjar og ætla má að leitað verði að olíu í kringum Jan Mayen í framtíðinni, ekki síst í ljósi hækkandi olíuverðs. Margir telja að það sé varanlegt. Þetta er mál sem kallar á samstarf margra ríkja.“ Halldór segir að til greina komi að taka málið upp á leiðtogafundi Eystrasaltsráðsins en hann verður haldinn í Reykjavík í júní næstkomandi.

Halldór segist einnig hafa rætt efnahagsmál við forsætisráðherra Dana. „Það er ljóst að danska ríkisstjórnin fagnar fjárfestingum Íslendinga í Danmörku.“ - jh



**ANDERS FOGH RASSMUSSEN** Dönsk stjórnvöld eru ánægð með fjárfestingar Íslendinga í Danmörku.

Yfirdýralæknisembættið:

## Fuglaflensusýni neikvæð

**FUGLAFLENSA** Rúmlega þrjátíu sýni sem send voru úr fuglum hér á landi til Svíþjóðar, til rannsóknar á því hvort í þeim fyndist fuglaflensuveira, reyndust vera neikvæð. Halldór Runólfsson yfirdýralæknir sagði að um 31 sýni hefði verið að ræða. Þau hefðu verið tekin úr tveimur hröfnum á Höfn í Hornafirð. þremur stokköndum frá Akureyri, einni álft úr Þykkvabænum, einum sílamávi og 24 svartbökum frá Álfsnesi á Kjalarnesi. Að sögn Halldórs eru stöðugar sýnatökur í gangi og einhver sýni til viðbótar nú ytra til rannsóknar. - jss



**MIKIL VIÐBRÖGÐ** Tveir lögreglubílar þustu að Þjóðarbókhlöðunni um miðjan dag í gær vegna ölvaðs manns sem sýndi tilburði til að ræna einni af almenningstölvum safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppþot í Þjóðarbókhlöðunni:

## Reyndi að ræna tölvu

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hafði talsverðan viðbúnað þegar starfsmenn Þjóðarbókhlöðu óskuðu aðstoðar vegna manns sem virtist ætla að ræna einni af almenningstölvum safnsins um miðjan dag í gær.

Að sögn starfsmanna var ekki ljóst hvort maðurinn, sem virtist vera í annarlegu ástandi, ætlaði að stela tölvunni eða hvort aðeins var um fikt að ræða en þegar starfsmenn fóru fram á skýringar lét hann sig hverfa. Náðist hann skömmu seinna. - aöe

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta við Mótel Venus** Ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Vesturlandsvegi, skammt frá Mótel Venus, í gærmorgun með þeim afleiðingum að bíllinn valt. Ökumaðurinn slasaðist lítillega.

**Slapp ómeidd** Kona á fertugsaldri slapp ómeidd þegar bíll hennar valt skammt frá Hvolsvelli snemma í gærmorgun. Að sögn lögreglu var skyggni slæmt á staðnum og hálka á veginum.

**Ók á ljósastaur** Engin slys urðu á fólki þegar ökumaður missti stjórn á bíl sínum í hálku, með þeim afleiðingum að bíllinn endaði á umferðarljósastaur. Slysið varð á Nýbýlavegi rétt eftir klukkan átta í gærmorgun. Engin slys urðu á fólki.

# Leikskólakennarar hyggjast segja upp

**Faglærðir starfsmenn á leikskólanum Leikgarði ætla að hætta störfum ef Félagsstofnun stúdenta tekur yfir rekstur hans af Reykjavíkurborg. Þá er megn óánægja í hópi foreldra barna á leikskólanum með fyrirhugaða yfirtöku.**

**LEIKSKÓLAR** Megn óánægja ríkir meðal starfsmanna leikskólans Leikgarðs, svo og margra foreldra barna á honum, vegna fyrirhugaðrar yfirtöku Félagsstofnunar stúdenta á rekstri hans. Stór hluti faglærðra starfsmanna hyggst hætta störfum ef af yfirtökunni verður. Þá eru einhverjir foreldranna að vinna í því að koma börnum sínum í aðra vistun og sumir eru jafnvel búnir að því.

Reykjavíkurborg hefur rekið Leikgarð og gerir enn. Í mars var lagt fram á fundi menntaráðs borgarinnar minnisblað frá skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu varðandi erindi Félagsstofnunar stúdenta um kaup á húsnæði leikskólans Leikgarðs og yfirtöku reksturs hans. Menntaráð tók jákvætt í erindið og samþykkti að ganga til viðræðna við stofnunina. Að sögn Guðrúnar Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Félagsstofnunarinnar, er miðað að því að yfirtakan eigi sér stað í haust ef hún gengur eftir, en það ætti að skýrast endanlega á allra næstu vikum. Yfirtökuferlið sé hafið og verið að vinna þá vinnu sem til þurfi.

Á Leikgarði dvelja nú börn á aldrinum 2-6 ára. Þar starfa alls fimmtán starfsmenn, sumir í hlutastörfum. Af starfsmannahópnum eru átta faglærðir.

„Okkar markmið er að fjölga plássum fyrir börn yngri en tveggja ára,“ segir Guðrún. „Það er alls ekki víst að leikskólinn verði eingöngu fyrir þann aldurshóp. Við rekum annan leikskóla, Mánagarð, fyrir börn á aldrinum 2-6 ára og munum skipuleggja það innanhúss hjá okkur hvort við höfum öll börnin á einum skóla eða dreifum þeim á báða.“

„Ég kem til með að hætta,“ sagði einn starfsmanna Leikgarðs, sem Fréttablaðið ræddi við í gær. „Þetta hefur með ýmis réttindi og skyldur að gera, svo sem lífeyrissjóðsmál og fleira. Þá verður þetta ungbarnaskóli, þannig að starfsvettvangurinn breytist og vinnuveitandinn verður annar.

Það er mjög vel mannað hérna. Fólkið er að vinna gott starf og allir eru ánægðir. En nú lítur út fyrir að við séum að fara að leita okkur að öðru starfi.“

Ásdís Arnardóttir, foreldri sem á barn á Leikgarði, segir mikla óánægju ríkja meðal foreldra vegna skorts á samráði, upplýsingum um gang mála og fyrirhugaðar breytingar á aldurshóp barnanna. Hún kveðst nú hafa fengið inni fyrir sitt barn í Landakotsskóla. jss@frettabladid.is



**LEIKGARÐUR** Yfirtaka Félagsstofnunar stúdenta á rekstri leikskólans Leikgarðs er í ákveðnu ferli, að sögn framkvæmdastjóra. Gert er ráð fyrir að af henni verði í haust.



**ALLT Á FLOTI** Íbúar þorpsins Rast í Vestur-Rúmeníu sigla hjá rústum umflotinna húsa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóðin í Dóná:

## Þúsundir Rúmena á flótta

**RÚMENÍA, AP** Tveir flóðvarnargarðar brustu við Dóná í austurhluta Rúmeníu í gær og voru hundruð húsa í hættu af þeim völdum. Vatnsmagnið í fljótinu hefur aldrei mælst meira en nú á þessum slóðum, skammt frá ósum árinnar við Svartahaf.

Um 10.000 íbúum á flóðahættusvæðinu var í gær gert að yfirgefa heimili sín, þar á meðal í bæjunum Bistret og Sarata. Í hafnarborginni Galati mældist vatnsborð árinnar 6,57 metrar, en það er einum sentimetra hærra en fyrra met frá því mælingar hófust, en það var sett árið 1897. - aa

Mannskæðar sprengingar:

## Tugir farast í Egyptalandi

**EGYPTALAND, AP** Minnst 22 fórust í þremur mannskæðum sprengingum í ferðamannaborginni Dahab í Sinai-héraði Egyptalands í gærkvöldi. Yfir 150 slösuðust á einu hóteli, samkvæmt upplýsingum lögreglu og lækna, en óljóst var um heildartölu hinna slösuðu þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Sprengjurnar þrjár sprungu í miðbæ Dahab skömmu eftir myrkur, á tíma þegar götur, verslanir og veitingastaðir voru yfirfull af ferðamönnum og heimafólki. Þær sprungu á hóteli, á lögreglustöð og á útimarkaði, að sögn sendiherra Ísraels í Kaíró. - smk




Samningar starfsfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum:

# Kjaradeila í hnút eftir fund

**KJARAMÁL** „Það er bara allt í hnút“, sagði Álfheiður Bjarnadóttir, talsmaður starfsfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum, eftir samningafund í kjaradeilu starfsmanna sem var haldinn hjá ríkissáttasemjara í gær. Fulltrúar Eflingar og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu sátu fundinn en reynt er að ná samkomulagi fyrir föstudag til að koma í veg fyrir að vikulangt setuverkfall skelli á og fjöldauppsagnir fylgi.



**SIGURÐUR BESSASON**

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir enga niðurstöðu hafa fengist á fundinum. „Þetta hefur gengið hægar en menn reiknuðu með en við setjumst aftur niður á morgun til að sjá hvort ekki megi koma málinu í höfn.“ Sigurður segist vera hóflega bjartsýnn á að niðurstaða fáist í deiluna fyrir föstudag. „Þetta mál getur farið á tvo vegu. Það er ákveðinn hnútur í málinu.“

Kristján Sigurðsson, formaður samninganefndar Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, segir að heilmikið hafi þokast í samkomulagsátt og bindur vonir við fundinn í dag sem hefst klukkan eitt. - shá



**ÁLFHEIÐUR BJARNADÓTTIR** Talsmaður starfsfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum segir allt vera í hnút. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hávaxtareikningar




# Háir vextir og mikið öryggi fara saman hjá SPRON!

Innlánsreikningar SPRON eru hugsaðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja háa vexti og mikið öryggi, hvort sem það er til styttri eða lengri tíma.

Það eru ekki aðeins góð vaxtakjör sem SPRON hefur upp á að bjóða heldur gerist þjónustan ekki betri meðal banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni, samanber Íslensku ánægjuvogina 2005.

**Frábært tilboð!**
Þeir sem stofna Netreikningana SPRON Vaxtabót eða SPRON Viðbót á www.spron.is fyrir 1. maí fá **10% vaxtaálag** á greidda vexti um næstu áramót.

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1.apríl 2006
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

spron
– frelsi í bankaviðskiptum

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 24.04.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,66 | 77,02 |
| Sterlingspund | 137,21 | 137,87 |
| Evra | 94,86 | 95,4 |
| Dönsk króna | 12,713 | 12,787 |
| Norsk króna | 12,107 | 12,179 |
| Sænsk króna | 10,157 | 10,217 |
| Japanskt jen | 0,6659 | 0,6697 |
| SDR | 111,94 | 112,6 |

*Gengisvísitala krónunnar*
132,1157

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómur fallinn í Héraðsdómi Austurlands í banaslysmáli:

# Allir fimm ákærðu sýknaðir

**DÓMSMÁL** Fimm menn, sem ákærðir voru vegna banaslyss sem varð í Hafrahvammsgljúfri fyrir rúmum tveimur árum, voru sýknaðir í Héraðsdómi Austurlands í gær.

Mennirnir voru ákærðir fyrir brot á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, vegna slyss sem varð þegar tæplega fjörutíu kílóa grjóthnullungur féll ofan á 25 ára gamlan mann, Árna Þór Bjarnason, sem var við vinnu í Hafrahvammsgljúfri þegar slysið varð.

Árni Þór var starfsmaður verktakafyrirtækisins Arnarfells þegar slysið varð en framkvæmdastjóri fyrirtækisins var einn af þeim fimm sem ákærðir voru. Tveir ákærðu voru starfsmenn ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo og tveir voru starfsmenn eftirlitsfyrirtækisins VIJV.

Í dómnum segir meðal annars að engar reglur um gerð áhættumats hafi verið í gildi þegar slysið varð. Ekki sé því fyrir neinum leiðbeiningum í lögum að fara sem með einhverjum hætti geti varpað ljósi á það hvenær áhættumat vegna öryggis á vinnustöðum sé fullnægjandi og hvenær ekki.

Sakarkostnaður, samtals um 7,5 milljónir króna, greiðist úr ríkissjóði. **- mh**



**ÚR HAFRAHVAMMSGLJÚFRI** Banaslysið varð 15. mars 2004. Samtals hafa orðið þrjú banaslys á framkvæmdasvæðinu við Kárahnjúka. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTÍN

Flugfélagið Sterling:

# Flugstjórar fella samning

**DANMÖRK** Tveir af hverjum þremum flugstjórum hjá danska flugfélaginu Sterling, sem er í eigu FL Group, felldu nýjan kjarasamning sem félagið bauð þeim fyrir helgina.

Samkvæmt frétt viðskiptablaðsins Børsen í gær eru það flugmenn sem áður störfuðu hjá Mærsk Air sem helst eru ósáttir. Talsmenn þeirra segja að samningurinn hefði haft í för með sér kjaraskerðingu og verri lífeyrisréttindi fyrir þá og við það uni þeir ekki.

Laun annarra flugmanna félagsins hefðu hins vegar hækkað. **- ks**



**GYANENDRA** Konungur Nepals endursetti neðri deild þingsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nepalski konungurinn:

# Endursetur neðri deild þingsins

**NEPAL, AP** Gyanendra konungur Nepals lofaði að setja neðri deild þingsins á nýjan leik, í ræðu sem var útvarpað og sjónvarpað seint í gærkvöldi. Jafnframt sagðist hann harma lát þeirra sem farist hafa í langvinnum og ofbeldisfullum mótmælum landsmanna gegn einræði hans.

Gyanendra leysti þingið upp árið 2002, en endursetning þess var ein krafa sjö helstu stjórnmálaflokka landsins, sem í sameiningu hafa staðið fyrir mótmælunum undanfarnar vikur. Konungur sagðist jafnframt vonast til þess að friður kæmist fljótlega á í landinu á nýjan leik. **- smk**

Ofsaakstur í Kópavogi:

# Ók á 144 kílómetra hraða

**HRAÐAKSTUR** Lögreglan í Kópavogi stöðvaði bifreið sem mældist á 144 kílómetra hraða á klukkustund á leið sinni í gegnum Kópavog í fyrrinótt. Ökumaður bílsins, sem var sautján ára og hafði fengið bílprófið tíu dögum áður, má búast við ökuleyfissviptingu og hárri fjársekt.

Samtals voru sjö ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur en flestir þeirra óku töluvert yfir leyfilegum hámarkshraða. **- mh**

# Vilja fresta framkvæmdum

**Rúmur helmingur Reykvíkinga vill fresta stórum framkvæmdum í Reykjavík vegna stöðu efnahagsmála í landinu. Konur vilja fremur að framkvæmdum verði frestað en karlar. Af þeim sem vilja fresta framkvæmdum nefna flestir byggingu tónlistarhúss, lagningu Sundabrautar og byggingu hátæknisjúkrahúss.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti Reykvíkinga, 51,5 prósent, vill að stórum framkvæmdum í Reykjavík verði frestað vegna stöðu efnahagsmála í landinu. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Um síðustu mánaðamót ákvað Seðlabankinn að hækka stýrivexti sína um 0,75 prósentustig til að stemma stigu við verðbólgu, sem nú mælist 5,5 prósent á ársgrundvelli. Í framhaldinu hefur verið um það rætt að til að meiri ró skapist í íslensku hagkerfi þurfi að fresta stórum framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru hjá ríki og sveitarfélögum.

48,5 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust ekki vilja að framkvæmdum yrði frestað í Reykjavík. Margir þeirra tóku það fram að þeir teldu að nú væri komið að landsbyggðinni og að fyrirhuguðum framkvæmdum þar ætti að fresta. Meðal þeirra framkvæmda á landsbyggðinni sem Reykvíkingar töldu að ætti að fresta voru Héðinsfjarðargöng og frekari uppbygging álvera.

Konur í Reykjavík eru frekar fylgjandi því að fyrirhuguðum stórframkvæmdum verði frestað í höfuðborginni en karlar. 60,5 prósent kvenna sögðust telja að stórum framkvæmdum ætti að fresta til að ná stjórn á íslenskum efnahag. 39,5 prósent þeirra sögðust vera því andvíg.

Meirihluti karla, 56,4 prósent, var því hins vegar andvígur að stórum framkvæmdum í Reykjavík yrði frestað. 43,6 prósent karla sögðust vera því fylgjandi. Hringt var í 600 Reykvíkinga laugardaginn 22. apríl og skiptust svarendur jafnt á milli kynja. Spurt var: Á að fresta einhverjum stórum framkvæmdum í Reykjavík vegna stöðu efnahagsmála í landinu? Tóku 82,8 prósent afstöðu til spurningarinnar.

Þeir sem sögðust vilja að stórum framkvæmdum yrði frestað voru jafnframt spurðir hvaða framkvæmd þeir vildu helst sjá frestað.

73,4 prósent þeirra sem sögðust vilja að einhverjum framkvæmdum yrði frestað tóku afstöðu til þeirrar spurningar. Þar sem tæplega 200 svör liggja að baki þeirri spurningu eru vikmörk nokkuð stór í svörum þessarar spurningar en niðurstöðurnar gefa vísbendingu um hvaða framkvæmdir það eru sem Reykvíkingar vildu þá helst að yrði frestað.

Flestir nefndu byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurhöfn, eða 44,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku til þessarar spurningar. Reiknað er með að bygging tónlistarhússins muni kosta um 12,5 milljarða og það verði reist á árunum 2006 til 2008. Næstflestir nefndu lagningu Sundabrautar, eða 25,0 prósent. Samkvæmt áætlunum mun Sundabraut kosta um átta milljarða og verða lögð á árunum 2007 til 2010. Í þriðja sæti var bygging hátæknisjúkrahúss, en 14,9 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar nefndu það. Gert er ráð fyrir að nýtt hátæknisjúkrahús muni kosta um átján milljarða og rísa á árunum 2007 til 2012. Í fjórða sæti var svo flutningur Reykjavíkurflugvallar úr Vatnsmýrinni, sem 10,1 prósent svarenda nefndi. Ekki er til kostnaðaráætlun, né heldur tímaáætlun, þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um slíka framkvæmd.

Aðrar framkvæmdir voru nefndar í innan við fimm prósentum tilvika, en þar á meðal nefndu Reykvíkingar að þeir vildu sjá frestun á öllum gatnaframkvæmdum í Reykjavík, að ríkisvaldið frestaði öllum sínum framkvæmdum í Reykjavík og að öllum stórum framkvæmdum í Reykjavík yrði frestað um óákveðinn tíma.

svanborg@frettabladid.is




**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU LEGACY WAGON**

Nýskr 07.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 10 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FIMMTÁN TIL ÁTJÁN STIG**

Gangi spár eftir hlýnar ört í lok vikunnar og gætum við verið að sjá 15-18 stig á föstudag/laugardag og að líkindum einhvers staðar á Norðausturlandi. Reyndar eru veðurhorfurnar mjög góðar næstu daga, ágætlega sólríkt og vindur hægur. Dagurinn í dag verður einnig ágætur en þó reyndar skúrir eða él, einkum nyrðra.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg norðlæg átt og bjart með köflum. Hiti 3-6 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Yfirleitt 5-10 m/s.

*» fimmtudagur*




Hæg breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C hálfskýjað | London | 13°C skúrir | Torrevieja | 24°C hálfskýjað |
| Billund | 15°C hálfskýjað | París | 21°C hálfskýjað | Róm | 22°C hálfskýjað |
| Osló | 8°C skúr | Frankfurt | 22°C heiðskírt | New York | 18°C skúrir |
| Stokkhólmur | 9°C hálfskýjað | Madríd | 24°C léttskýjað | San Francisco | 22°C þrumur |
| Helsinki | 11°C hálfskýjað | Barcelona | 21°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 31°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.





# FERÐ ÞÚ Á HM?

## TAKTU ÞÁTT Í HM-LEIK OLÍS

Himinn og haf / SÍA

Allir sem versla hjá Olís á tímabilinu 25. apríl til 18. maí geta tekið þátt í HM-leiknum. Dregið er úr pottinum 19. maí og upplýsingar um vinningshafa verða birtar á olis.is. Í pottinum eru 6 vinningar. Hver vinningur er ferð fyrir tvo á HM í Þýskalandi. Innifalið er leikur, flug og hótel.

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
olís FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN

Við höldum með þér!



## KJÖRKASSINN

*Vilt þú sjá gjaldfrjálsan leikskóla?*

| | |
|---|---|
| Já | 55% |
| Nei | 45% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Var rétt að selja grunnnetið með Símanum?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Mahmoud Ahmadinejad hélt blaðamannfund í Teheran:

# Forseti Írans hefur í hótunum

**ÍRAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, gaf í skyn í gær að Íranar kynnu að segja sig frá alþjóðasamningnum gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna, svonefndum NPT-sáttmála, og spáði því að ekki yrði neitt úr hótunum um að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ákveddi að beita Íran þvingunaraðgerðum.

„Þeir sem tala um refsiaðgerðir myndu verða fyrir meira tjóni (en Íran),“ sagði forsetinn á blaðamannafundi í Teheran. „En það mun ekkert sérstakt gerast, sjáiði til.“

Ahmadinejad sagði jafnframt að Íranar myndu endurskoða afstöðu sína til þess að hlíta NPT-sáttmálanum og aðildarinnar að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, IAEA, ef aðildin skilaði Írönum engu.



**SPARAR EKKI STÓRU ORÐIN** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti á blaðamannafundi í Teheran í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmenn IAEA hafa sakað Írana um að svara ekki sem skyldi öllum spurningum stofnunarinnar um kjarnorkuáætlun þeirra og því vísaði stjórn stofnunarinnar málinu til öryggisráðs SÞ. Öryggisráðið gaf írönskum stjórnvöldum frest sem rennur út nú í vikulokin til að hætta auðgun úrans, en með því ferli er hægt að framleiða eldsneyti til friðsamlegrar raforkuframleiðslu í kjarnorkuverum, en einnig efni í kjarnorkusprengjur. Íranar hafa hafnað kröfunni með þeim rökum að þeim sé fyllilega heimilt, sem aðilum að NPT-sáttmálanum, að nýta kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. **- aa**

Samgöngubót í Færeyjum:

# Norðureyja-göng fullgerð

**FÆREYJAR** Færeyingar „þjófstörtuðu“ um helgina opnun nýju vegganganna sem verið er að leggja lokahönd á milli Austureyjar og Borðeyjar, en þessi göng munu opna akleið til Klakksvíkur, annars stærsta bæjar Færeyja.

Þúsundir Færeyinga fóru á sunnudag fótgangandi í gegnum göngin undir Leirvíkurfjörð, sem eru 6,2 km löng, um hálfum kílómetra lengri en Hvalfjarðargöngin. Göngin hafa fengið nafnið Norðureyjagöng, enda tengja þau kjarnahluta Færeyja við Norðureyjarnar. Göngin verða formlega vígð 29. apríl, að því er fréttavefur Politiken greinir frá. **- aa**


LAGERSALA

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !

H&M ROWELLS

OPIÐ 11-19

FELLSMÚLA 28

(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)



T.E.C. HJÓLHÝSIN hafa slegið í gegn!



Við bjóðum upp á landsins mesta úrval af ferðavögnum. Hjá okkur finnur þú örugglega vagn við þitt hæfi!

Tjaldvagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203



Börn og umhverfi

(áður barnfóstrunámskeið)

Námskeiðið er fyrir einstaklinga á aldrinum 12-15 ára og kennt er í Hamraborg 11, 2. hæð.

**Fyrsta námskeiðið fer fram 16., 17. 22. og 23. maí** kl. 18-21 alla dagana.

**Annað námskeiðið fer fram 29., 30., 31. maí og 1. júní** kl. 17-20 alla dagana.

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, leiðtogahæfni, agastjórnun, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Fjallað er um slysavarnir og algengar slysahættur og veitt ítarleg kennsla í skyndihjálp. Þátttakendur fá innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

**Námskeiðsgjald:** 5.500 kr. Innifalin eru námskeiðsgögn og bakpoki með skyndihjálparbúnaði.

**Skráning:** Í síma 554 6626 eða á kopavogur@redcross.is

Rauði kross Íslands Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • Opin virka daga kl. 11-15 • www.redcross.is/kopavogur




**MÖRÐUR ÁRNASON SAMFYLKNGUNNI** „Ég hef trú á því að hægt sé að ná samstöðu ef menn vilja láta af kreddum og skammtíma pólitískum metnaði í málinu.“



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON SJÁLFSTÆÐISFLOKKI** Sigurður Kári segir ekki hægt að verða við óskum um að fresta afgreiðslu frumvarpsins um að breyta RÚV í hlutafélag.



**PÉTUR H. BLÖNDAL SJÁLFSTÆÐISFLOKKI** Frumvarpið er skref í þá átt að einkavæða Ríkisútvarpið og því leggur Pétur blessun sína yfir það.

# Hafnar frestun á RÚV-frumvarpinu

**Formaður menntamálanefndar hafnar tilboði stjórnarandstöðunnar um að fresta afgeiðslu frumvarpsins um Ríkisútvarpið. Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, er fylgjandi frumvarpinu enda sé það skref í átt til einkavæðingar RÚV.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Ég fæ ekki séð að hægt sé að verða við því að fresta afgreiðslu frumvarpsins um Ríkisútvarpið til haustsins, eins og óskað hafði verið eftir,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis. „Þá væru menn aðeins að slá viðfangsefninu og vandanum á frest.“

Frumvarpið var afgreitt til þriðju umræðu og menntamálanefndar á nýjan leik á þingfundi í gær.

Sigurður Kári segir að óskað hafi verið eftir að fulltrúar Ríkisendurskoðunar, Samkeppniseftirlitsins, verkalýðshreyfingarinnar og fleiri yrðu kallaðir fyrir menntamálanefnd. „Ég mun gera allt sem ég get til þess að verða við þeim óskum stjórnarandstæðinga og ræða málin frekar eftir því sem við verður komið,“ segir Sigurður Kári, en fundir verða í menntamálanefnd þegar í dag.

Mörður Árnason, Samfylkingunni, á sæti í menntamálanefnd, en minnihluti nefndarinnar hefur lagt fram tilboð um framvindu og meðferð málsins sem meðal annars felst í því að fresta afgreiðslu þess til haustsins. „Ég hef ekki fengið nein formleg viðbrögð frá meirihluta nefndarinnar nema einhver andvörp í fjölmiðlum. Tilboð okkar er sett fram í alvöru og gengur út á það að við reynum að ná samstöðu og búum til frumvarp sem unnt verður að afgreiða fyrir áramót. Ég hef trú á því að það geti gengið ef menn vilja láta af kreddum og skammtíma pólitískum metnaði í málinu,“ segir Mörður.

Meðal þess sem stjórnarandstæðingar vilja ræða er að Ríkisútvarpið verði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri en þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins.

Í atkvæðagreiðslu um frumvarpið í gær greiddi Kristinn H. Gunnarsson, Framsóknarflokki, atkvæði gegn ákvæði um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, en stjórnarandstaðan sat hjá í nafni þess að frumvarpið færi aftur til meðferðar í menntamálanefnd.

Pétur H. Blöndal gerði grein fyrir atkvæði sínu og kvaðst greiða atkvæði með frumvarpinu þar sem það væri skref í þá átt að einkavæða Ríkisútvarpið. Jafn fráleitt þætti mönnum eftir fimmtán ár að ríkið ræki fjölmiðil eins og mönnum þætti fráleitt nú að bankamenn hefðu eitt sinn verið opinberir starfsmenn.

**johannh@frettabladid.is**

Tilvonandi forsetaframbjóðandi í Frakklandi sagður hvetja til kynþáttahaturs:

# Segir hættu stafa af múslimum

**FRAKKLAND, AP** Leiðtogi hægrisinnaðs flokks í Frakklandi, Philippe de Villiers, lýsti því yfir í útvarpsviðtali í gær að franskir múslimar hefðu laumast inn á viðkvæm svæði á helsta flugvelli Parísar, Roissy-Charles de Gaulle, og gætu sprengt hann í loft upp hvenær sem er.

Á fimmtudag kemur út bókin Moskur Roissy eftir de Villiers, þar sem hann heldur því fram að lítið sé fylgst með starfsmönnum flugvallarins, að 25 leynilegar moskur sé að finna í göngum undir flugbrautunum og að meðlimir í Bræðralagi múslima starfi við farangursflutning á vellinum.

De Villiers segist hafa leitað heimilda í leynilegum skýrslum frönsku leyniþjónustunnar en lögregla segir skjölin fölsuð. Hafa stjórnmálamenn brugðist harkalega við og saka de Villiers um að hvetja til kynþáttahaturs.



**NICOLAS SARKOZY** Innanríkisráðherra Frakklands heimsótti Roissy-flugvöllinn í síðustu viku og sagði hann eins öruggan og unnt væri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra heimsótti flugvöllinn í síðustu viku og sagði allar öryggisráðstafanir vera afar góðar þar.

De Villiers, sem þekktur er fyrir andstöðu sína gegn innflytjendum, hyggst bjóða sig fram til forseta í haust. Telja stjórnmálaskýrendur að hann muni ekki hljóta mörg atkvæði.

Um 53 milljónir manna ferðast um flugvöllinn á ári hverju. **- smk**





## Meistaranám

Viðskiptaháskólinn á Bifröst býður upp á tíu námsleiðir til meistaragráðu. Námið er einstaklingsbundið, nemendur geta í sumum tilvikum stýrt hraða sínum sjálfir og jafnvel stundað nám með vinnu. Kíktu á www.bifrost.is og sjáðu hvernig þú getur náð enn lengra.

**Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2006.**

Nánari upplýsingar:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími: 433 3000

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN
BIFRÖST

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 88 ár**



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heita þríburarnir sem eru jafngamlir Fréttablaðinu?*

2 *Elísabet II Bretadrottning fagnar afmæli um þessar mundir. Hvað er hún gömul?*

3 *Hvað heitir konungur Nepals?*

SVÖR Á BLS. 46

Breytingar á Vesturgötu 3, Hlaðvarpanum:

# Þakið fær að standa óbreytt

**BORGARMÁL** Skipulagsráð Reykjavíkur gerir ekki kröfu til þess að þak hússins að Vesturgötu 3, Hlaðvarpanum eins og húsið er yfirleitt kallað, verði lækkað en það mælist þrjátíu sentimetrum hærra en deiliskipulagsáætlun gerði ráð fyrir. Rökstuðningur skipulagsráðs er sá að aukinn skuggi sem falli á næsta nágrenni „sé óverulegur og nánast ómælanlegur“, eins og segir í fundargerð 51. fundar skipulagsráðs frá 12. apríl síðastliðnum. Það sama er talið eiga við um yfirbragð hússins á nágrennið, breytingin sé óveruleg.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá þá ríkir mikil óánægja á meðal íbúa Grjótaþorpsins með breytingar á Hlaðvarpanum. Sú óánægja er ekki síst komin til vegna þess að húsið reyndist, samkvæmt mælingum byggingarfulltrúa, töluvert hærra en deiliskipulag breytinganna segir til um. Leit svo út um tíma að byggingarleyfishafi þyrfti að gera miklar leiðréttingar á þeim framkvæmdum sem þegar höfðu verið gerðar.

Í minnisblaði byggingar- og skipulagssviðs, dagsett 9. apríl síðastliðinn, segir jafnframt að almennt hafi verið góð sátt um heimild til hækkunar hússins og ekki talið að hækkunin sem um ræðir geti haft áhrif á það. **- shá**



**HLAÐVARPINN** Húsið var hækkað þrjátíu sentimetrum meira en leyfi voru fyrir. Þrátt fyrir það gerir skipulagsráð ekki kröfu um að þakið verði lækkað. Áhrif skekkjunnar eru talin óveruleg. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Óökufær af amfetamíni:

# Slapp við dóm fyrir fíkniefnin

**DÓMSMÁL** Maður missir ökuleyfi sitt í fjóra mánuði og situr í fangelsi í ellefu daga greiði hann ekki fimmtíu þúsund króna sekt á næstu fjórum vikum. Hann var stöðvaður á bifreið undir svo miklum áhrifum amfetamíns að hann var ófær um að stjórna henni örugglega. Hann hlaut ekki dóm fyrir að hafa orðið sér úti um fíkniefnin.

Maðurinn neitaði því að hafa ekki haft stjórn á bifreiðinni þrátt fyrir að amfetamínmagið í blóði hans hafi mælst 375 ng/ml, en við allra stærstu skammta af amfetamíni sem gefnir eru í lækningaskyni er þéttni þess um 150 ng/ml, samkvæmt dómnum. **- gag**

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

## Ársfundur 2006

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Skúlagötu 17, Reykjavík á 2. hæð, 25. apríl 2006 og hefst kl. 16.00.

### Dagskrá fundarins er

1. Skýrsla stjórnar.
2. Gerð grein fyrir ársreikningi.
3. Tryggingafræðileg úttekt.
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
5. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 20. feb. 2006

**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

Hunang



**EITT STÆRSTA SKAFTÁRHLAUPIÐ** Sérfræðingur á Vatnamælingasviði segir enn ekki hægt að segja til um stærð Skaftárhlaupsins að þessu sinni. Það kvíslist um allt svæðið og ekki náist samband við mælinn sem gefi heildarupplýsingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/NFS

# Gróðureyðing Skaftárhlaupa gríðarleg

**Mikil gróðureyðing er út frá Skaftá af völdum Skaftárhlaupa. Vatnið úr jökulkatlinum ber með sér sand og eðju. Hlaupið nú náði yfir fjóra nýuppgrædda sandgeira við ána. Bændur hafa misst búfénað sem festist í drullunni og drapst.**

**SKAFTÁRHLAUP** „Gróðureyðingin í kjölfar Skaftárhlaupa er gríðarleg,“ segir Elín Heiða Valsdóttir, héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins í Skaftarfellssýslum. Hlaupið nú hafi farið yfir fjögur nýuppgrædda sandgeira út frá Skaftá, þar sem Landgræðslan hefur sáð.

„Í Skaftárhlaupum ber áin svo mikið af framburði með sér. Þegar vatnið í ánni sjatnar situr eftir leir og sandur á landinu, sem svo fýkur yfir gróið land og eyðir,“ segir Elín Heiða og bætir við að þrátt fyrir að eyðileggingin sé mikil sé helsta hættan sem menn hafi orðið varir við að búfénaður festi sig í eðjunni og drepist.

Vatnsmagnið sem streymdi niður um Eldvatn við Ása nam rétt rúmum fjögur hundruð rúmmetrum um fimmleytið í gær. Mest náði það rúmum 628 rúmmetrum á hádegi í fyrradag. Hver rúmmetri vegur eitt tonn. Snorri Zóphóníasson, sérfræðingur á vatnamælingasviði Orkustofnunar, segir enn ekki ljóst hve mikið vatn hafi runnið úr katlinum, þar sem ekki náist símasamband við vatnsmælinn við Sveinstind. „Þar til við fáum gögnin getum við aðeins sagt hvað mælst hefur í Eldvatni og Skaftá við Kirkjubæjarklaustur og Stapaál, en hlaupið kvíslast hér út um allt.“

Snorri segir þá vatnamælingamenn telja hlaupið úr eystri katlinum. „Hann er stærri og lengra síðan kom úr honum, en það var í október 2003. Það þykir langur tími síðan síðast hljóp úr honum,“ segir Snorri. Á síðustu fimmtíu árum hafi um fjörutíu sinnum hlaupið úr kötlunum.

Elín Heiða segir að hvert nýtt hlaup brjóti hraðar á árbökkunum. Þau beri einnig með sér meira af jarðefnum og erfitt sé að bregðast við og græða upp landið á milli hlaupanna. Hún segir að þegar hlaupið réni verði hægt að leggja mat á tjónið og hefja landgræðslu á svæðinu að nýju. **gag@frettabladid.is**




**ELDVATN VIÐ ÁSA** Hér má sjá rennsli hlaupsins í rúmmetrum frá miðnætti 23. apríl til klukkan sex síðdegis í gær.

## Rekstrarvörustyrkir RV 2006

RV veitir árlega styrki til félaga og samtaka sem sinna þörfum samfélagsverkefnum og leggja alúð við umhverfi sitt. Styrkirnir eru í formi vöruúttekta hjá RV sem styrkþegar geta nýtt vegna reksturs eða til fjáröflunar.

Í ár verða veittir fjórir rekstrarvörustyrkir og þurfa umsóknir um þá að berast á netfangið **styrkir@rv.is** fyrir 5. maí nk.

Í umsókn skal gerð grein fyrir þeim félögum sem sækja um styrk og verkefnum sem njóta eiga góðs af styrkveitingu.

**Tilkynnt verður um val á styrkþegum 2. júní nk. á heimasíðu RV.**

Nánari upplýsingar á heimasíðu RV: www.rv.is

TUNGLIÐ RV6207

*RV er sérhæft dreifingarfyrirtæki sem sinnir þörfum fyrirtækja og stofnana fyrir almennar rekstrar og hreinlætisvörur. RV leggur sérstaka áherslu á heildarlausn hreinlætis og öryggismála, svo og hjúkrunarvörur fyrir stofnanir og einstaklinga.*

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Heilbrigðisráðherra svarar fyrirspurn um almannatryggingabætur:

# Tekjutenging verður óbreytt

**ALMANNATRYGGINGAR** Tekjutrygging almannatryggingabóta verður óbreytt, að minnsta kosti þar til niðurstöður nefndar sem fjallar um þann málaflokk liggja fyrir.

Þetta kom fram í svari Sivjar Friðleifsdóttur, ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála, við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar alþingismanns um hvort ráðherra hygðist beita sér fyrir því að fella niður eða draga úr tekjutengingu bóta frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í nefndinni sem um ræðir sitja fulltrúar fjögurra ráðuneyta og Landssambands eldri borgara. Hún hefur það hlutverk að skoða fyrirkomulag tekjutenginga bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar þar en jafnframt verði þó horft til tekjujöfnunarhlutverks tekjutengingar bóta. Áætlað er að nefndin ljúki störfum í haust.

Í svari ráðherra kom fram að ekki stæði til „að draga úr þeim jöfnuði sem felst í því að hafa bætur tekjutengdar. Ef einstaklingar hafa aðrar tekjur en bætur almannatrygginga og geta framfært sig án tilstuðlan ríkisins er gert ráð fyrir að þeir geri það.“ **- jss**



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**



**TRYGGINGASTOFNUN** Nefnd athugar nú fyrirkomulag á tekjutengingu bóta frá Tryggingastofnun ríkisins.



BEN&JERRY'S
ÍSKÚLUDAGURINN
Í dag 25.apríl
er Ískúludagurinn hjá
Ben&Jerry's. Einu sinni á ári,
á Ískúludeginum, fá allir sem
koma í ísbúðir Ben&Jerry's
ókeypis ís
Yum!
BEN&JERRY'S
Ben & Jerry's hefur opnað glæsilega ísbúð á fyrstu hæð Smáralindar við hliðina á bakaríi Jóa Fel í Hagkaupum. Opið er í dag frá 11:00-19:00. Ben & Jerry's leggur metnað sinn í að framleiða hágæðaís og vera með fjölbreyttustu bragðtegundirnar á markaðnum. Frekari upplýsingar um alþjóðlega Ískúludaginn má finna á www.benjerry.com
Made in the U.S.A.
BEN&JERRY'S
ICE CREAM

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

**Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundavallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í tölvu.**

- Stillingar stafrænna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimaprentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Picasa, vinsælt, ókeypis myndvinnslu og myndskoðunarforrit frá Google tekið fyrir



Verð: kr. 15.000, (Innifalin er ný kennslubók á íslensku).
**Næsta námskeið hefst 27. apríl og lýkur 4. maí.**
**Kennt er þriðjudags- og fimmtudagskvöld kl. 18 - 21.**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


Reikningar vegna endurgreiðslu tannlæknakostnaðar barna og unglinga hjá TR:

# Án tannlæknis í fimm ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Milli eitt og tvö prósent barna og unglinga á aldrinum 9-18 ára höfðu ekki farið til tannlæknis undanfarin fimm ár, að því er fram kemur í svari heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar alþingismanns um tíðni heimsókna barna til tannlæknis.

Upplýsingarnar eru byggðar á fjölda reikninga vegna tannlæknaferða barna sem skilað var inn til Tryggingastofnunar ríkisins á tímabilinu 1999-2005, en stofnunin endurgreiðir þeim hluta tannlæknakostnaðarins. Engar upplýsingar eru til staðar um fjölda þeirra barna sem ekki hefur verið sótt um endurgreiðslu fyrir. Þar geta komið til glataðir reikningar, eða að reikningar hafi aldrei verið gefnir út, til að mynda fyrir börn tannlækna.

Í svari ráðherra kom enn fremur fram að sjö prósent barna á aldrinum 6-8 ára höfðu ekki fengið endurgreiðslur vegna tannlæknaþjónustu frá TR. Rúm tvö prósent á aldrinum 15-17 ára höfðu ekki skilað inn reikningum en í öðrum aldurshópum var hlutfallið lægra.

- jss



**TIL TANNLÆKNIS** Svo virðist sem hópur barna á aldrinum 9-18 ára hafi ekki farið eins oft til tannlæknis og ætla skyldi.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




**GYURCSANY BOÐAR UMBÆTUR** Ungverski forsætisráðherrann ávarpar þingmenn í þinghúsinu í Búdapest í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Ungverska ríkisstjórnin boðar umbætur:

# Vilja taka upp evru árið 2010

**UNGVERJALAND, AP** Ferenc Gyurcsany, forsætisráðherra samsteypustjórnar miðju- og vinstrimanna í Ungverjalandi sem bar sigur úr býtum í þingkosningunum sem lauk á sunnudag, hét því í gær að stjórnin myndi nýta hið ótvíræða umboð kjósenda til að hrinda í framkvæmd víðtækum umbótaáformum og búa efnahagslífið undir að taka upp evruna árið 2010.

Gyurcsany sagðist gera ráð fyrir að nýja ríkisstjórnin tæki við embætti um miðjan júní og fyrstu 100 dagar hennar í embætti yrðu „tímabil mjög víðtækra umbóta“.

Ungverski Sósíalistaflokkurinn og bandamenn hans í Bandalagi frjálsra demókrata fengu samtals 210 þingsæti af 386. Þar með varð ríkisstjórn Gyurcsanys sú fyrsta sem nær endurkjöri eftir að valdatíma kommúnista lauk í landinu fyrir hálfum öðrum áratug.

Stjórnmálaskýrendur telja að erlendir fjárfestar og skuldbindingarnar sem fylgja aðildinni að Evrópusambandinu muni ekki veita ríkisstjórninni mikið svigrúm til róttækra umbóta. Mikill halli hefur verið á rekstri ungverska ríkissjóðsins síðustu árin.

- aa





vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS



IMPREZA SUBARU




STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **2.040.000,-** Sjálfskiptur Sedan **2.180.000,-** Beinskiptur Wagon **2.080.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.210.000,-**

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

TILBOÐ:

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Impreza

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-

# Lestu hana!




**1. sæti**
Frá því hún kom út!

**5 vikur á toppnum**

**3. prentun á þrotum**
**4. prentun væntanleg**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**„Þetta er bók með brýnt erindi og hana verða allir að lesa sem á annað borð vilja fylgjast með.“ ★★★★**
***Páll Baldvin Baldvinsson, DV***

**„Bókin er einn samfelldur löðrungur á lesandann ...hollasta lesning sem ég hef lesið til margra ára...Frábær bók!“**
***Runólfur Ágústsson, Bifröst***

**„Þessi bók endurspeglar svo margt af því sem fólk er að tala um sín á milli ... [Andri] er sá sem lætur loksins vaða og skrifar þessa líka bráðgóðu bók.“**
***Sigurborg Rögnvaldsdóttir, bokmenntir.is***

**„Fáið ykkur Draumalandið, takið hana að láni á bókasafninu, kaupið hana í bókabúðinni ... Þessa bók VERÐA ALLIR ÍSLENDINGAR AÐ LESA.“**
***Silja Aðalsteinsdóttir, TMM.is***


Andri Snær Magnason

**Nýttu þér ávísunina!**





Penninn
Eymundsson
– svör við öllu
BÓKABÚÐIR
Pöntunarsími: 511 1130







Orðsending bin Ladens:

# Upptakan er talin ósvikin



**OSAMA BIN LADEN** Ódagsett mynd af al-Kaídaforingjanum Osama bin Laden. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**PAKISTAN, AP** Talsmenn Hvíta hússins í Bandaríkjunum segjast fullvissir um að hljóðupptakan sem sögð var vera frá Osama bin Laden og send var út á al-Jazeera sjónvarpsstöðinni á sunnudag sé ósvikin. Á upptökunni hvatti bin Laden fylgismenn sína til að búa sig undir langt stríð gegn Vesturlöndum.

Yfirvöld í Pakistan tilkynntu í gær að þau héldu áfram að leita að bin Laden og lýstu því jafnframt yfir að þau berðust einnig gegn hryðjuverkum almennt en einblíndu ekki bara á að finna al-Kaída-foringjann. Talið er að hann sé í felum í fjöllum við landamæri Pakistans og Afganistans. **- smk**



**ÓEIRÐIR Í KATMANDÚ** Nepalskir drengir leika sér við brennandi vegartálma þar sem mótmælendur og óeirðalögregla áttust við í Katmandú í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Ekkert lát á ólgunni í Nepal:

# Mótmæli þrátt fyrir útgöngubann

**NEPAL, AP** Nepalskir hermenn hrundu í gær árás skæruliða maóista í norðvesturhluta landsins. Í höfuðborginni reyndi óeirðalögregla að framfylgja útgöngubanni fimmta daginn í röð, en með þeim ráðstöfunum eru stjórnvöld að reyna að stemma sigu við fjöldamótmælum gegn Gyanendra konungi.

Fimm skæruliðar og einn stjórnarhermaður féllu í árás skæruliða á herbúðir og stjórnarbyggingar í bænum Chautara í Norðvestur-Nepal í dögun í gærmorgun, að því er talsmaður varnarmálaráðuneytisins greindi frá.

Uppreisnarmenn maóista hafa náð stórum hluta dreifbýlisins í Nepal á sitt vald á þeim tíu árum sem þeir hafa háð baráttu sína gegn konungsstjórninni. Um 13.000 manns hafa látið lífið í átökunum á þessu tímabili.

Fjöldamótmæli hafa skekið höfuðborgina síðustu vikurnar og hafa hundruð manna særst í átökum við óeirðalögreglu. Mótmælendur krefjast þess að Gyanendra konungur láti af hendi alræðisvald það sem hann tók sér snemma árs í fyrra. Allir stjórnmálaflokkarnir og uppreisnarmenn maóista styðja kröfurnar. **- aa**



**VOGASKÓLI** Vegna fjölda fyrirspurna var reiknað út hvar miðja höfuðborgarinnar er. Hún er við Vogaskóla og Menntaskólann við Sund.

Búið að reikna út hvar miðja Reykjavíkur er:

# Vogaskóli nafli borgarinnar

**BORGARMÁL** Vogaskóli og Menntaskólinn við Sund eru miðja höfuðborgarinnar samkvæmt nýlegum útreikningum þar að lútandi.

Eigi er langt síðan reiknimeistarar komust að því að þungamiðja búsetu í Reykjavík væri í Fossvogi og nú er staðfest að miðpunktur borgarinnar er skólarnir tveir í Vogahverfinu en fjölmargir hafa lagt fram fyrirspurnir um þetta á undanförnum misserum. **- aöe**

Tíðar kvartanir íbúa ESB:

## Stjórnsýslan þung í vöfum

**BRUSSEL** Alls bárust tæplega fjögur þúsund kvartanir til Umboðsmanns þegna Evrópusambandsins á liðnu ári vegna erfiðleika í samskiptum við stjórnsýsluna í Brussel og hafa þær aldrei verið fleiri.

Geta allir íbúar aðildarlandanna lagt fram kvörtun en umboðsmaðurinn tekur aðeins á hluta þeirra sem berast; 627 kvörtunum árið 2005. Bárust þær flestar frá Spáni og Þýskalandi og meginþorri þeirra var vegna ógegnsæis í stjórnsýslu sambandsins, sem mörgum þykir enn fremur þung í vöfum og er ruglingsleg fyrir meginþorra borgara. - aöe

Heilbrigðisráðuneytið birtir tölur um sjúkraflug á Íslandi árin 2001 til 2004:

# Sjúkraflug eflist ár frá ári

**HEILBRIGÐISMÁL** Flogin voru 148 sjúkraflug með flugvélum á árinu 2001 en 381 árið 2004. Sjúkraflug með þyrlu voru 85 árið 2001 en 80 árið 2004. Þetta er meðal þess sem fram kemur í svari Sivjar Friðleifsdóttur, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, Sjálfstæðisflokki, um sjúkraflutninga innanlands með flugvélum annars vegar og þyrlum hins vegar.

Sjúkraflugin voru í langflestum tilfellum utan af landi til sjúkrastofnana í Reykjavík; 169 af 278 árið 2002, 251 af 365 árið 2003 og 267 af 381 árið 2004. Viðbragðstími á sjúkraflugi til Reykjavíkur, frá því kallað er eftir vél og þangað til hún fer í loftið með sjúkling, er áþekkur árin 2002 til 2004; tæp ein og hálf klukkustund. Stysti tími var 18 til 24 mínútur en lengstur var viðbragðstíminn fjórar klukkustundir og fjórtán mínútur. Haft skal í huga að sjúkraflugvél þarf oft að koma um lengri veg til að sækja sjúkling og eins geta verið tafir á flugvelli.



**KOMIÐ TIL BJARGAR** Sjúkraflug á Íslandi eflist ár frá ári eins og kemur fram í tölum frá heilbrigðisráðuneytinu.

Sambærilegur viðbragðstími þyrlu Landhelgisgæslunnar er talinn vera 30 til 45 mínútur þegar slysstaður er nálægt Reykjavík en getur verið yfir fjórar klukkustundir þegar aðstæður eru erfiðar eða þegar millilenda þarf vegna eldsneytistöku. - shá



**BARIST VIÐ ELD Í KÍNA** Slökkviliðsmenn í kínversku iðnaðarborginni Harbin berjast við eldsvoða í verksmiðju sem braust út er sprenging varð í olíugeymi á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á FARALDSFÆTI** Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og eiginkona hans, Dorrit Moussaieff.

Forsetahjónin á faraldsfæti:

## Heimsækja íbúa á Höfn

**HEIMSÓKN** Opinber heimsókn forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, og eiginkonu hans, Dorrit Moussaieff, í Austur-Skaftafellssýslu hefst í dag, 25. apríl.

Forsetahjónin lenda á Hornafjarðarflugvelli klukkan níu og heimsækja skóla, fyrirtæki og stofnanir á Höfn en deginum lýkur með fjölskylduhátíð til heiðurs forsetahjónunum í íþróttahúsinu.

Á morgun aka forsetahjónin í Lón um Almannaskarðsgöngin og síðan að Seljavöllum í Nesjum. Endapunkturinn í vestri er þjóðgarðurinn í Skaftafelli. - shá



**JÓN KRISTJÁNSSON** Félagsmálaráðherra var gagnrýndur fyrir seinagang.

Ferðafrelsi til atvinnuleitar:

## Alþingi hraðar meðferð máls

**ATVINNA** Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra mælti fyrir helgi fyrir frumvarpi um frjálsa för launafólks frá tíu löndum í austanverðri Evrópu sem fengu aðild að Evrópusambandinu fyrir tveimur árum. Nýjar reglur verða að taka gildi 1. maí næstkomandi en þá rennur út eldri samningur um aðlögun.

Með nýjum lögum verður borgurum þessara tíu landa heimilt að leita sér að vinnu hér á landi og ráða sig til starfa án sérstakra dvalar- eða atvinnuleyfa.

Stjórnarandstæðingar gagnrýndu hversu seint frumvarpið kæmi fram og borin von væri að það fengi fullnægjandi meðferð á þingi. - jh

## LEIÐRÉTTING

Í viðtali við Höskuld Kristvinsson þríþrautarmann nýlega kom fram að hann væri líklega fyrstur Íslendinga til að ljúka keppni í Ironman en það er ekki rétt. Einar Jóhannsson þríþrautarmaður lauk keppni í Ironman í kringum 1990.




## „ORÐRÉTT“

*Fnykur á Klaustri*

**„Maður finnur enga lykt en á Klaustri er víst ógurleg stækja.“**

ODDSTEINN KRISTJÁNSSON BÓNDI Í HVAMMI Í SKAFTÁRTUNGU UM AFLEIÐINGAR SKAFTÁRHLAUPS. FRÉTTABLAÐIÐ.

*Skopleg hægrimennska*

**„Davíð barði niður frjálshyggjuliðið. Gerði það handgengið sér þannig að hægrimennskan breyttist í skoplegan átrúnað á Davíð sjálfan.“**

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON UM SJÁLFSTÆÐISFLOKKINN Í TÍÐ DAVÍÐS ODDSSONAR. MORGUNBLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HÓLMFRÍÐUR BJARNADÓTTIR ATVINNUREKANDI Á HVAMMSTANGA

## *Sú eina með rörbútavél og selabát*

„Það er ýmislegt að frétta enda verður maður að hafa sig allan við og bjarga sér þegar atvinnuástandið er í svo mikilli lægð eins og nú er hér á Hvammstanga,“ segir Hólmfríður Bjarnadóttir, atvinnurekandi, ferðafrömuður og verkalýðskona. Nýverið var öllu starfsfólki rækjuverksmiðjunar Meleyrar sagt upp en einnig hefur prjónastofa bæjarins verið lögð niður og svo kom til uppsagna hjá Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga fyrir skömmu.

„Við erum með eina selaskoðunarbát landsins, Ákann, en við byrjuðum á því í fyrra að fara með ferðamenn í skoðunarferðir. Yfirleitt var nóg um sel svo engum varð um sel en svo kom fyrir að hann væri upptekinn og léti ekki sjá sig. Í sumar þegar Selasetrið tekur til starfa verða selskoðunin og setrið rekin saman svo við erum í fullum undirbúningi.“

Fyrir utan það að vera með eina selaskoðunarbátinn er hún eini rörbútaframleiðandinn hér á landi. „Það voru tvær slíkar verksmiðjur hér á landi en þegar þær hættu rekstri keyptum við vélar og tæki af þeim báðum. Nú erum við, ég og maðurinn minn, með þetta úti í bílskúr og seljum svo afurðina í byggingavöruverslanir og þetta gengur bara ágætlega.“

Hvað verkalýðsmál áhrærir segir Hólmfríður, sem einnig starfar í Stéttarfélaginu Samstöðu, að menn bindi nú vonir við það að Fæðingarorlofssjóði verði fundinn staður við Húnaflóann og að Hvammstangi fái nokkur stöðugildi þar með. „Einnig fylgjumst við spennt með viðræðum ófaglærðra á hjúkrunarstofnunum en það eru tvær heilbrigðisstofnanir í Húnavatnssýslum,“ segir hún en setur svo vélina einstöku í gang og fer að snitta rörbúta.





**DANSAÐ Í HONG KONG** Þeir voru ekkert sérstaklega frýnilegir þessir dansarar sem fögnuðu afmæli gyðjunnar Tin Hau. Hún verndar sjómenn samkvæmt taóískri trú og því eins gott fyrir sjósæknar þjóðir að halda við hana góðum tengslum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Með taktinn og tónlistina í öllum skrokknum

**Þau eru misjöfn meðulin sem menn beita til að hjálpa fólki sem ekki gengur heilt til skógar. Tónlistarþerapistinn Carles Perez Collado notar tóna og ryþma og hefur meðal annars gert málhömluðum kleift að tjá sig. Hann fæddist í Brasilíu en faðir hans nuddaði sjálfan Pelé um nokkurra ára skeið.**

Carles býr í Gironella sem er fimm þúsund manna þorp við fjallsrætur Pýreneafjallanna í Katalóníu. „Ég vil ekki vera í stórborgarstressinu þó ég þurfi að kenna bæði í Háskóla Ramón Llull í Barcelona og svo á stofnun í Bilbao sem er tileinkuð kennslu og rannsóknum í tónlistarþerapíu. Einnig er ég með skjólstæðinga frá stofnunum sem hýsa fólk sem er andlega og líkamlega fatlað svo það er mikið flandur á mér.“

### Hvað er tónlistarþerapía?

„Hvað er það fyrsta sem læknirinn gerir þegar þú leitar til hans?“ spyr Carles á móti þegar hann er inntur eftir því hvernig tónlistarþerapía virki. „Hann athugar öndunina sem er ryþmi, svo púlsinn sem er ryþmi líka. Eins vinnum við tónlistarþerapistar með ryþma líkamans en hver manneskja hefur sinn ryþma og ekki nóg með það heldur víbra líffærin og þess vegna gefa þau frá sér tón. Það hefði sennilegast enginn gaman af því að hlusta á sinfóníuhljómsveit þar sem fiðlurnar væru falskar og blástursleikararnir úr takti. Eins er líkamsstarfsemin ekki heillavænleg þegar allt er á skjön. Í einföldu máli sagt verður því tónlistarþerapistinn að finna ryþma skjólstæðings síns og nótu þess líffæris sem koma þarf lag á og reyna svo að stilla líkamann líkt og hljóðfæri og fá hann til að vinna í takti. Þetta hefur reynst vel með Alzheimer-sjúklinga, einhverfa og aðra sem eiga við andlega sem og líkamlega fötlun að etja.“

### Faðir hans var nuddari og steppari

Carles er fæddur í Brasilíu en forlendrar hans flúðu harðstjórn Francos og leituðu gæfunnar þar. Karli föður hans virðist hafa tekist þokkalega til því um fimm ára skeið var hann nuddari Pelé hjá Santos-liðinu á sjötta áratugnum. En hann var einnig steppdansari en þar var atvinnuöryggið stopulla. Þegar Carles var fimm ára fluttu þau svo til Barcelona og strax þá byrjaði hann að vinna við tónlist. „Föðurbróðir minn hafði mikinn áhuga á mexíkóskum söngvum og fékk hann mig þá, smápollann, til að vera með í slíku tríói ásamt einum í viðbót. Seinna lærði ég svo á gítar en hóf svo nám í slagverks- og píanóleik.“

Hann hefur einnig samið fjölmörg tónverk og haldið tónleika víða um Spán.

### Lækningamáttur tónlistarinnar

Ekki var þó útrás Carles lokið því hann fór til Finnlands 18 ára gamall þar sem hann spilaði fyrir hótelgesti. „Það var þar sem ég fékk áhuga á tónlistarþerapíu enda sá ég bæði á hótelgestum og starfsfólki hvaða áhrif tónlist getur haft á fólk og langaði mig að rannsaka þessi áhrif nánar,“ segir hann. Eftir að hann lauk námi í tónlistarþerapíu í Bordeaux í Frakklandi lék hann um nokkurra ára skeið fyrir fanga víðs vegar um Spán.



**CARLES PEREZ COLLADO** Tónlistarþerapistinn er þarna í góðum gír í þorpi sínu Gironella í Katalóníu. Það getur þó verið nokkuð langt í vinnu fyrir hann enda kennir hann bæði í Barcelona og Bilbao. Sjálfur leikur hann á píanó og slagverk og hefur haldið tónleika víða um Spán. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**PELÉ OG GERMAN „BOTAFAGO“ COLLADO** Faðir Carles, German, nuddaði Pelé sjálfan um nokkurra ára skeið þegar sá síðarnefndi lék með Santos.

Árangurinn af tónlistarþerapíunni leynir sér ekki að sögn Carles og hefur honum til dæmis tekist að gera einhverfum manni kleift að tjá sig sem var fyrirmunað að gera það áður. „Hann tjáir sig nú með hljóðum sem við skiljum og um leið og hann fór að geta það byrjaði hann að vera mun virkari í því sem er að gerast í kringum hann.“

### Tónlistarþerapía á Íslandi

Valgerður Jónsdóttir hefur unnið við tónlistarþeraíu í tuttugu ár hér á landi. Hún segir sjö kollega vera virka í Félagi músikþerapista á Íslandi sem stofnað var árið 1997. Þessari meðferð er beitt meðal annars á Unglinga- og barnageðdeild, Safamýraskóla, og einnig hefur hún verið notuð á Landakoti og fleiri stofnunum fyrir líkamlega og andlega fatlaða. Valgerður sinnir einnig skjólstæðingum sínum á Tónstofu Valgerðar.

Til er bæði virk meðferð þar sem skjólstæðingurinn tekur sjálfur þátt með tónlistariðkun og sköpun og eins óvirk þar sem þeir þættir eru alfarið í höndum þerapistans.

jse@frettabladid.is


**Réttu tækin í þrifin**

Nilfisk-ALTO háþrýstidælur á tilboðsverði

Vortilboð RV
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur





**6.888 kr.**
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.

**48.888 kr.**
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.

**Bjarnþór Þorláksson**
bílstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006 eða meðan birgðir endast.

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

# Vatnsvirkinn er í sumarskapi!

**Hreinlætistæki með miklum afslætti í verslunum Vatnsvirkjans.
Komdu og gerðu góð kaup - tilboðin gilda meðan birgðir endast!**

























**Innbyggð hitastýrð blöndunartæki í hæsta gæðaflokki!**




## Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi í sölu á hreinlætistækjum í ríflega 50 ár!

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

## > Svona erum við

Fjöldi og hlutfall erlendra ríkisborgara á Íslandi frá árinu 1990 til 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** BRENNISTEINN Á ÍSLANDI Í KJÖLFAR SKAFTÁRHLAUPS

# *Áhrif á augu, lungu og taugavef manna*

Brennisteinsfnykur fannst víða um land eftir að hlaup hófst í Skaftá um helgina. Brennisteinsvetni í jökulvatninu, sem er eitruð lofttegund, ógnaði ekki fólki á svæðinu. Svo rammt kvað þó að fnyknum að fólk á Blönduósi og Akureyri lokaði gluggum.

**Hvað er brennisteinn?**
Brennisteinn er frumefni sem hefur verið þekkt frá forsögulegum tíma. Það er algengt frumefni og til í miklu magni í jarðlögum, ýmist sem tiltölulega hreint frumefni eða sem til dæmis gifs. Kolalög, olía og gasuppsprettur innihalda einnig brennistein. Til eru mörg efnasambönd brennisteins og mörg til iðnaðarnota. Eiginleikar efnanna eru margvíslegir og geta efnin verið eitruð og tærandi, til dæmis brennisteinssýra. Notkun brennisteinsefnasambanda í iðnaði getur verið mjög mengandi.



**Til hvers er brennisteinn notaður?**
Samkvæmt Biblíunni var brennisteinn notaður til að eyða hinum syndum spilltu Sódómu og Gómorru. Eftirspurn eftir brennisteini jókst þegar byssupúðrið fór að vinna land. Kínverjar uppgötvuðu byssupúðrið en framleiðsla þess jókst verulega eftir að uppskriftin var birt um miðja 13. öld. Brennisteinn hefur verið notaður í margs konar iðnaði.

**Hvaða áhrif hefur brennisteinn?**
Áhrif brennisteins á gróður geta orðið veruleg en það fer þó eftir magni og styrk. Þannig hefur súrt regn orðið til þess að skógar hafa eyðst í öðrum ríkjum Evrópu og alvarleg áhrif orðið á lífríki vatna. Í minna magni getur brennisteinn orðið til þess að blaðgræna eyðileggst, ljóstillífun í jurtum minnkar og breytingar verða á efnaskiptum plantna og vatnsjafnvægi þeirra. Brennisteinsvetni í jarðgufu er mjög eitruð lofttegund og getur haft áhrif á augu, lungu og taugavef í mönnum við erfiðar aðstæður.

## SPURT & SVARAÐ

**BÖRN OG AUGLÝSINGAR**

### *Verður að setja mörk*



**GÍSLI TRYGGVASON**
Talsmaður neytenda.

Talsmaður neytenda og umboðsmaður barna hafa tekið höndum saman um að setja frekari hömlur á markaðssókn sem beinist að börnum og unglingum. Gísli Tryggvason er talsmaður neytenda og segir fjölmargar ábendingar hafa borist vegna þessa.

**Hvað er neikvætt við auglýsingar sem beint er að börnum?**
Það sem er neikvætt við slíka markaðssókn er að mínu mati meðal annars að foreldrar og aðrir forráða- og umsjónarmenn barna vilja væntanlega flestir halda einhverri stjórn á því hvort, hvenær, hvernig, hvar og við hvaða aðstæður viðskiptalífið getur haft áhrif á börn.

**Eru auglýsingar sem beint er að börnum alltaf neikvæðar?**
Nei, það fer eftir aðstæðum. Því yngri sem börnin eru og því óæskilegri eða umdeilanlegri sem varan, þjónustan eða skilaboðin eru, því neikvæðari telst markaðssóknin. Og því ógreinilegri sem landamærin eru á milli upplýsinga, fræðslu og skemmtunar annars vegar og markaðssetningu hins vegar, þeim mun óæskilegra má telja slíkt.



**UMFERÐARSLYS** Of hraður akstur ökumanna miðað við aðstæður er algengasta orsök umferðarslysa. Hugarfarsbreytingar er þörf hjá mörgum íslenskum ökumönnum, segja sérfræðingar í umferðarmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fimm banaslys hafa orðið á árinu

**Hraðakstur er vaxandi vandamál í íslensku samfélagi. Nauðsynlegt er að hugarfarsbreyting verði meðal ökumanna svo umferðarmál geti komist í rétt horf, segir aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík.**

Fregnir af hörmulegum afleiðingum hraðaksturs hafa verið fyrirferðarmiklar í fjölmiðlum á undanförnum árum. Fólk á öllum aldri hefur farist í umferðarslysum sem með einum eða öðrum hætti má rekja til hraðaksturs.

Þrátt fyrir vilja fólks til þess að draga úr umferðarhraða, bæði innan og utan bæjarmarka, gengur erfiðlega að fá ökumenn til þess að breyta aksturslagi sínu til betri vegar.

**Alvarlegur vandi hjá ungu fólki**
Það sem af er ári hafa þrjú dauðaslys orðið innan bæjarmarka á Íslandi: tvö á höfuðborgarsvæðinu og eitt á Akureyri.

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglunnar í Reykjavík, segir hraðakstur innan bæjarmarka vera vaxandi vandamál, þrátt fyrir hörmulegar afleiðingar af hans völdum það sem af er ári. „Við stöðvum að meðaltali á milli tuttugu og þrjátíu ökumenn á hverjum degi vegna hraðaksturs. Við teljum hraðakstur vera mikið vandamál sem við reynum að taka á eftir fremsta megni. Stór hluti þeirra sem stöðvaðir eru keyra langt yfir leyfilegum hámarkshraða. Því miður hefur það farið vaxandi að ungt fólk, sem nýlega er komið með ökuleyfi, keyri með vítaverðum hætti langt yfir hundrað kílómetra hraða innan bæjarmarka. Við köllum því eftir hugarfarsbreytingu hjá ökumönnum.“

**SLYS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**2005**
- Þrjú banaslys – 80 ára kona, 42 ára karlmaður og 19 ára kona.
- 48 alvarleg slys
- 311 slys með minniháttar meiðslum
- Þrjú alvarleg slys má rekja beint til hraðaksturs ökumanns og níu minni háttar slysa.

**janúar og febrúar 2006**
- Þrjú banaslys – 59 ára gömul kona, 15 ára stúlka og 18 ára kona.
- Sex alvarleg slys
- 73 slys með minni háttar meiðslum
- Eitt banaslys má rekja beint til hraðaksturs það sem af er ári.

**FJÖLDI SLYSA ÁRIÐ 2005 EFTIR ALDRI OG KYNI**

| Aldursbil | Karl | Kona |
|---|---|---|
| 60-84 | 25 | 20 |
| 40-59 | 53 | 28 |
| 20-39 | 95 | 55 |
| 9-19 | 58 | 26 |
| 17 ára | 26 | 16 |

**Umferð of hröð á Íslandi**
Almennur umferðarhraði, hvort sem það er í íbúðarhverfum, á stofnbrautum eða úti á þjóðvegum, er að mati lögreglu og ýmissa sérfræðinga í umferðarmálum allt of mikill á Íslandi. Sérstaklega er það umferðarhraðinn á helstu götum innan bæjarmarka, þar sem umferðin er þétt og stöðug alla daga, sem veldur lögreglu áhyggjum. Lögreglan í Reykjavík hefur stöðvað 1.457 ökumenn frá 1. mars fyrir of hraðan akstur en mesti umferðartími ársins er yfir sumarmánuðina. Þá hefur á undanförnum mánuðum borið á því að ökumenn sportbíla hafi hist gagngert til þess að „spyrna“ á götum borgarinnar. „Það er ástæða til þess að hafa áhyggjur af of miklum umferðarhraða innan bæjarmarka. Við höfum ítrekað þurft að hafa afskipti af ökumönnum sem koma saman á kvöldin og að næturlagi og nota götur borgarinnar til kappaksturs. Þetta hefur nú þegar haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Ökumenn sem líta á götur í þéttbýli sem vettvang fyrir glæfraakstur eru hættulegir í umferðinni. Það gefur auga leið,“ segir Guðbrandur.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

Faðir sem missti son sinn í umferðarslysi sendir ungmennum skýr skilaboð:

## Hraðakstur er lífshættulegur

„Ég finn afskaplega mikið til þegar ég heyri af banaslysi í umferðinni,“ segir Guðmundur Hjörtur Falk en hann missti son sinn, Þórarin Samúel Falk Guðmundsson, í bílslysi í Öxnadal á síðasta ári. Mikill hraðakstur var helsta orsök slyssins. „Það er ekki hægt að lýsa því með orðum hversu sársaukafullt það er að missa barn sitt í umferðarslysi. Ég óska engum að lenda í þeirri aðstöðu.“

Guðmundur vill að ungu fólki sé gert það ljóst áður en það fær bílpróf að bifreiðar séu ekki leiktæki. „Ef það er hægt með einhverju móti að kynna fyrir unglingum hvað það þýðir að missa stjórn á bifreið á mikilli ferð, þá væri það best. Ungir ökumenn bera of litla virðingu fyrir þeim krafti sem þeir ráða yfir þegar þeir eru undir stýri. Þessu þarf að breyta.“ Guðmundur telur enn skorta á það að nógu fast sé tekið á hraðakstri. „Það er álitamál hvort eðlilegt sé að ungmenni fái að keyra kraftmikla bíla skömmu eftir þeir fá bílpróf. Mér finnst hámarkshraði vera of mikill. Áhrifaríkasta leiðin yrði að takmarka bíla við þann hámarkshraða sem leyfður er hverju sinni. Þessi leið hefur verið reynd erlendis og reynslan af henni er góð. Hún fækkar slysum.“

Guðmundur brýnir fyrir foreldrum að vera á varðbergi. „Ég er búinn að jarða barnið mitt. Við ungmennin vil ég segja, látið ekki jarða ykkur.





# Yfirstígum óttann

... stefnan tekin á forvarnir, fræðslu og heilbrigði!

Ráðstefna á vegum **Blátt áfram** um kynferðisofbeldi gegn börnum verður haldin 4. maí í Kennaraháskólanum.

**Markmið ráðstefnunnar er að skoða allar þær leiðir sem samfélagið getur farið í að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.** Fordómar gagnvart fólki sem lifir af ofbeldi eru einn stærsti hluti vandans og hluti af forvörnum er að takast á við fordóma með fræðslu. Fólk sem tekst á við afleiðingar ofbeldis er sterkt og hugrakkt fólk sem sýnir að hægt sé að horfast í augu við og yfirstíga óttann.

**Kynferðisafbrotamenn og -konur þurfa hjálp, hvert geta þau leitað?** Við þurfum að taka ábyrgð á veiku fólki (gerendum) og koma með skýr skilaboð um hvernig við ætlum að stöðva þennan vítahring sem kynferðislegt ofbeldi er.

Ráðstefnan er ætluð öllum sem vilja fræðast um málaflokkinn og leggja sitt af mörkum við að breyta íslensku samfélagi.

Ráðstefnugjald 9.000 kr. /5.000 kr. fyrir nema.
Innifalið í ráðstefnugjaldi er kaffi og léttur hádegisverður.

Fundarstjóri Guðrún Ebba ólafsdóttir

**Ráðstefnan fer fram á ensku og íslensku.**

**Skráning á ráðstefnuna: www.blattafram.is**

Samstarfsaðili: Barnaverndarstofa

## Dagskrá

**4.maí** í Kennaraháskólanum.

**Kl: 9:05** *Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.*

**Kl: 9:15 – 10:00** *Robert E. Longo, MRC, LPC.* Að fyrirbyggja kynferðislega misnotkun á börnum

**Kl: 10:00 – 10:15** Kaffihlé

**Kl: 10:15 – 12:00** *Robert E. Longo, MRC, LPC.* Börn sem hafa verið misnotuð kynferðislega. Áhrif og bataferli.

**Kl: 12:00 – 13:00** Hádegishlé

**Kl: 13:00 – 14:00** *Robert E. Longo, MRC, LPC.* Ungmenni sem gera sig sek um kynferðislega misnotkun. Tíðni, tafarlaus íhlutun og meðferð.

**Kl: 14:00 – 15:00** *Robert E. Longo, MRC, LPC.* Fullorðnir sem gera sig seka um kynferðislega misnotkun. Íhlutun og meðferð.

**Kl 15:00 – 15:15** Kaffihlé

**Kl 15:15 – 15:45** *Þorbjörg Sveinsdóttir verkefnastjóri á geðsviði Landspítala Háskólasjúkrahúss.* Hvenær verður kynferðisleg hegðun barna áhyggjuefni og viðbrögð við frásögnum barna og ungmenna um kynferðislega misnotkun.

**Kl 15:45 – 16:05** *Kristín Berta Guðnadóttir félagsráðgjafanemi á fjórða ári í HÍ.* Áhrif fjölmiðlaumfjöllunar um kynferðislega misnotkun á málafjölda í Barnahúsi.

**Kl 16:05 – 16:35** *Jón Friðrik Sigurðsson forstöðusálfræðingur á geðsviði Landspítala Háskólasjúkrahúss.* Ungmenni sem misnota aðra kynferðislega, staðan á Íslandi og úrræði.

**Kl: 16:35 – 16:50** Opnar umræður og spurningar frá gestum til fyrirlesara.

**Kl: 16:50 – 17:00** Ráðstefnulok.

*Nánari upplýsingar um Robert E. Longo er að finna á www.blattafram.is*

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Nýtt lagafrumvarp um fjölmiðla:

## Ný stjórnarskrár-spurning

Ríkisstjórnin hefur gert úr garði frumvarp til laga um fjölmiðla. Tilraun fyrri ríkisstjórnar til þess að koma fram slíkum lögum leiddi til einhverra hatrömmustu pólitísku deilna í þjóðfélaginu um langan tíma.

Nýja frumvarpið hefur allt annað yfirbragð og er bæði hófsamara og málefnalegra en það fyrra. Það er ávöxtur nefndarstarfs fulltrúa allra þingflokka. En af sjálfu leiðir að í því má glöggt sjá ummerki málamiðlana. Líklegt er að það skýri að sum ákvæði eru ekki jafn ljós og glögg um efni og markmið eins og æskilegt er að góður lagatexti sé. Ýmislegt í frumvarpinu þarfnast því nánari skoðunar og umhugsunar.

Kjarnaatriði frumvarpsins snýr hins vegar að takmörkun á eignarhaldi fjölmiðla. Takmarkanir af þessu tagi geta eðli máls samkvæmt verið umdeilanlegar. Fjölmiðlar sem náð hafa tiltekinni stærð gegna ríku almannaþjónustuhlutverki. Rökin fyrir takmörkun á eignarhaldi sýnast vera þau helst að dreifa fjármálaábyrgðinni að baki þeim skyldum sem þessari almannaþjónustu fylgja.

Ráð er fyrir því gert að takmarka við fjórðungshlut eign einstaks aðila í fjölmiðlum sem náð hafa ákveðinni stærð á markaði. Það þarf í sjálfu sér ekki að vera óeðlilegt með skírskotun til almannaþjónustunnar.

Flest bendir til að slík regla samrýmist bæði atvinnufrelsis- og tjáningarfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Líklegt er að reglur af þessu tagi geti leitt til þess að sæmilegri pólitískur friður megi ríkja um almenn starfsskilyrði fjölmiðla en verið hefur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Ríkisútvarpið í núverandi mynd verði undanþegið meginreglunni um takmörkun eignarhalds. Að auki eru nokkrar aðrar sérreglur um Ríkisútvarpið.

Ljóst er að þessi ákvæði verða gildislaus þegar samþykkt hafa verið lög um nýtt hlutafélag sem annast á útvarpsrekstur fyrir ríkisvaldið. Spurning er hvort unnt er að láta sams konar undanþáguákvæði koma í staðinn er taki til Ríkisútvarpsins hf.

Ríkisútvarpið hf. verður slitið úr öllum tengslum við almennar réttarreglur um opinberan rekstur. Yfirlýst markmið með stofnun hlutafélagsins er að gera það samkeppnisfært á almennum fjölmiðlamarkaði. Fyrir þá sök verður trauðla séð að önnur rök geti gilt um handhafa hlutabréfs í því félagi en handhafa hlutabréfa í öðrum sambærilegum félögum.

Þegar Ríkisútvarpið hf. hefur verið aftengt almennum stjórnsýslureglum standa rök til þess að sömu takmarkanir gildi um stærð eignarhluta í því og öðrum sem sinna almannaþjónustu með áþekkum hætti. Verulegt álitamál hlýtur að minnsta kosti að vera hvort önnur skipan stæðist jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar.

Ekki er því óhugsandi að ríkisvaldinu gæti einfaldlega orðið skylt með hliðsjón af jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar að selja þrjá fjórðunga af hlut sínum í nýja hlutafélaginu.

Mönnum getur sýnst sitthvað um ágæti þess en þetta álitaefni eitt og sér ætti þó ekki að trufla framgang fjölmiðlafrumvarpsins. Það verður aðeins eitt af fjölmörgum óljósum lögfræðilegum álitaefnum varðandi stofnun Ríkisútvarpsins hf. sem dómstólar en ekki Alþingi munu ráða til lykta á næstu misserum.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Evrópuvextir

Kristinn H. Gunnarsson, Framsóknarflokki, rekur enn einn naglann í líkkistu íslensku krónunnar þegar hann staðhæfir að húsnæðisvextir almennings hækki um eitt til tvö prósentustig þegar og ef bankarnir gleypa Íbúðalánasjóð. „Það er raunhæft að bjóða almenningi húsnæðislán með 2,15 prósenta vöxtum í núverandi verðtryggingu lánsfjár," segir Kristinn á vefsíðu sinni. Mismunurinn í vaxtabyrði af sextán milljóna króna láni nemi hvorki meira né minna en fimm ára meðaltekjum á fjörutíu ára lánstíma miðað við íslenska húsnæðisvexti. Hér liggur beint við að álykta að Kristinn telji að lítið vit sé í því lengur að halda krónunni. Einboðið sé að taka upp evru og leyfa lántakendum að njóta Evrópuvaxta án gengisáhættu.



### Handaflið

Farnar eru að renna tvær grímur á menn með bestu yfirsýn um gildi þess að hækka stýrivexti Seðlabankans, jafnvel upp í svimandi hæðir fimmtán prósenta. Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefur lengi haft áhrif á vexti út yfir lögmál frjálsa markaðarins. Sem forsætisráðherra skrifaði hann snemma árs 1996 Sverri Hermannssyni, þáverandi Landsbankastjóra, bréf eftir vaxtahækkun bankans og sagði: „...ef þið lagið ekki þvæluna, sem þið gerðuð í síðasta vaxtaóðagoti, er það endanlegt dæmi þess að þið vitið ekki hvað þið eruð að gera og þá mun ég sjá til þess fyrr en nokkurn grunar að menn komi að bankanum sem viti hvað þeir eru að gera." (Sverrir - Pálmi Jónasson 2003)



### Bleikt og blátt

„Tími til að lifa" er slagorð Sjálfstæðisflokksins á nýjum bleikum kosningabæklingi í höfuðborginni. Liturinn vekur athygli, en bleikur textinn fjallar um börn, foreldra, fæðingarorlof, leikskóla, gæsluvelli, frístundir, skólastaf, fagurt umhverfi og löggæslu í hverfum. Liturinn er tákn kvenkyns, femínisma, stúlkubarna og kvenleika. Þetta er dæmi um þaulhugsaða auglýsingu með skýran markhóp en konur í röðum kjósenda hafa til þessa hallað sér meira til vinstri en karlar. Nú er beðið eftir ljósbláum bæklingi frá Samfylkingunni sem höfðar til karla með hægrihneigð.

johannh@frettabladid.is

## Um snepla sem breytast í peninga

Í DAG
GLITNIR OG ÞJÓÐARGJÖFIN



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Ég er þeirrar skoðunar að menntamálaráðherrann eigi að beita sér fyrir áhuga á bóklestri með því að sjá til þess að menntastefnan í landinu sé í lagi en ekki með því að vera í auglýsingabrölti með ríkustu mönnum landsins.*

Þegar Glitnir byrjaði auglýsingaherferðina miklu fyrir nokkrum vikum þá velti ég því svolítið fyrir mér hvað vitlausu reikningsdæmin á strætóskýlunum ættu eiginlega að þýða. Hafði svo sem ekki miklar áhyggjur af því þar til barnabörnin blessuð, sem eru á frumstigum reikningslistarkúnstarinnar, fóru að spyrja mig út í þetta. Ömmur eiga nefnilega að kunna svör við hlutunum, og þó það sé vissulega stundum þannig að þær, eða að minnsta kosti þessi amma, nenni ekki alltaf að útskýra alla hluti þá er það allt annað en að kunna ekki skil á því af hverju einn plús fjórir séu allt í einu orðnir sjö eða eitthvað í þá áttina. Þá verður svarið óneitanlega „þetta er bara eitthvað bull".

Þegar þessum kafla lauk í auglýsingabrillíansinum tók við einhver lengsta og leiðinlegasta sjónvarpsauglýsing sem ég hef horft á, gæti þó kannski verið að kynningin að Kastljósinu skáki henni í þeim efnum. Auglýsingin var ekki bara leiðinleg, hún var líka ósmekkleg, og hefði ég verið í viðskiptum við gamla Íslandsbanka þá hugsa ég, svei mér þá, að ég hefði hætt þeim hennar vegna.

Ekki tók svo betra við. Allt í einu barst okkur virðulegum hjónum á sextugsaldri ávísun í póstinum undirrituð af bankastjóra Glitnis upp á eitt eða tvö þúsund krónur, ég var svo æst að ég lagði upphæðina ekki nákvæmlega á minnið áður en ég henti sneplinum. Ávísunin, eða öllu heldur blaðsnepillinn, átti að breytast í peninga ef við gæfum fermingarbarni fimm þúsund krónur, að ég held, og legðum peningana á reikning sem stofnaður væri í Glitnisbanka. Fram að þessu hef ég í einrúmi hneykslast á alls kyns auglýsingum tengdum fermingunum; „strákarnir" í fermingarkyrtlum hér og þar, Össur segjandi að skátatjaldið hafi ekki enst mjög lengi og annað í þeim dúr. Ávísunin frá Glitnisbanka finnst mér nú samt taka öðrum ósmekklegheitum fram.

Þegar blóðþrýstingurinn var rétt að komast í samt lag eftir fermingarávísunina, þá spyr dóttursonurinn: „Amma, eruð þið búin að fá þjóðargjöfina?" Mér datt auðvitað ekkert annað í hug en landgræðsluátakið mikla sem ákveðið var á Þingvöllum, sem núna er væntanlega orðið endur fyrir löngu. Já, já, við erum náttúrlega alltaf að njóta hennar, sagði tímaskekkjan hún ég. „Amma, hvaða bók keyptuð þið?" spurði barnið þá. Lyfjaframleiðendum sé lof og þökk fyrir Hýdramíl! Drengurinn var auðvitað að tala um ávísunina sem mun vera dreift inn á heimili landsins og er auglýst í samvinnu Glitnisbankans og ríkisstjórnarinnar, í persónugervingnum frú menntamálaráðherra. Nú fá heimilin í landinu pappaspjald sem breytist í þúsundkall ef keyptar eru íslenskar bækur fyrir meira en þrjú þúsund krónur. Heimildarmaður minn fyrir öllu þessu, dóttursonurinn, vonar allavega að við gömlu skörin fáum líka svona ávísun, hún er að vísu til að auka áhuga ungs fólks og barna á bóklestri, og þið eruð það nú hvorugt, segir hann, en samt... Ég held helst að drengurinn, sem er hinn mesti bókabéus, sé að vonast til að fá ávísun okkar gamlingjanna plús auðvitað þrjúþúsundkallinn í formi bókar.

Það er sannarlega mikill munur til batnaðar að búa í þjóðfélagi þar sem það má, sem ekki er bannað, en í hinu þar sem það má, sem er leyft. En á þann veg lýsti fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóri með meiru frjálsu og opnu hagkerfi í í Silfri Egils á sunnudaginn, og var um leið að lýsa muninum á þjóðfélaginu hér á landi nú um stundir og áður en við tengdumst Evrópusamvinnunni með samningum um evrópska efnahagssvæðið. Sá samningur olli vissulega straumhvörfum fyrir okkur öll og ekki hvað síst stjórnmálamennina. Nú geta þeir ekki lengur útdeilt leyfum til að gefa út símaskrána eða til að flytja út fisk og inn eitthvað annað, eða leyfum til ég veit ekki hvers. Stundum virðist konu að stjórnmálamenn, sumir hverjir að minnsta kosti, telji það áhugaverðast við starfann að vera „ofarlega í þjóðfélagsstiganum" og þess vegna boðinn á völlinn af ríka fólkinu, út að borða með þeim og kona veit ekki hvað. Ég er þeirrar skoðunar að menntamálaráðherrann eigi að beita sér fyrir áhuga á bóklestri með því að sjá til þess að menntastefnan í landinu sé í lagi en ekki með því að vera í auglýsingabrölti með ríkustu mönnum landsins.

TOYO Bestu dekkin í USA
8 ár í röð Tire Review Magazine
TOYO TIRES
Low profile fyrir lúxusjeppa og sportbíla.
Frábært veggrip.
Mikil mýkt.
Hágæða hönnun.
Veldu TOYO PROXES og skildu hina eftir.
Mikið úrval frábært verð.
NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri
Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000



MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## BORÐTENNIS FYRIR ALLA

Flestir þekkja Kristján Viðar Haraldsson sem söngvara Greifanna en færri vita að hann er aðalþjálfari borðtennisdeildar KR.

HEILSA 2



## EKKI LÁTA PLATA ÞIG

Borghildur Sverrisdóttir ræðir í dag um þær ranghugmyndir sem eru uppi varðandi hreyfingu og næringu.

HEILSA 4



## ALLT HITT

**[HEILSA]**

**Blátt** áfram, samtök gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, halda ráðstefnu hinn 4. maí í Kennaraháskólanum frá klukkan 9 til 17. Aðalfyrirlesari er Robert E. Longo, MRC, LPC, sérfræðingur frá Bandaríkjunum sem hefur unnið í málaflokknum síðastliðin 25 ár. Aðrir fyrirlesarar koma víða að úr samfélaginu. Nánari upplýsingar má finna á www.blattafram.is



**Reykingar** draga fimmta hvern Íslending til dauða ár hvert. Reykingar verða yfir 260 manns að aldurtila árlega. Einn af hverjum fimm Íslendingum sem deyja fyrir áttrætt deyr af völdum reykinga. Þriðjungur þeirra sem deyja fyrir fertugt deyr sökum reykinga. Fyrir tveimur áratugum reyktu um 36 prósent landsmanna. Fyrir tíu árum reyktu um 27 prósent þjóðarinnar en nú reykir um fimmtungur hennar.

**Áfengismeðferð** á afplánunartíma er yfirskriftin á morgunverðarfundi sem haldinn verður á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 27. apríl frá 8 til 10. Fundurinn er haldinn á vegum samráðsnefndar varðandi málefni fanga. Skráning á fundinn fer fram með því að senda tölvupóst í netfangið halldorp@tmd.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 25. apríl, 115. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.21 | 13.26 | 21.32 |
| Akureyri | 4.56 | 13.10 | 21.27 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Heimir Orri Magnússon hætti að æfa handbolta fyrir um ári. Þá hafði hann æft að meðaltali um fimm sinnum á viku. Hann ætlar að taka sig á og reyna að losna við bumbuna sem hefur myndast síðan þá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ætlar að komast aftur í sitt fyrra form

***Margir íþróttamenn lenda í því að bæta nokkrum kílóum á sig efir að hafa hætt að stunda íþrótt sína. Heimir Orri Magnússon er einn þeirra en hann ætlar hins vegar að koma sér í sitt fyrra form á nýjan leik.***

Heimir æfði handbolta til fjölda ára en segist hafa hætt að æfa almennilega fyrir um ári síðan. Hann hafði á þeim tíma verið að æfa um það bil fimm sinnum í viku og eins gefur að skilja breytist allt lífsmynstrið við slík umskipti. Á þessu ári segist Heimir einmitt hafa bætt á sig hátt í tíu kílóum auk þess sem vöðvamassi hafi slappast. Nú ætlar Heimir hins vegar að snúa vörn í sókn. „Ég ætla að hætta öllu nammiáti og skoða betur hvað ég er að borða og drekka. Eftir að ég hætti byrjaði maður að fjölga ferðum út í sjoppu enda var enginn þjálfari lengur til að skamma mann. Maður hugsar meira um sjálfan sig og ræktar sig sjálfur meðan maður er í fullri þjálfun.“

Þrátt fyrir þessa þyngdaraukningu er Heimir langt frá því sem venjulegt fólk myndi kalla feitur. En fyrir mann sem hefur æft reglulega nær allt sitt líf er slík þyngdaraukning nokkur viðbrigði. „Ég er alveg í kjörþyngd núna en maður er bara kominn með smá bjórbumbu,“ segir Heimir og hlær.

Þegar Heimir lítur um öxl viðurkennir hann að hafa farið vitlaust að. Hann ráðleggur einnig öðru íþróttafólki og í raun öllum þeim sem æfa mikið en hætta svo snögglega að passa að hætta ekki algjörlega að huga að heilsunni. „Lykilatriði er að hætta ekki að hreyfa sig og vara sig á snakki, kexi, nammi og þess háttar.“

Fljótlega ætlar Heimir að byrja aftur að sprikla og hreyfa sig. „Ég ætla að fara að skokka og lyfta og reyna svo að koma mér aftur inn í handboltann, sem bætir ekki einungis líkamlega heilsu heldur einnig andlega með bættum félagsanda.“ Markmið Heimis er þó ekki að grenna sig mikið heldur stefnir hann að því að halda svipaðri þyngd en að minnka fituprósentuna og auka vöðvamassa. „Þá kannski getur maður breytt þessari litlu vömb sem ég er kominn með í eitthvað betra og heilsusamlegra,“ segir Heimir að lokum með bros á vör.

*steinthor@frettabladid.is*



Tóbak er orsök margra dauðsfalla

# Eitt dauðsfall á dag af völdum reykinga

***Hátt á þriðja hundrað manns deyr af völdum reykinga á ári hverju hér á landi.***

Um fimmtungur landsmanna reykir, hátt á þriðja hundruð manns deyr af völdum reykinga á ári hverju og ætla má að fimmtungur þeirra sem deyja fyrir áttrætt látist af völdum reykinga. Þetta er meðal þess sem fram kom í svari Sivjar Friðleifsdóttur, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Í svari ráðherra kemur fram að á tímabilinu 1985 til 1994 er talið að rekja megi eitt dauðsfall á dag til reykinga. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra var spurð um svokallaðan reyksíma á Alþingi sem starfræktur hefur verið af Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Starfsemin felst í því að veita faglega aðstoð í síma þeim sem vilja hætta að reykja eða hætta að nota annað tóbak. Fólk hringir á símatíma og byggist ráðgjöfin á 5–30 mínútna viðtölum þar sem áhersla er lögð á hvatningu og stuðning á einstaklingsbundinn hátt.

APRÍL
Kafbátur mánaðarins
með krabbasalati
...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur kr. 299
12 tommu bátur kr. 598



SUBWAY
Gildir í apríl 2006
Gildir ekki í Stjörnumáli
Gildir ekki með öðrum tilboðum

**Vatnið okkar** íslenska er ein af mestu auðlindunum okkar.
Drekkum meira af því og minna af sykurdrullu.



Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

**Næstu námskeið hjá Maður lifandi**
**25. apríl Er heilsan í fyrirrúmi?**
kl 18-19:30. Örn Jónsson.
**26. apríl Heilbrigði og hamingja.**
kl 18:30-22. Benedikta Jónsdóttir.
**27. apríl Rope yoga 27. - 30. apríl.**
Guðni Gunnarsson
**02. maí Sætuefnið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?**
kl 18-19:30. Haraldur Magnússon.
**05. - 07. maí Lífsýn - Að lifa lífinu til fulls**
Guðni Gunnarsson.



**Glucosamin HCL 870 mg**
**Með turmeric og engifer**
Bólgueyðandi og gott fyrir liðamót og bein.
**Póstsendum um land allt**
Heilsu-hornið
**S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn**
**Útsölustaðir m.a:** Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is



Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



Vertu fallega sólbrún –innan frá
VÍSINDALEGA STAÐFEST
Imedeen Tan Optimizer hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tíma dreymt um.
Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina og draga úr roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.
Fyrir fallegri húð - 1 tafla á dag
www.imedeen.com
IMEDEEN



**Við veitum faglega ráðgjöf**
Í Jurtaapótekinu starfa tveir menntaðir grasalæknar, Kolbrún Björnsdóttir og Ásdís Ragna Einarsdóttir.
JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

# Borðtennis fyrir alla

***Kristján Viðar Haraldsson er flestum kunnur sem söngvari hljómsveitarinnar Greifanna. Færri vita að hann er aðalþjálfari borðtennisdeildar KR.***



Kristján Viðar Haraldsson segir borðtennis á mörkum þess að vera íþrótt og töfrabrögð.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kristján byrjaði að spila borðtennis þrettán ára gamall þegar pabbi hans og bróðir smíðuðu borðtennisborð í bílskúrinn. Hann fór svo á fyrsta þjálfaranámskeið sitt fimmtán ára gamall og hóf strax að þjálfa á Húsavík þar sem hann bjó. „Ég álpaðist út í þetta vegna þess að ég var sá eini sem hafði löngunina og nennti að þjálfa aðra,“ segir Kristján.

Sautján ára flutti Kristján suður til Reykjavíkur þar sem hann fór að æfa af kappi, auk þess að taka fleiri þjálfaranámskeið. „Ég hef verið í þessu í að verða 25 ár enda finnst mér þetta svo skemmtilegt,“ segir Kristján. „Ég hef tekið mér frí nokkrum sinnum vegna Greifanna og það má kannski segja að þegar þau ævintýri stóðu sem hæst hafi borðtennis haldið mér á jörðinni.“

Kristján á glæsilegan feril að baki. Hann hefur spilað með landsliðinu og þjálfað unglingalandsliðið auk þess sem hann hefur fært fyrst Víkingi og nú KR fjölmarga titla bæði sem spilari og ekki síður sem þjálfari. „Það er eins og ég segi, þetta er bara svo skemmtilegt,“ segir Kristján. „Borðtennis er íþrótt sem allir geta spilað allt frá sjö ára aldri, um leið og fínhreyfingarnar eru nægilega þroskaðar. Það er gríðarleg tækni sem spilarar þurfa að ráða yfir og hraðinn getur orðið mikill. Ég upplifi stundum borðtennis sem nokkuð á mörkum þess að vera íþrótt og töfrabrögð. Það geta gerst svo ótrúlegir hlutir, hlutir sem ekki ætti að vera hægt að framkvæma.“

Borðtennis hefur lengi haft það orð á sér að vera nær svitalaus íþrótt stunduð í félagsmiðstöðvum og bílskúrum sem tómstundagaman. Þetta er langt frá sannleikanum. Til dæmis er löglegur keppnisvöllur í borðtennis stærri en badmintonvöllur. Leikir verða afskaplega hraðir og snerpan sem til þarf er ótrúleg. Einn af kostum borðtennis er hins vegar sá að iðkandi ræður því hversu mikið hann leggur í íþróttina. Bæði er hægt að æfa öll kvöld og setja stefnuna á Íslandsmeistaratitil og einnig að hittast einu sinni til tvisvar í viku og spila rólega við félagana.

Ekki hafa allir getuna eða viljann í að æfa stíft. Borðtennisdeild KR gerir sér grein fyrir þessu og býður því áhugamönnum að mæta eitt eða tvö kvöld í viku og spila sín á milli. „Ég persónulega hef reynt að fara í líkamsrækt og lyfta en mér finnst það svo leiðinlegt. Ég verð að hafa einhvern bolta að elta,“ segir Kristján. „Fyrir menn eins og mig er borðtennis því tilvalið sport.“ Til gamans má geta þess að engin aldurstakmörk eru í byrjendaflokki í borðtennis. Þar ræður einungis geta en ekki hrukkufjöldi ríkjum svo vilji menn reyna fyrir sér er það aldrei of seint.

Nóg er að gera hjá Kristjáni í þjálfuninni en auk hennar eru Greifarnir tuttugu ára og af því tilefni munu þeir gefa út nýja plötu. „Við erum að fara í hljóðver um helgina að taka upp nýtt efni þannig að við erum hvergi nærri hættir,“ segir Kristján.

Þeir sem vilja koma og spila borðtennis ánægjunnar vegna geta gert svo á mánudögum og fimmtudögum frá 19:35 til 21:05 í KR heimilinu. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.kr.is/bordtennis.

tryggvi@frettabladid.is

# Holl og óholl fita

***Fita er nauðsynleg líkamanum en í of miklu magni getur hún orsakað þyngdaraukningu. Því skal reyna að borða sem mest af réttri fitu.***

Þrátt fyrir að margir álíti fitu slæma er hún mikilvæg fyrir líkamsstarfsemina. Fitan flytur fituleysanleg vitmín, sem eru A, D, E og K vítamín, um líkamann, fóðrar innri líffæri, lætur matinn oft bragðast betur, getur innihaldið fitusýrur sem eru taldar hafa góð áhrif á hjartað og ónæmiskerfið og er mikil uppspretta orku.

Orkuuppsprettan er samt það sem hefur komið óorði á fituna. Í einu grammi af fitu eru níu hitaeiningar, sem er tvöfalt meira en í einu grammi af kolvetni eða próteini. Það skiptir því máli að borða meira af ómettaðri fitu en mettaðri.

Mettuðu fituna má þekkja á því að hún er í föstu formi við stofuhita og er vanalega að finna í dýraafurðum eins og smjöri, osti, mjólk og á kjöti.

Ómettaða fitan er í vökvaformi við stofuhita og kemur oftast úr grænmeti og finnst í olíum unnu úr því, eins og sesamolíu, ólífuolíu og sojaolíu. Einnig finnst hún í feitum fiski eins og laxi og túnfiski.

Flest fæða inniheldur bæði mettaða og ómettaða fitu en þeim er skipt niður eftir því hvor gerðin er í meirihluta. Því innihalda matvæli úr holla fituflokkinum einnig eitthvað af óhollri fitu.



Ólífuolía inniheldur ómettaðar fitusýrur og er því talin holl.

# Munið afsláttarkortin

***Margir átta sig ekki á því að fari sjúkrakostnaður yfir ákvena upphæð á viðkomandi rétt á afsláttakorti frá Tryggingastofnun ríkisins.***

Þessi mörk eru 18.000 kr. á ári fyrir einstaklinga, 4.500 kr. fyrir elli- og örorkulífeyrisþega og 6.000 kr. fyrir börn undir 18 ára aldri í sömu fjölskyldu. Fari sjúkrakostnaður upp fyrir þessar upphæðir endurgreiðir ríkið 2/3 af öllum kostnaði eftir það.

Afsláttakortin fást afgreidd í þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins a Laugavegi 114 eða í umboðum hennar um land allt. Framvísa þarf kvittunum til að fá kortið afhent og sé kostnaður þegar orðinn meiri en mörkin segja til um fást 2/3 hlutar hans endurgreiddir.

# Hlé milli barneigna

OF STUTTUR EÐA OF LANGUR TÍMI Á MILLI BARNEIGNA EYKUR LÍKUR Á VANDAMÁLUM HJÁ SEINNA BARNI.

Samkvæmt rannsókn sem gerð var nýlega geta langar sem skammar pásur á milli barneigna aukið líkur á heilsufarsvandamálum hjá því barni sem kemur eftir slíkt hlé. Of stutt hlé er talið minna en tvö ár og of langt meira en fimm ár. Í rannsókninni var notast við 67 áður gerðar rannsóknir á yfir ellefu milljónum barnsburða. Í rannsókninni kom fram að ef hlé væri minna en átján mánuðir ykist hættan á fæðingu fyrir tímann um tæplega tvö prósent fyrir hvern mánuð, hættan á of lágri fæðingarþyngd um 3,3 prósent og að barnið væri of lítið miðað við þroskastig um 1,5 prósent fyrir hvern mánuð sem hléið var stytt.


Hæfileg pása á milli barneigna er tvö til fimm ár samkvæmt nýjustu rannsóknum.

Ef hins vegar of langt hlé væri tekið myndu líkurnar á fæðingu fyrir tímann aukast um tæplega 0,6 prósent, að barnið yrði of létt við fæðingu um 0,9 prósent og að það yrði of lítið miðað við þroskastig um 0,8 prósent fyrir hvern mánuð sem hléið var lengt.

Ekki þykir þó mikil ástæða til að hafa áhyggjur þar sem læknar eiga að geta veitt rétta umönnun til að koma í veg fyrir þessa þætti.

**(www.bbc.co.uk/health)**

# Þunglyndi Breta eykst

***Notkun þunglyndislyfja í Bretlandi hefur aukist um 120 prósent síðustu áratugi.***

Samkvæmt könnun enska blaðsins The Independent sem birtist á páskadag hefur notkun þunglyndislyfja þar í landi aukist um meira en 120 prósent á síðustu áratugi. Út af þessari miklu aukningu og þeirri staðreynd að um þrjár og hálf milljón Breta þjáist af þunglyndi og kvíða vilja sérfræðingar innan heilbrigðiskerfisins endurskoða meðferðarúrræði í landinu.

Ríkisstjórn Englands hyggst bregðast við áhyggjum lækna sem segjast verða að skrifa upp á svokallaðar „gleðipillur" sem næstbesta úrræðið við snarauknu þunglyndi og kvíða í landinu. Biðlistar hjá meðferðaraðilum innan heilbrigðiskerfisins eru oft á tíðum allt að tvö ár og ná þeir því engan veginn að taka á móti öllum sem á þyrftu að halda. Heilbrigðisráðherra Bretlands, Patricia Hewitt, mun kynna róttæka aukningu á samtalsmeðferðum sem mótvægi við lyf eins og Prozac sem mun kosta heilbrigðiskerfið meira en 400 milljón pund á ári. Heilbrigðisráðherrann telur að milljónir einstaklinga með milt eða miðlungs þunglyndi geti lært að lifa hamingjusamari lífi án þess að treysta á lyf.

Talið er að nýja kerfið verði prufukeyrt á tveimur svæðum sem hafa sérstaklega hátt hlutfall fólks á örorkubótum en þriðjungur þess er talinn þjást af þunglyndi.


Margir Bretar þjálst af þunglyndi

**Frétt af www.persona.is**


Niðurstöður rannsóknar á heilsu og lífskjörum skólanema verða kynntar á Hótel KEA í dag.

# Lífskjör skólanema

***Niðurstöður rannsóknar á vegum Lýðheilsustöðvar og Háskólans á Akureyri verða kynntar á Hótel KEA í dag klukkan 14.30.***

Alþjóðlega rannsóknin Heilsa og lífskjör skólanema var lögð fyrir þrettán þúsund íslensk ungmenni á aldrinum tólf til sextán ára nú í febrúar og mars. Um fjörutíu lönd tóku þátt í könnuninni og meðal þess sem ungmennin voru spurð um var lífstíll, næring, hreyfing, félagsleg tengsl og ýmis áhættuhegðun eins og neysla vímuefna og áhætta í kynlífi. Fyrstu niðurstöður ransóknarinnar, sem gerð var á vegum Lýðheilsustöðvar og Háskólans á Akureyri, liggja nú fyrir og verða kynntar á fundi á Hótel KEA í dag klukkan 14.30.









bailine
NÝTT á Íslandi
Bailine vaxtarmótunarmeðferð
Eru línurnar vandamál?
Við bjóðum þér upp á ÓKEYPIS PRUFUTÍMA í tölvustýrðu þjálfunartæki á meðan þú liggur og slakar á í notalegu umhverfi.
Viltu grenna þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið.
Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.
Fyrir konur 18 ára og eldri.
Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is

Reiki
Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK
Fyrir bætta líðan og betri stjórn á lífi þínu.
Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:
I. stig helgarnámskeið
29. og 30. apríl.
II. stig kvöldnámskeið
9. – 11. maí.



Guðrún Óladóttir
reikimeistari
Þeir sem hafa áhuga á framhaldsnámskeiði í sjálfsstyrkingu hafi samband.
Pantanir í síma 553 3934 milli kl. 10 og 13 virka daga.

ENGLAKROPPAR







## Heilbrigð sál



BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

# Ekki láta plata þig!

Það eru svo ótal margar ranghugmyndir í umferð, bæði hjá almenningi og einnig í fjölmiðlum, varðandi hreyfingu og næringu. Við þurfum að muna að nota skynsemina og hætta að láta plata okkur með alls konar vitleysu. Förum yfir nokkur atriði.

**10 kíló farin á 4 vikum!**
Ef það er satt að einhver hafi lést um 8-10 kíló á 4 vikum er líklegt að viðkomandi hafi verið í mikilli yfirvigt og því ekki um mikla fitu að ræða heldur eðlilega vatnslosun og hreinsun líkamans eftir að hafa byrjað á nýju mataræði. Annars er það mjög óheilsusamlegt og ekki til eftirbreytni að léttast svo mikið á svo skömmum tíma, því við skulum aldrei gleyma að það sem við viljum missa er fita. Vigtin er því oft villandi.

Settu þér því raunhæf markmið (þessi vísa er aldrei of oft kveðin) og miðaðu við að léttast ekki meira en um hálft kíló á viku eða missa um 2 prósent af fitu á mánuði.

**Fallegar umbúðir**
Ekki blekkjast af fallegum umbúðum sem líta „heilsusamlega“ út. Vendu þig á að afla þér upplýsinga um vöruna sem þú kaupir, rétt eins og þú gerir þegar þú kaupir þér rafmagnstæki eða bíl sem á að endast. Lestu innihaldslýsinguna á umbúðunum og ef hún er ekki til staðar, ekki kaupa vöruna. Það er í íslenskum lögum að matvara skuli hafa innihaldslýsingu sem sýnir innihald próteins, kolvetnis og fitu.

**Helmingi minni fita en áður**
Ekki láta plata þig þegar skrifað er framan á umbúðir eða í auglýsingum: „55 prósent minni fita en áður“ eða „enginn sykur“. Það segir okkur ekkert til um fituinnihald vörunnar, það er að segja hversu mikið af fitunni er mettuð fita (slæma fitan) eða hvort varan sé hitaeiningasnauð eða næringarrík þó það sé enginn sykur. Margar sykurlausar vörur eru fituríkar. Athugaðu líka að innihaldslýsingar evrópskra matvara byggja á 100 g en bandarískar við einn skammt sem er tilgreindur sérstaklega.

**Offita er í ættinni!**
Ekki plata sjálfan þig og gefast upp, vegna þess að offita er algeng í ættinni. Með léttum lyftingum og þar með meiri vöðvum, góðri brennslu 2–3 sinnum í viku og heilsusamlegu mataræði geturðu sannarlega breytt líkama þínum, hvernig sem líkamsbygging fjölskyldunnar er. Mundu að þú berð ábyrgð á þínum líkama og þinni heilsu, en erfðamengi fjölskyldunnar ekki.

**Að svelta sig**
Of lítil næring (undir 1.200 hitaeiningar fyrir konur) skemmir efnaskipti líkamans (brennsluna). Með svelti fer líkaminn að nota vöðvana sem orkugjafa og þá er voðinn vís. Margar konur hafa til dæmis skemmt efnaskiptin sín með of mörgum megrunarkúrum á yngri árum og það getur leitt til þess að þær eigi auðveldara með að fitna á efri árum.

**Þarf ekki að fara í líkamsrækt**
Það þurfa allir að hreyfa sig reglulega, feitir, mjóir, litlir og stórir. Að lyfta lóðum og fá hjartað til að slá hraðar er ekki bara til að létta sig. Með því dregur þú úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini og sykursýki. Það styrkir beinin, bætir líkamsstöðu, húð og frísklegt útlit. Að auki bætir það árum og lífsgleði við lífið. Og þetta er bara brot af kostum reglulegrar hreyfingar. Ég verð því að viðurkenna að það sló mig að sjá tilvitnun bókagagnrýnanda bókarinnar „Franskar konur fitna ekki“ í auglýsingu bókaforlagsins, sem sagði að nú þyrfti hún ekki að fara í líkamsræktina. Bókin er örugglega fín, en ákveðið mataræði getur aldrei komið í staðinn fyrir hreyfingu. Ekkert kemur í staðinn fyrir hreyfingu.

Að lokum segi ég þetta: Ef eitthvað hljómar of gott til að vera satt, þá er það oftast raunin.

*Kær kveðja,*
*Borghildur*

# Varist orkudrykki í bland við áfengi

***Orkudrykkir blandaðir áfengi hafa verið í umræðunni síðustu vikur. Orkudrykkir í bland við áfengi leiða til brenglaðrar skynjunar neytandans.***

Vinsæll drykkur á börum og í teitum er blanda áfengis og orkudrykkjar. Niðurstöður nýlegrar brasilískrar rannsóknar benda til að slík blanda hafi slæm áhrif á skynjun og raunveruleikaskyn neytandans.
Í rannsókninni sögðust flestir þátttakenda finna fyrir minni þreytu og aukinni ánægju þegar orkudrykkjum var blandað við áfengið. Hins vegar upplifðu þeir einnig að hæfni þeirra skertist til muna. Neytandinn upplifir meiri vímu og einnig meiri einbeitingu þegar drukkið er áfengi blandað orkudrykk. Þetta getur leitt til slæmra ákvarðana, eins og að setjast undir stýri, þar sem víman virðist minni og einbeitingin meiri.

Í sömu rannsókn kemur einnig fram að þeir sem blandi áfengi við orkudrykki finni fyrir minni timburmönnum daginn eftir neyslu. Þó svo að höfðuverkurinn, munnþurrkurinn og slappleikinn virðist ekki angra drykkjumanninn daginn eftir er hann engu að síður með jafn skerta samhæfingargetu og jafn viðbragðsseinn og sá sem blandaði sitt áfengi með öðru en orkudrykk. Fólk á það því til að draga þá ályktun að þynnkan sé liðin hjá og ákveðið að setjast undir stýri löngu áður en líkami og hugur ráða við það.



Orkudrykkir og áfengi eru ekki góð blanda.



Fangar eiga að geta nota afplánunartímann í fangelsinu til að fara í afvötnun.

# Áfengismeðferð fanga

***Morgunverðarfundur um áfengismeðferð á afplánunartíma fanga verður haldinn 27. apríl kl. 8-10.***

Á fundinum, sem haldinn verður á Grand Hóteli í Reykjavík, munu Sigurður Karlsson vímuefnaráðgjafi og Guðrún M. Einarsdóttir lýsa reynslu Samhjálpar af því að hafa fanga í meðferð. Afeitrun og niðurtröppun vímuefnaneytenda við upphaf afplánunar og eftirfylgni er annað efni fundarins. Þar kemur fram Óskar Arnórsson vímuefnaráðgjafi og psykoterapeut og Guðrún Þ. Ágústsdóttir félagsráðgjafanemi mun kynna rannsókn sína á því hvaða úrræði fangar eru að nýta sér og hvað þeim finnst vanta. Að lokum verða umræður og fyrirspurnir.

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst í netfangið halldorp@tmd.is. Þátttökugjald er kr. 1500 og greiðist við inngang. Innifalið er morgunverður, kaffi/te og dagskrárgögn.




Sá sem ekki hefur tíma fyrir heilsuna í dag hefur ekki heilsu fyrir tímann á morgun.

# Heilsan í fyrirrúmi

***Líkaminn er gerður til að lifa í 120 ár segja vísindamenn.***

Maður lifandi stendur fyrir fyrirlestri milli 18.00 og 19.30 í kvöld. Þar svarar Örn Jónsson sjúkranuddari áleitnum spurningum og stiklar á stóru á því helsta sem þarf að sinna til að ná og viðhalda góðri heilsu því eins og bent er á í fréttatilkynningu frá Maður lifandi hafa vísindamenn komist að þeirri niðurstöðu að líkaminn sé gerður til að lifa í 120 ár.

Nokkrar af þeim spurningum sem Örn reynir að svara eru: Ráðum við yfir heilsunni eða er hún fyrirfram ákveðin? Er góð heilsa sjálfsögð? Liggur galdurinn í að næra okkur meira andlega?

Fyrirlesturinn verður haldinn í Borgartúni 24 og kostar 1.000 krónur inn. Frekari upplýsingar á www.madurlifandi.is

Olíudreifing

## Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarafleysingar:

Akureyri. Uppl. veitir Jóhann í síma 461-4070, akureyri@odr.is Höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík, Selfossi, Akranesi og Borgarnesi uppl. veitir Þorsteinn í síma 0-9933, thorsteinn@odr.is *Á Reyðarfjörð. Uppl. veitir Már í síma 474-1525, austurl@odr.is Um er að ræða tímabil 1. maí til 30. september eftir samkomulagi. Umsækjendur þurfa að hafa Meirapróf en Olíudreifing kostar ADR réttindi fyrir viðkomandi.

**Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.**

## Kjúklingastaðurinn Suðurveri

Starfsfólk óskast í vaktavinnu 2+3. Einnig vantar fólk í hlutastarf. Íslensku kunnátta æskileg. Ekki yngri enn 18 ára.

**Upplýsingar í síma 553 8890.**

Snæland Video

Snæland Video Setbergi -Hafnarfirði eftir fólki í fullt starf. Umsóknir á um eða videofaedi@simnet.is

## Viðhaldsvirkni ehf.

Óskum eftir vönum mönnum í múrviðgerðir og málingarvinnu utanhúss.

**Upplýsingar í síma 661 0117.**

## Kokkarnir

Kokkarnir veisluþjónusta leitar eftir starfsfólki í aukavinnu innipart viku og um helgar í ... og sælkeraborðunum í Hagkaupum Kringlunni og Smáralind. Umsækjendur þurfa að vera eldri en 20 ára.

**Áhugasamir hafið sambandi í síma 511 4466 eða sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is**

## Meiraprófsbílstjóri með vagnaréttindi.

Óskum eftir að ráða meiraprófsbílstjóra með vinnuvélaréttindi í sumarvinnu.

**Túnverk ehf. Upplýsingar í síma 698 1458 einnig á tunverk@vortex.is**

## Sagtækni auglýsir.

Steinsteypusögun!

Góðir starfsmenn óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.

**Upplýsingar í s. 893 3236.**

## Ræsting Smárahverfi

Vantar fólk til ræstinga virka daga fyrir hád.

í Kópavogi

**Uppl. í síma 533 6020, Ræstir ehf.**

## Ræsting 103 Reykjavík

Vantar fólk í ræstingu 3 morgna í viku (mán., miðv., fös.).

**Uppl. í síma 533 6020, Ræstir ehf.**

## Ræsting

Ýmis verkefni. Vantar fólk á skrá til að taka að sér ýmis verkefni, bæði kvölds og morgna.

**Uppl. í síma 533 6020, Ræstir ehf.**


### Góðir tekjumöguleikar

Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

### Skalli Hraunbæ

Óska eftir að ráða röska starfskrafta í kvöld, helgar og dagvinnu. Uppl. í s. 567 2880 á virkum dögum .

Hársnyrtir óskast og nemi, uppl. gefur Sigurpáll í s. 896 8544.

### Vélstjórar

Traust útgerðarfélag á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vélstjórum á skipum fyrirtækisins. Uppl. í s. 898 4855.

Véltækni óskar eftir að ráða steypubílsjóra og verkamenn til vinnu við kantsteypu. Mikil vinna framundan. S:6968900

### Nonnabiti

Starfskraftur óskast í fullt starf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. .Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

Barngóð kona óskast á heimili í Fossvogi. Barnaumönnun og létt heimilisstörf. S. 565 8782 & 843 3361.

Vantar mann í bygginga/verkamannavinnu í Hafnafirði, ekki yngri en 17 ára. Uppl. í s. 696 2400.

Húshjálp óskast. 12-18 alla virka daga. Uppl. í s. 693 7020.

Óskum eftir málurum eða vönum mönnum. Uppl. í síma 898 4782.

## Atvinna óskast

22 ára húsasmíðanemi óskar eftir að komast að hjá meistara í sumar. Nánari upplýsingar í 659 2656.

Ungur maður óskar eftir vinnu. Helst hjá verktaka en allt kemur til greina. Er með vinnuvélaréttindi og hef unnið á gröfum. Uppl. í s. 696 3563.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar


**www.vald.org**

áhugaverð heimasíða

sayno@vortex.is


Minningarathöfn um eiginmann minn og bróður okkar sr. Sighvat Birgir Emilsson, sem lést í Noregi þann 1. oktober 2005, verður í Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 27. aprílnk. kl. 15.00 Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð. Anna Einarsdóttir Vilorg Emilsdóttir, Jón Emilsson Sigurður Emilsson, Guðrún Emilsdóttir.

Sá/sú sem var þann 21. apríl fyrir utan Ármúla 20 milli 10.30-13.00 og keyrði utan í gráa Mözdu vinsamlega hafðu samband í s. 820 3430.

## Ýmislegt

Endurvinnslan, Knarravogi er opin frá 10-18.

Opið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Hamborgarabúlla-Tómasar. Þú ert velkominn, Hamborgarabúlla-Tómasar.

## Leikir

Í dag fá 10 miðaeigendur milljón krónur hver. Drögum klukkan 16. Fáðu þér miða í síma 800 6611 eða á www.hhi.is Happdrætti Háskólans.






## FASTEIGNIR


# Langar þig að lifa með útsýni?

**Til sölu eru tvær frábærar sjávarlóðir á Álftanesi við Búðarflöt.**



Frum



Mjög gott 2.956 fm eignarland sem skiptist í tvær byggingarlóðir á gríðarlega góðum stað á Álftanesi, í jaðri byggðarinnar og alveg við sjóinn. Nú þegar liggur fyrir leyfi til byggingar tveggja einbýlishúsa á lóðunum. Einstök staðsetning með glæsilegu útsýni. Stórar lóðir sem bjóða upp á marga möguleika. Lóðirnar seljast í einu lagi eða stakar.

**Tilboðum skal skilað á skrifstofu Húsakaupa fyrir klukkan 12 föstudaginn 28. apríl n.k.**



*Albert Björn Lúðvígsson*
*Sölumaður / GSM 840-4048*

HÚSAKAUP

*Guðrún Árnadóttir, lögg. fast.sali*

**Sími 530 1500 • www.husakaup.is • Suðurlandsbraut 52**


## ATVINNA

ildverslun.
ıald (Dk hugbúnaður)
æki í 50-60% starf.
i starfshlutfall,
starfsmanninn.
Gylfi Bergmann.
leikco.is

OGSBÆR
SKÓLA
ınari
ıú þegar vegna
gefur skólastjóri
í síma 861 7100.
ır.is og www.job.is

ifæri fyrir
. sumar
ıs í alþjóðlegar
ı og Bandaríkjunum.
þátt taka fjögurra
n, auk fararstjóra.
íðunum www.cisv.is
í síma 861 1122 og
98 6494.

F.
SLANDS
félags Íslands boðar til
.k. kl. 16:00 í matsal
Reykjavík.
ıafræðilega úttekt
efnu
rsetu á ársfundinum.
á fundinn.
f. Eimskipafélags Íslands

lverðarnes
frábærum stað

TILKYNNING

# Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 27. apríl 2006 í Kiwanishúsinu Engjateig 11 og hefst kl. 20.00

***Dagskrá:***

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
3. Önnur mál

Félagar mætið vel og stundvíslega.

**Stjórn Eflingar-stéttarfélags**

allt atvinna
Alla sunnudaga

# Efnistaka úr Ingólfsfjalli í Sveitarfélaginu Ölfusi

## Mat á umhverfisáhrifum – Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Það er álit Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka úr Ingólfsfjalli eins og hún er kynnt í matsskýrslu, sé ekki ásættanleg vegna verulega neikvæðra, varanlegra og óafturkræfra sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag sem hún mun óhjákvæmilega hafa í för með sér. Veiting framkvæmdaleyfis bryti því í bága við niðurstöðu stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Fossvéla ehf. er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

**Skipulagsstofnun**

FASTEIGNIR

DP FASTEIGNIR
www.dpfasteignir.is
Við erum í Félagi fasteignasala

# Vellir – Hafnarfirði

Höfum verið beðin um að finna 3ja og 4ra herbergja íbúðir (helst án bílgeymslu) í nýbyggingu á þessu svæði fyrir leigufélag. Um er að ræða fjársterka aðila.

*Allar nánari upplýsingar veita sölumenn DP FASTEIGNA.*

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is

ATVINNA

# Vélstjóri óskast.

Vélstjóri óskast á togbát.
Vélarstærð 1.000 ha.
**Upplýsingar hjá skipstjóra í síma 855-4262 og 843-4254.**

### Grunnskólinn á Blönduósi

# Lausar kennarastöður

Grunnskólinn á Blönduósi auglýsir eftir kennurum til starfa á komandi skólaári 2006-2007.

Kennslusvið eru: stærðfræði og náttúrufræði á unglingastigi, sérkennsla, smíðar og heimilisfræði.

Grunnskólinn á Blönduósi er góður skóli þar sem lögð er áhersla á fjölbreytta náms- og kennsluhætti til þess að koma sem best til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Í skólanum eru um 140 nemendur í 1.-10. bekk þannig að meðalfjöldi í bekk eru aðeins 14 nemendur.

Á vefsíðu skólans http://blonduskoli.is má finna ýmsar upplýsingar um það starf sem fram fer í skólanum en auk þess veita Helgi Arnarson skólastjóri (helgi@blonduskoli.is) og Þórhalla Guðbjartsdóttir aðstoðarskólastjóri (thorhalla@blonduskoli.is) fúslega allar upplýsingar í síma 452-4147. Umsóknarfrestur er til 1. maí 2006.
Umsóknir berist Grunnskólanum á Blönduósi, Húnabraut, 540 Blönduósi.

ATVINNA

# Verksmiðjustjóri óskast

# SJÓNARHORN



Í Hallormsstaðarskógi.
Ljósm. Fréttablaðið/Vilhelm.







## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.574 **+2,47%** **Fjöldi viðskipta:** 444 **Velta:** 3.457 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FL Group** | +4,21% | **Alfesca** | -3,70% |
| **Tryggingamiðstöðin** | +3,75% | **Atlantic Petroleum** | -3,14% |
| **Mosaic** | +3,35% | **Nýherji** | -2,11% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 58,70 +1,56% ... Alfesca 3,90 -3,70%... Atorka 5,55 +0,00% ... Bakkavör 48,10 +0,63% ... Dagsbrún 6,03 +2,55% ... FL Group 19,80 +4,21% ... Flaga 3,24 -0,31% ... Glitnir 17,00 +1,80% ... KB banki 759,00 +2,71% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 22,40 +2,28% ... Marel 72,40 +0,00% ... Mosaic Fashions 18,50 +3,35% ... Straumur-Burðarás 16,80 +3,07% ... Össur 111,00 +0,91%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Áfengissala eykst

Velta í dagvöruverslun var 3,6 prósentum meiri í mars en í sama mánuði í fyrra, miðað við fast verðlag, samkvæmt tölum Rannsóknarseturs verslunarinnar við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Þá jókst áfengissala um 4,7 prósent á föstu verðlagi milli febrúarmánaða 2005 og 2006.

„Samkvæmt veltutölum virðist nokkuð vera að draga úr vexti dagvöruveltu og áfengissölu, bæði á föstu og hlaupandi verði í mars miðað við árið á undan. Talsverð lækkun í veltu skýrist þó að hluta af því að páskahátíðin var í marsmánuði árið 2005 en í apríl í ár,“ segir Rannsóknarsetrið, en þegar leiðrétt hefur verið fyrir áhrif páskahátíðarinnar og annarra dagatalsáhrifa er tólf mánaða aukning enn sögð nokkuð mikil á föstu verði, 7,7 prósent í dagvöruverslun og 8,1 prósent í áfengisverslun. „Engu að síður hefur nokkuð dregið úr vextinum frá fyrri mánuðum.“



Þá er bent á að dagvara hafi síðustu mánuði hækkað í verði, en í heild um 2,5 prósent síðan í mars í fyrra. „Búast má við enn frekari hækkunum á dagvöruverði í maí og júní vegna mikillar lækkunar gengis íslensku krónunnar að undanförnu. Svipuð töf á hækkunum vegna gengisáhrifa virðist einnig vera í tilfelli áfengis, en enn hafa litlar breytingar orðið á áfengisverði frá því fyrir ári síðan.“ - óká

# Vísitölurnar hækka

Samræmd vísitala neysluverðs í EES-ríkjunum var hálfu prósenti hærri í mars en í febrúar. Á sama tíma hækkaði vísitalan fyrir Ísland um 1,1 prósent. Þá er vísitala byggingarkostnaðar 1,07 prósentum hærri nú en í síðasta mánuði.

Frá mars 2005 til jafnlengdar árið 2006 var verðbólgan, mæld með samræmdri vísitölu neysluverðs, 2,1 prósent að meðaltali í ríkjum EES, 2,2 prósent á evrusvæðinu og 2 prósent á Íslandi. Mesta verðbólga á Evrópska efnahagssvæðinu var 6,6 prósent í Lettlandi, 4,3 prósent í Slóvakíu og 4,5 prósent í Eistlandi. Minnsta verðbólgan var í Póllandi, 0,9 prósent, 1,2 prósent í Finnlandi og 1,3 prósent í Austurríki.



**VÍSITÖLURNAR HÆKKA MILLI MÁNAÐA** Samræmd vísitala neysluverðs og vísitala byggingarkostnaðar hækkuðu.

Þá er vísitala byggingarkostnaðar fyrir maí, reiknuð eftir verðlagi um miðjan apríl, 329,4 stig og hafði hún hækkað um 1,07 prósent frá síðasta mánuði. Þetta er 5,3 prósenta hækkun síðastliðna tólf mánuði, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. - jab

# Óbreytt hjá OPEC

Verð á hráolíu lækkaði í gær eftir að olíumálaráðherrar OPEC-ríkjanna lýstu því yfir að framleiðsla aðildarríkja yrði óbreytt. Edmund Daukoru, forseti OPEC, sagði að samtökin framleiddu nægjanlegt magn af olíu fyrir markaðinn. Samtökin féllust ekki á tillögu Kúvæta, sem lögðu til að framleiðsla yrði aukin. Fyrir helgi fór verð á hráolíu í fyrsta skipti yfir 75 dali á tunnuna en lækkaði niður í 74 dali í gær.

Einnig hjálpaði það til að Mahmoud Ahmadinejad, forsti Írans, sagði að stjórnvöld í Teheran væru mótfallin framleiðslu á gjöreyðingarvopnum og vísaði þar til kjarnorkuáforma Írans.

Sérfræðingar telja að olíuverð haldi áfram að hækka og þessar fréttir muni aðeins hafa áhrif á skammtímalækkunar.

Olíuverð hefur hækkað um 34 prósent á einu ári. - eþa

GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2006

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík miðvikudaginn 26. apríl 2006 kl. 17.00.

**Dagskrá fundarins:**

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Tillaga um hækkun réttinda.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og er einnig að finna á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Reykjavík 10. apríl 2006,

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is



– allt fyrir garðinn

Landslagsráðgjöf MEST

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu varðandi garðinn. MEST býður upp á gott úrval af hellum & garðeiningum, skrautsteypu og skrautsteinum.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

mest
– allt til bygginga

FRJÁLSI

FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ AÐEINS 2,5%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 3.4.2006

**LISA „LEFT EYE" LOPES (1971-2002) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Línan milli snilli og brjálæðis er þunn. Ég er alltaf stimpluð sem sú brjálaða."*

***Rapparinn Lisa Lopes lést á sviplegan hátt í bílslysi í Hondúras.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 25. APRÍL 1983

# *Upp kemst um fölsun dagbóka Hitlers*

Á blaðamannafundi þýska tímaritsins Stern árið 1983 lýsti Dacre lávarður, frægur breskur sagnfræðingur, efasemdum um uppruna dagbóka Hitlers. Hann hafði stuttu áður staðfest að þær væru ósviknar og sannarlega dagbækur Hitlers.

Tímaritið Stern hafði nokkrum dögum fyrr tilkynnt að fundist hefðu sextíu dagbækur skrifaðar af Hitler sjálfum frá 1932 til dauða hans 1945.

Blaðamaður Stern sem komst yfir bækurnar sagðist hafa fundið þær á heylofti í Austur-Þýskalandi. Hafði hann uppi þá kenningu að dagbækurnar hefðu legið á loftinu síðan þýsk flugvél hrapaði í stríðslok með ýmis leynigögn úr híbýlum Hitlers í Berlín.



**ADOLF HITLER**

Vegna efasemda Dacre voru bækurnar sendar í frekari rannsóknir og þá kom í ljós að pappírinn sem var notaður í þær var ekki framleiddur fyrr en eftir seinni heimsstyrjöldina, auk þess sem límið og blekið voru einnig mun nýrri. Texti bókanna var einnig fullur af rangfærslum.

Síðar kom í ljós að dagbækurnar höfðu verið keyptar af Konrad Kujau, sem hafði falsað þær listilega vel. Kujau fékk níu milljónir þýskra marka fyrir bækurnar.

Blaðamaður Stern og falsarinn Kujau voru árið 1985 dæmdir í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir svik og fölsun. Kujau nýtti sér síðar frægð sína og seldi falsanir á þekktum málverkum til dauðadags árið 2000.

## MERKISATBURÐIR

**1840** Pjotr Ilyich Tsjaíkovsky tónskáld fæðist.

**1915** Hótel Reykjavík og ellefu önnur hús brenna í mesta eldsvoða á Íslandi. Tveir menn farast.

**1944** Fyrsta íslenska óperettan, Í álögum, er frumsýnd í Iðnó.

**1971** 200 þúsund manns mótmæla Víetnamstríðinu í Washington.

**1978** Jökull Jakobsson rithöfundur andast.

**1991** Bifreið er ekið á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnúk á Öræfajökli, í fyrsta sinn.

**1993** Boris Jeltsín kosinn forseti Rússlands.

**1999** Haldið er í fyrsta sinn upp á Dag umhverfisins, á fæðingardegi Sveins Pálssonar náttúrufræðings.

## AFMÆLI



Séra Eðvarð Ingólfsson er 46 ára í dag.

## ANDLÁT

**Guðmundur Jónsson**, Staðarhrauni 20, Grindavík, lést á heimili sínu laugardaginn 22. apríl.

**Guðríður Björnsdóttir**, Mýrarvegi 115, Akureyri, lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 21. apríl.

**Jóhanna Guðbjörg Jóhannsdóttir** lést laugardaginn 22. apríl á Landspítalanum.

**Jóhannes Helgi Jónsson**, Hvassaleiti 56, áður Álftamýri 30, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 21. apríl.

**Oddur Sigurðsson** frá Kolviðarnesi, Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 23. apríl.

**Páll Gísli Stefánsson** frá Vatnsenda í Ólafsfirði lést á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi fimmtudagsins 20. apríl.

**Regína Thorarensen** lést í Hulduhlíð, Eskifirði, laugardaginn 22. apríl.

## JARÐARFARIR

13.00 **Ingi Adolphsson**, Dalaseli 12, verður jarðsunginn frá Seljakirkju.

13.00 **Njáll Símonarson**, Bólstaðarhlíð 68, verður jarðsunginn frá Fríkirjunni í Reykjavík.

13.00 **Sveinn Mýrdal Guðmundsson**, Elliheimilinu Grund, Hringbraut 50, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

14.00 **Kristín Tómasdóttir**, Borgarhrauni 35, Hveragerði, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

15.00 **Sigurður Geir Ólafsson** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Regína Thorarensen**

sem lést í Hulduhlíð, Eskifirði, hinn 22. þessa mánaðar, verður jarðsungin frá Eskifjarðarkirkju þriðjudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Hilmar F. Thorarensen** **Ingigerður Þorsteinsdóttir**
**Guðbjörg K. Karlsdóttir**
**Guðrún E. Karlsdóttir** **Rúnar Kristinsson**
**Emil K. Thorarensen** **Bára Rut Sigurðardóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Jónsson**

Staðarhrauni 20, Grindavík,

andaðist á heimili sínu laugardaginn 22. apríl. Jarðarför auglýst síðar.

**Alda Bogadóttir**
**Kristján Karl Guðmundsson**
**Jón Fannar Guðmundsson** **Guðveig Sigurlaug Ólafsdóttir**
**Guðrún Helga Guðmundsdóttir** **Yngvi Páll Gunnlaugsson**
**Arnar Freyr Guðmundsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Jóhanna Guðbjörg Jóhannsdóttir**

lést laugardaginn 22. apríl á Landspítalanum. Verður jarðsungin frá Fossvogskirkju 4. maí kl. 13.00.

**Jórunn Lilja Andrésdóttir**
**Magnús Ingi Sigmundsson**
**Jocelyn Barro Jarocan**
**Eva María Magnúsdóttir**
**Jóhanna Agnes Magnúsdóttir**
**Snædís Margrét Magnúsdóttir**
**Sigmundur Tómas Magnússon.**



**INGA B. ÁRNADÓTTIR NÝR DEILDARFORSETI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS** Aldrei áður hefur kona gegnt stöðu forseta tannlæknadeildar en deildin hefur mikla sérstöðu innan háskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## INGA B. ÁRNADÓTTIR: TEKUR VIÐ STÖÐU DEILDARFORSETA TANNLÆKNADEILDAR HÍ

# Konur og karlar eru mismunandi stjórnendur

Hinn 1. maí næstkomandi tekur kona í fyrsta sinn við stöðu deildarforseta tannlæknadeildar. Dr. Inga B. Árnadóttir hlakkar til að takast á við þetta nýja starf og er stolt af því að vera fyrsta konan í stöðunni.

„Tannlækningar hafa alltaf verið frekar karllægt fag en ég held að okkur sé núna að takast að jafna kynjahlutföllin," segir Inga. Að hennar mati er hluti af eðlilegri þróun að kona verði deildarforseti tannlæknadeildar. „Hingað til hefur engin kona haft þá menntun eða stöðu innan deildarinnar að hafa möguleika á því að verða deildarforseti." Hún segir að þetta árið hafi hlutfall kvenna sem komst gegnum numerus clausus, samkeppnisprófið í tannlæknadeild, verið mjög hátt en annars sé ekki hlaupið að því að finna munstur í kynjaskiptingu innan deildarinnar. „Stundum komast fimm stelpur og einn strákur inn í deildina, eins og núna um jólin, en svo gerist það að fimm strákar koma á móti einni stelpu. Það virðist ekki vera nein ákveðin fimmtíu prósenta skipting á kynjahlutföllunum."

Inga er alls ekki ókunn tannlæknadeildinni í Háskóla Íslands þrátt fyrir að hafa lokið tannlæknaprófi sínu í Danmörku og meistaraprófinu í Bandaríkjunum. „Ég er búin að kenna við deildina síðstu tuttugu ár. Svo lauk ég doktorsprófi síðasta vetur og er því loksins búin að ná mér í gráðu frá Háskóla Íslands." Vegna þess að Inga er ekki menntuð frá HÍ segist hún geta nýtt sér gestsaugað við að sjá deildina utan frá og þaðan sé útsýnið gott. „Við útskrifum alveg frábært fólk sem á auðvelt með að komast að í framhaldsnámi bæði hérlendis og erlendis," segir hún.

Tannlæknadeild er minnsta deildin í háskólanum og ekki nema sex nemar á hverju ári. „Það má eiginlega segja að tannlæknanemar séu handunnir því við náum að móta þá svo vel," segir Inga, greinilega stolt af sínu fólki. Sérstaða deildarinnar felst þó ekki bara í smæð hennar heldur líka í því að innan hennar er rekið lítið munnsjúkrahús. „Á munnsjúkrahúsinu starfa tannlæknanemar, tanntækninemar og annað starfsfólk svo þetta er eiginlega eins og lítið fyrirtæki innan háskólans. Þetta er auðvitað gert vegna þess að menntunin krefst mikillar verklegrar kennslu. Fólk getur svo komið utan úr bæ og sótt tannlæknaþjónustu til okkar."

Inga segir spennandi að sjá hvernig henni farist verkið úr hendi og hvaða breytingar verði á stjórnsýslu deildarinnar. „Konur og karlar eru auðvitað mismunandi stjórnendur og athyglisvert að fylgjast með því. Fyrst og fremst er þó alveg frábært fólk í deildinni sem verður gaman að vinna með."



**ELDHAF** Sólin sest við rjúkandi eldfjall í Indónesíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bókmenntir í Québec

Á morgun heldur kanadíski rithöfundurinn Lise Tremblay fyrirlestur hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Þar mun hún rekja stuttlega sögur bókmennta í Québec en fyrirlesturinn verður á frönsku og þýddur jafnóðum á íslensku.

Lise Tremblay hefur sent frá sér fjórar bækur og hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín. Í fyrirlestrinum fjallar hún um helstu strauma í samtímabókmenntum Québec og lítur meðal annars á kvenrithöfunda og bókmenntir innflytjenda sem hafa kosið að skrifa á frönsku þrátt fyrir að það sé ekki móðurmál þeirra.

Erindið verður haldið í stofu 201 í Odda á morgun, miðvikudag, klukkan 12.05 og að því loknu verða umræður á ensku.



**FYRIRLESTUR Í HÁSKÓLA ÍSLANDS** Kanadískar samtímabókmenntir verða teknar fyrir á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


45 DAGAR Í HM 2006
FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE
MasterCard
HVERJIR KOMAST Í
ÚRSLIT
Í MEISTARADEILDINNI?
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
VILLARREAL
Í KVÖLD KL. 18:30
ARSENAL
Guðni Bergs og Heimir Karls
hita upp fyrir leikina kl. 18:00
Í KVÖLD
18:30 Villarreal - Arsenal
Á MORGUN
18:30 Barcelona - AC Milan
Á FIMMTUDAG
18:55 Evrópukeppni félagsliða
Middlesbrough - Steaua Búkarest
21:00 Sænsku nördarnir
sýn
besta sætið






## STUÐ MILLI STRÍÐA Öfund, munúð og nautnasýki

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** GERIR UPP FRÍIÐ SITT.



Kominn úr fríi. Eftir að hafa setið með hendur í skauti síðastliðna viku er ég aftur virkur þjóðfélagsþegn, hluti af vinnumaurunum sem strita fyrir drottninguna. Hef horfið frá dauðasyndunum sem tóku öll völd í lífi mínu á meðan á fríinu stóð.

Öfundin er auðveld gryfja að falla í fyrir þá sem njóta frídaganna hér á Íslandi í páskamánuðinum. Foreldrar mínir skelltu sér til Spánar í golfferð og ég var staðráðinn í að nýta húsið þeirra á hæðinni í Hafnarfirði til góðra hluta. Vonaðist til að veðrið yrði mér hagstætt þannig að þegar símhringingin kæmi úr suðurhöfum gæti ég sagt með stríðnistón: „Bongóblíða hér uppi á Fróni.“ Veðurguðirnir lásu illar hugsanir mínar og létu mig kveljast í roki, rigningu og hagléljum. Hlýr faðmur kærustunnar reyndist mín eina huggun auk afmælisdaga okkar beggja. Öfundin út í foreldrana var þó aldrei langt undan og stöðugar símhringingar þeirra frá sundlaugarbakkanum voru sem eitur í eyrum mér.

Munúðin tók öll völd þegar á vikuna leið. Í stað hollra heimilisrétta voru skyndibitastaðirnir heimsóttir í gríð og erg. Snakk og gos fylgdi yfirleitt í kjölfarið og þegar kvöldið var á enda reyndist erfitt að festa svefn vegna tíðra meltingartruflana. Nautnasýkin er aldrei langt undan þegar svona er ástatt fyrir mönnum, hvað þá andleg leti. Hver opnar bók eftir að hafa séð hverja amerísku þvæluna á fætur annarri í imbakassanum?

Fríið mitt spændist upp, skildi mig eftir í reykjarmekkinum, eins og óþroskaður unglingur á sportbíl sem vill sanna kraftinn í kerrunni. Næst verður því sagt stríð á hendur, farið til sólríks staðar með konu og ávöxt í hendi auk góðrar bókar.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Michael Douglas upplýsti í viðtali við bandarískan spjallþátt að eiginkona hans, leikkonan Catherine Zeta Jones, væri vita vonlaus í eldhúsinu. „Hún getur ekki einu sinni soðið vatn," sagði leikarinn. Douglas var að ræða um nýjustu kvikmynd konunnar sinnar, Mostly Martha, og sagði að hæfileikar hennar lægju ekki í eldhúsinu. „Líklega er frammistaða Catherine í myndinni með því allra besta sem hún hefur gert því þar leikur hún kokk," sagði Douglas og hló.



Stjörnuparið Brad Pitt og Angelina Jolie hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem þau óska eftir smá næði frá fjölmiðlum en hjónaleysin dveljast um þessar mundir í Afríkuríkinu Namibíu og hafa blaðasnápar og ljósmyndarar setið um þau. „Okkur þykir mjög vænt um þetta land og fólkið hér hefur verið mjög vinalegt. Hvað fjölmiðla varðar viljum við beina því til þeirra að gefa okkur frí til að njóta dvalarinnar hér," segir í yfirlýsingunni. Forsætisráðherra landsins, Nahas Angula, tók undir óskir hjónanna. „Jolie á von á sér og fjölmiðlar eru sífellt að angra hana. Þið eigið að láta hana í friði. Áreiti er bannað í Namibíu og ef fólk vill ekki láta taka af sér myndir þá á að virða það."



Tom Cruise tjáði sig í fyrsta skipti um fæðingu dótturinnar Suri í viðtali við sjónvarpsþáttinn 20/20. Að venju sparaði leikarinn ekki stóru orðin og sagði fæðinguna hafa verið ólýsanlega. „Hún var alveg eins og við vonuðumst eftir. Mjög andleg og kröftug," sagði leikarinn í viðtalinu. „Þetta er minning sem ég ætla að halda lifandi og endurupplifa," bætti Cruise við en hann á tvö ættleidd börn frá fyrra hjónabandi og hefur í hyggju að giftast unnustu sinni, leikkonunni Katie Holmes, seinna á þessu ári.








**!** **Kl. 12.05**

*Bruce Clunies Ross ræðir um tónskáldið og píanóleikarann Percy Graingers sem var frumkvöðull í þjóðernistónlistarfræði. Hann áleit meðal annars að íslenskar fornbókmenntir væru hið fullkomna form lista og þróaði tungumálið „blue-eyed English“. Fyrirlesturinn er fluttur á ensku, í stofu 101 í Odda á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Sótt og dauði íslenskunnar*

Ljóðs manns æði, ljóðaskemmtun fræðsludeildar Þjóðleikhússins, verður haldin í fjórða og síðasta sinn í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld undir yfirskriftinni Sótt og dauði íslenskunnar. Þar verður meðal annars spurt hvort hægt sé að forða tungumálinu frá margboðuðum dauða og hvernig ljóðið tekur á tungumálinu? „Íslensk skáld hafa frá upphafi ort um tungumálið,“ segir í tilkynningu frá fræðsludeild Þjóðleikhússins, „um viðhorf sín til móðurmálsins og um viðskipti sín við það, um ást sína á því, um örðugleikana þegar klæða skal hugsanir í búning þess. Málið hefur birst í ljóðum skálda í öllum sínum margbreytileika, oft í hátíðlegu orðalagi en stundum í uppreisn gegn viðtekinni kveðskaparvenju.“ Eysteinn Þorvaldsson þýðandi hefur valið efni sem verða notuð sem dæmi um kvæði skálda um tungumálið og málnotkun þeirra og nýtur fulltingis leikara Þjóðleikhússins við flutninginn. Sérstakur gestur er Þórarinn Eldjárn, sem les úr eigin verkum og spjallar við Eystein um leikinn að orðum. Húsið verður opnað kl. 20.30 og dagskráin hefst kl. 21.00. Aðgangseyrir er 500 krónur.



**ÞÓRARINN ELDJÁRN** Ræðir við Eystein Þorvaldsson um kúnstina að yrkja. FRÉTTABLAÐIÐ/ HARI

## > Ekki missa af...

Hláturtíð í Borgarleikhúsinu, fjölbreytt og sprenghlægileg dagskrá framundan.

Síðkjólaballi í Íslensku óperunni á sunnudaginn, einvala lið tónlistarfólks skemmtir og dansað verður um allt hús að erlendum sið.

Málþinginu List án landamæra sem verður haldið í ráðstefnusal Orkuveitunnar á morgun milli kl. 13-18.


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

Fim. 27/4, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4 nokkur sæti laus, fim. 4/5 nokkur sæti laus, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5, fös. 12/5 nokkur sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 örfá sæti laus, lau. 29/4 örfá sæti laus.
**Aðeins þessar 3 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 örfá sæti laus, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**, fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt. Ósóttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Ljóðs manns æði. Sótt og dauði íslenskunnar.** Í kvöld þri. 25/4 kl. 21:00.
**Jassklúbburinn Múlinn - Patagonia.** Mið. 26/4 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


# Af tilgerðarlausri ástríðu

**Rúnar Helgi Vignisson hlaut Íslensku þýðingaverðlaunin 2006 fyrir þýðingu á skáldsögunni Barndómi eftir J.M. Coetzee en hann hefur á undanförnum árum gert metnaðarfullar þýðingar á verkum margra af merkustu höfundum samtímans.**



**RÚNAR HELGI VIGNISSON** Binst höfundum sínum sterkum böndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

Rúnar Helgi leggur líf sitt og sál í þýðingarnar og grínast með að vita ekki hversu lengi hann muni tóra ef hann heldur áfram að þýða stórvirki bókmenntanna. „Ég set svo mikið af sjálfum mér í þessa vinnu,“ útskýrir hann, starf þýðandans er gjöfult en krefjandi og slítandi. Þýðingar eru ástríða og hann binst höfundunum sínum sérstökum böndum, kynnir sér ævi þeirra og önnur störf og les jafnvel heildarverk þeirra. „Þessu fylgir líka mikil kynningarstarfssemi, greinaskrif og slíkt - sumir segja að þetta jaðri við kristniboð hjá mér,“ segir hann kíminn en líklega tengist það líka kennaranum sem blundar í þýðandanum, útgefandum og rithöfundinum Rúnari Helga.

Hann segist ekki þýða bækur nema hann finni ástríðu í söguninni. „Ekki nema maður sé þeim mun blankari,“ bætir hann við hlæjandi. Þegar litið er á afrekslistann hans kemur samt í ljós að þar eru engar blankheitabækur heldur þýðingar á verkum ekki minni spámanna en Williams Faulkner, Philips Roth og Ians McEwan. Honum þykir sjálfum vænst um þýðinguna Á Ljósi í ágúst eftir Faulkner, skáldsögu sem átti hug hans allan og starfskrafta í tvö ár.

### Græna húsið

Á síðasta ári stofnaði Rúnar Helgi útgáfufyrirtækið Græna húsið ásamt eiginkonu sinni, Guðrúnu Guðmundsdóttur. Ástæðan var sú að að starf útgáfustjórans eða ritstjórans var eitt af fáum ritstörfum sem Rúnar hafði ekki sinnt en vildi prófa. „Hugsunin var einnig að losna undan kvöðum einhverra ósýnilegra ritstjóra sem ég bjó mér til í huganum,“ segir Rúnar Helgi. Framtakið varð að sönnu frelsandi fyrir rithöfundinn og fyrir síðustu jól gaf Rúnar Helgi út skáldsöguna Feigðarflan hjá sínu Græna húsi, bók sem af sumum er talin hans besta frumsamda verk til þessa. Áður hefur Rúnar Helgi gefið út fjórar skáldsögur og smásagnasafn auk fjölmargra þýðinga.



**VERÐLAUNAHAFAR ÁSAMT FORSETA** Rúnar Helgi ásamt hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands. og Sigurði A. Magnússyni, handhafa fyrstu heiðursverðlauna Bandalags þýðenda og túlka. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### Smásögur heimsins

Á borðinu er líka stórt verkefni sem Rúnar Helgi starfar að fyrir annað hús en verkefnið, sem ber vinnuheitið Smásögur heimsins, er í bígerð fyrir útgáfufyrirtækið Bjart. Rúnar Helgi ritstýrir verkefninu og mun einnig þýða talsvert af þeim sögum sem ritaðar eru á ensku. „Þetta verður bók sem mun innihalda rjómann af smásögum heimsins,“ útskýrir hann en safnið verður bæði sögulegt og alþjóðlegt yfirlit með 30-50 smásögum. „Svona bók gæti auðveldlega orðið tvö þúsund síður og mér myndi ekki endast aldur til þess að lesa allar góðu smásögurnar sem hafa verið skrifaðar,“ segir Rúnar Helgi, sem á augljóslega mikið verk fyrir höndum að velja sögur í slíkt rit.

### Þýðing verðlauna

Íslensku þýðingaverðlaunin eru kærkominn hvatning fyrir Rúnar Helga. „Það er gott að fá stimpil frá viðurkenndum aðilum,“ segir hann og bætir við að ritstörfin séu ekki alltaf dans á rósum, tískan sé breytileg og því séu þýðendur og höfundar ef til vill ekki vissir um ágæti og viðtökur verka sinna. „Svona viðurkenning hefur jafnmikla þýðingu fyrir fólkið í kringum mann,“ áréttar hann.

Bókaútgáfa Græna hússins mun halda áfram að blómstra. Rúnar Helgi er að þýða söguna um Sólvæng, framhald barnabókarinnar Silfurvængur eftir Kenneth Oppel sem kom út fyrir síðustu jól og vakti mikla lukku barna og annarra gagnrýnenda. „Ferðaskrifstofa íslenskrar tungu“ eins og fyrirtækið er kallað á heimasíðu þess er í stöðugri þróun og Rúnar Helgi segir það munu koma í ljós hvort þau hjónin víkki út starfsemina eða hvort hún muni halda áfram að snúast að mestu um höfundarverk hans.

Í kvöld gefst lesendum og öðrum áhugasömum kostur á að kynnast verkum Rúnars Helga betur því hann verður gestur á Skáldspírukvöldi Lafleurútgáfunnar í Iðuhúsinu við Lækjargötu og hefst dagskráin kl. 20.

**kristrun@frettabladid.is**




BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14 SÍÐASTA SÝNING Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS Su 21/5 kl. 20 UPPS
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING

VILTU FINNA MILLJÓN?

Forsýningar miðaverð 1.500 kr.
Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

MIKE ATTACK

Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 30/4 kl. 14 Su 7/5 KL. 14
Su 14/5 kl. 14 MIÐAVERÐ 1.900 kr.

TYPPATAL

Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 KL. 20
MIÐAVERÐ 2.500 Kr

BELGÍSKA KONGÓ

Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20
Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Fi 27/4 kl. 20 AUKASÝNING
Su 30/4 kl 20 AUKASÝNING
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR

Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN

Fö 28/4 kl. 20 Fö 19/5 kl. 20
Su 21/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Fö 28/4 kl. 20 Fö 5/5 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

TENÓRINN

Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20

HLÁTURHÁTÍÐ

Opnunarhátíð fö 28/4 kl. 16-18
Grín til góðs! Til styrktar Umhyggju, félagi langveikra barna.
MIÐAVERÐ 1.000 kr.
Fi 4/5 kl. 22:30 UPPISTAND
Fi 11/5 kl. 22:30 PÍKUSÖGUR OG PÖRUPILTAR
Fi 18/5 kl. 22:30 LEIKTU FYRIR MIG
Fi 25/5 kl. 22:30 BANANABIKARINN
Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ
MIÐAVERÐ 1.000 kr.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - Örfá sæti laus
Sun. 14. maí kl. 19 - Lau. 20. maí kl. 19
Lau. 27. maí kl. 19 - Lau. 3. júní kl. 19
Lau.10. júní kl. 19 - AÐEINS SÝND Í MAÍ OG JÚNÍ

SÖNGVARABALL ÍSLANDS
Söngvarar, söngáhugafólk, vinir, vandamenn og velunnarar sönglistar - allir velkomnir
Sun. 30. apríl kl. 20 - Miðaverð kr. 2.500

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

22 23 24 **25** 26 27 28

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 20.00 **Amnesty International** sýnir heimildamyndina Born Slave í **Alþjóðahúsinu** við Hverfisgötu. Myndin fjallar um þrælahald í **Máritaníu** sem var afnumið 1981 en viðgengst þó enn í landinu.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.05 **Bruce Clunies Ross** heldur fyrirlestur um ástralska píanóleikarann og tónskáldið **Percy Grainger** (1882-1961). Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku í stofu 101 í **Odda**.

☐ 12.05 Lokafyrirlestur **Sagnfræðingafélagsins** í **Þjóðminjasafninu**. **Erla Hulda Halldórsdóttir** sagnfræðingur fjallar um konur og útrás.

### BÆKUR

☐ 20.00 **Skáldspírukvöld** í **Iðuhúsinu** við **Lækjargötu**. Sérstakur gestur **Lafleurútgáfunnar** verður **Rúnar Helgi Vignisson**, rithöfundur, útgefandi og þýðandi.

### MÁLÞING

☐ 13.00 **List án landamæra** í ráðstefnusal **Orkuveitunnar** að **Bæjarhálsi 1**. Fjallað verður um landamæri í menningum og viðhorfum. Fundarstjórar **Sigursteinn Másson** og **Steindór Jónsson**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


**VIÐTALIÐ**
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

**Edward Bond Leiksmiðja**
Breska leikskáldið Edward Bond stýrir leiksmiðju og flytur fyrirlestur í Hafnarfjarðarleikhúsinu laugardaginn 28. apríl frá kl. 10 - 17.

*Áhugasamir velkomnir*

AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ

IÐNÓ

*Leikfélagið Snúður og Snælda* sýnir leikritið
**GLÆPIR OG GÓÐVERK**
**Byggð á verki Antons Delmer, "Don't utter a note"**
**Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson**
**leikgerð: Sigrún Valbergsdóttir**

**Sýningar í IÐNÓ**
**14. sýning mið. 26. april** kl. 14.00
**15. sýning sun. 30. apríl** kl. 14.00
*Ath! síðustu sýningar..*

**Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700 og við innganginn**
**www.midi.is**
**Miðaverð kr. 1.200**









**ERT ÞÚ FORELDRI grunnskólabarns?**

SAMFOK

Þá átt þú erindi á opinn fund um framtíð grunnskólans í Reykjavík á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 26. apríl n.k. kl. 20:00

**SAMFOK,** samband foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur, gengst fyrir opnum fundi með fulltrúum þeirra stjórnmálaflokka sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík í vor.

Frambjóðendur munu hafa stutta framsögu um hvernig þeir hyggjast forgangsraða innan málaflokksins: Uppeldi og menntun grunnskólabarna og samstarf foreldra, skóla, íþróttahreyfingar og tómstundaaðila.

Eftir framsögur verður opnað fyrir fyrirspurnir og umræður.

Foreldrar grunnskólabarna og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta á fundinn. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á **samfok@samfok.is** eða í síma 562-7720.

**Átaksnámskeið**
**í Hress hefjast 3. og 4. maí.**

8 VIKNA ÁTAK

**33 kg**
**Eva Dís Björgvinsdóttir**

*Fyrir*





*Eftir*

**13 kg**
**Bolli Eyþórsson**

*Fyrir*





*Eftir*

**INNIFALIÐ Í VERÐI:**
- Þrír lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar á viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálsmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

ROPE YOGA WORKOUT

**Sumartilboð kr.15.000.-**



Robe yoga námskeiðin hefjast 3. og 4.maí

EAS

**Kvennaátakstímar kl. 6.05, 10.15 og 18.30**
**Karlaátakstímar kl. 18.30**

**Verð kr 17.990.-**
**Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2212 eða á mottaka@hress.is**

HRESS
HEILSURÆKT

Dalshrauni 11 220 Hafnarfirði
Sími 565 2212 www.hress.is



# Tvær stjörnur
## Manstu gamla daga

Ragnheiður Gröndal og Eivør Pálsdóttir eiga það sameiginlegt að hafa skotist upp á stjörnuhimininn á leifturhraða! Þetta eru spennandi tónleikar þar sem helstu dægurperlur okkar verða fluttar. Nánast uppselt varð á skömmum tíma á tónleikana en nú hefur tekist að bæta við aukatónleikum. Þú getur tryggt þér miða núna á www.sinfonia.is.

FIMMTUDAGINN **27. APRÍL** KL. 19.30 – ÖRFÁ SÆTI LAUS
FÖSTUDAGINN **28. APRÍL** KL. 19.30 – **AUKATÓNLEIKAR**

Hljómsveitarstjóri ::: Benjamin Pope
Einsöngvarar ::: Eivør Pálsdóttir og Ragnheiður Gröndal
Kynnir ::: Ragnheiður Ásta Pétursdóttir

Manstu gamla daga – íslenskar dægurperlur í útsetningu Hrafnkels Orra Egilssonar

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**FL Group** er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands

SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**

fjörið ... **fólk**
folk@frettabladid.is

# Bannað að hrjóta í kínverska hernum

Kínverski herinn hefur gripið til sterkra meðala til að skilja hafrana frá sauðunum. Héðan í frá verður engum með húðflúr hleypt í herskóla landsins, allir umsækjendur þurfa að gangast undir sálfræðimat og lyfjapróf og mega ekki hrjóta ofan í kaupið.

Frelsisher lýðveldisins gaf út hin nýju inntökuskilyrði á sunnudag og þar segir að þar sem húðflúr séu til þess fallin að gengisfella ímynd hersins verði þau bönnuð og jafnvel þeir sem bera ör eftir að hafa látið fjarlægja húðflúr af sér fá ekki inngöngu. Undantekning verður þó gerð fyrir þá sem bera húðflúr sem er einkennandi fyrir sinn ættbálk, svo lengi sem það sjáist ekki þegar þeir eru í stuttbuxum. Þar til bærir sérfræðingar verða látnir meta andlegt ástand umsækjandanna auk þess sem þeir verða látnir gefa þvagsýni fyrir lyfjapróf svo hægt sé að ganga úr skugga um að þeir hafi ekki neytt ólöglegra vímugjafa. Ekki hefur verið greint frá hvernig sannreynt verður hvort umsækjendur hrjóti hátt eða ekki.

Talsmenn hersins segja að með þessu móti vilji þeir í senn sporna óreglu meðal ungs fólks, en vímuefnavandi er vaxandi vandamál í Kína, og tryggja að aðeins úrvalsfólk veljist í herinn. Þannig verði herinn eftirsóknarverður kostur fyrir ungmenni sem muni hvetja þau til að breyta rétt til að eiga möguleika á inngöngu.



**KÍNVERSKIR HERMENN** Ekki verður ráðið af myndinni hvort þessir hrjóti hátt.
NORDICPHOTOS/AFP

## HVERNIG VELUR ÞÚ LJÓÐ?



Til að kjósa þitt ljóð sendir þú einfaldlega SMS-skeyti, eitt eða fleiri.

Ef þú kýst ljóð **Ástu** sendir þú SMS-skeytið **JA L2** í númerið 1900*.
Ef þú kýst ljóð **Unnar** sendir þú SMS-skeytið **JA L6** í númerið 1900*.

* Hvert skeyti kostar 99 krónur.

Dregið verður úr innsendum SMS-skeytum á hverjum degi. Vinningshafi dagsins fær bókina Minningar um döpru hórurnar mínar eftir Gabriel Garcia Marquez.

# Úrslitaviðureign Sigurskáldsins

Í dag mætast ungskáldin Ásta Heiðrún Elísabet Pétursdóttir og Unnur Andrea Einarsdóttir í úrslitaviðureign Sigurskáldsins 2006, ljóðakeppni Eddu og Fréttablaðsins. Dómnefnd valdi átta ljóð af um 400 innsendum ljóðum í aðalkeppnina og nú standa Æðar Japans og nafnlaust ljóð Ástu tvö eftir. Unnur hafði betur en Atli Bollason í fjögurra ljóða úrslitum og Ásta komst í úrslitin eftir sigur á Hildi Lilliendahl Viggósdóttur í gær.

Lesendur fá því nú tækifæri til þess að velja Sigurskáldið með því að kjósa það ljóð sem þeim hugnast betur í SMS-kosningu. Sigurvegarinn verður svo kynntur í blaðinu á miðvikudag.



**ÁSTA HEIÐRÚN ELÍSABET PÉTURSDÓTTIR** Fædd 1984.

Það er eins og í sálinni
svamli óragrúi tilfinninga.
Straumþungt stórfljót
sem streymir í átt að ljóði.

Ekki bara hvaða ljóði sem er
heldur
innihaldsríku og djúpu.

En þar liggur vandinn
ég er bara stelpugopi.

Ég er hvorki ástfangin
né í ástarsorg.
Ég hef ekki skoðanir á varnarliði
eða vatnalögum.

Ég hef enga sérstaka innsýn
í mannlegt eðli.
Eða get skrifað á hnyttinn hátt
um hátterni fólks.

En ég veit að Marissa skaut Trey,
í ðe ósí.
Og Rory Gilmore svaf hjá Dean,
þó hann væri giftur.

Bara.
Bara ef ég væri alvöru.
Alvarleg með skoðanir á hreinu.
Þá gæti ég kannski túlkað
þessar tilfinningar sem krauma
innra með mér.

### Álit dómnefndar:

**Kristján Bjarki Jónasson:**
Sannleikurinn um okkur öll, sagður á umbúðalausan og glæsilegan hátt. Flott ljóð.

**Ragnheiður Eiríksdóttir:**
Raunsæi ungra kvenna í dag, þar sem raunverulegasti hlutur lífs þeirra er bandarískur sjónvarpsþáttur. Þráin eftir frekari dýpt verður sjálf dýptin.

**Þórarinn Þórarinsson:**
Afskaplega „ljóðalegt" ljóð sem fangar vel angistina sem fylgir því að vera hugsandi manneskja í neyslusamfélagi.



**UNNUR ANDREA EINARSDÓTTIR** Fædd 1981.

### Álit dómnefndar:

**Kristján Bjarki Jónasson:**
Sambandsslit sett í algerlega nýtt og magnað samhengi. Frumleiki, kraftur og fyndnir taktar.

**Ragnheiður Eiríksdóttir:**
Eins og súrrealísk bíómynd, eða manneskja á barmi sturlunar. Það tvennt er bæði mjög spennandi og þetta ljóð er það líka. Fær mig til að hugsa um eldrauðan varalit.

**Þórarinn Þórarinsson:**
Það er eitthvað eitthvað ómótstæðilegt við skapahár í ljóðum. Erótík og dauði er svo auðvitað sígildur dúett þannig að þetta kveikir vel í manni.

**Æðar Japans**

Meðan þú bróderar dreka í dúnúlpuna þína, plokka ég af mér píkuhár til þess að þú verðir ekki uppiskroppa með tvinna. Þú gerir lítið úr fórn minni og segir frá því hvernig fyrrverandi kærasta þín frá Japan hafi eytt fjórum klukkutímum á dag í að plokka æðarnar úr rækjunum sem hún hafi vandlega valið í rækjusalatið þitt. Ólýsanlegur glæsibragur hafi verið yfir agaðri beitingu hennar á flísatönginni sem hún hafði sjálf steypt úr skartgripum ömmu sinnar.

Þegar þú sefur stelst ég til að strengja tippahárin þín í litla hörpu og spila á þau lag sem ég hef samið um þig. Svo dansa ég í takt við andardrátt þinn. Þú vaknar meðan ég er að slamma við þungarokkshroturnar í þér. Þú hlærð einsog freðinn risarostungur og eftir hálftíma af óbærilega sársaukafullum þrumuhlátri, hjóla ég rakleiðis á barinn og þamba að botninum á viskíflösku.

Þú finnur mig næsta morgun þar sem ég ligg dauð á framrúðunni á bláum Volvo. Þú starir inní blóðhlaupin augu eftir hamfaraflóð af áfengum tárum.

Þú segist vilja slíta sambandinu því þú sért eiginlega meira fyrir japanskar konur.





2 fyrir 1 á sérstakar MasterCard forsýningar á einni fyndnustu mynd ársins — Rauðhetta eins og þú hefur aldrei séð hana áður! Þú vilt ekki missa af þessari!

MasterCard korthafar fá 2 miða á verði eins á neðangreindar sýningar, greiði þeir með kortinu.

Myndin verður frumsýnd með íslensku og ensku tali 28. apríl í Smárabíói, Regnboganum, Laugarásbíói, Borgarbíói Akureyri og Selfossbíói.

**2 fyrir 1 á þessar sýningar**

SMÁRABÍÓ 25. apríl kl. 20.00 - enskt tal

REGNBOGINN 26. apríl kl. 18.00 - íslenskt tal

LAUGARÁSBÍÓ 27. apríl kl. 18.00 - íslenskt tal

Bíóklúbbur MasterCard
- góða skemmtun!

Nánar á www.kreditkort.is/klubbar

# FYRSTA DIGITAL KVIKMYNDAHÚSIÐ
# Á ÍSLANDI

ÁRIÐ 2006 VERÐUR BYLTING Í SÖGU ÍSLENSKRA KVIKMYNDAHÚSA, ÞEGAR SAMBÍÓIN KRINGLUNNI VERÐUR FYRSTA STAFRÆNA KVIKMYNDAHÚSIÐ Á ÍSLANDI. FYRSTA STAFRÆNA SÝNINGARVÉLIN VERÐUR VÍGÐ FIMMTUDAGINN 27. APRÍL N.K. EN ÞÁ VERÐUR SÉRSTÖK BOÐSSÝNING Á DISNEY/PIXAR MYNDINNI CARS (BÍLAR).

Cars

*1889 FYRSTA KVIKMYNDIN*

*1926 FYRSTA KVIKMYNDIN Í LIT*

*1928 FYRSTA KVIKMYNDIN MEÐ TALI/HLJÓÐI*

*1989 FYRSTA KVIKMYNDIN Í THX Á ÍSLANDI*

*2006 FYRSTA STAFRÆNA KVIKMYNDASÝNINGIN Á ÍSLANDI*

FYRIRHUGAÐAR STAFRÆNAR SÝNINGAR Á ÁRINU:













MISSION IMPOSSIBLE 3 - THE WILD - PIRATES OF THE CARIBBEAN: DEAD MAN'S CHEST
OVER THE HEDGE - POSEIDON - SUPERMAN RETURNS - CARS

SAMBÍÓIN




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |
| DATE MOVIE | kl. 4, 6 og 10 B.I. 14 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 | kl. 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 5.30 |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 | kl. 6 og 8 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 6 M/ÍSL. TALI |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI AMNESTY INTERNATIONAL Mannréttindasamtökin Amnesti International sýna í kvöld mynd um þrælahald. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

# Nútímaþrælahald

Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa um skeið staðið fyrir reglulegum kvikmyndasýningum í Alþjóðahúsinu. Í kvöld sýnir Amnesty sænsku myndina „Born Slave“ sem fjallar um þrælahald í Máritaníu, sem er eitt af Vestur-Afríkuríkjunum og liggur að Senegal. Þrælahald var afnumið í landinu samkvæmt lögum árið 1981 en tíðkast þar enn í miklum mæli. Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty á Íslandi, segir að allt að áttahundruð þúsund til milljón manns séu enn í dag í haldi Mára, frumbyggja Máritaníu. „Myndin byggir á viðtölum við fólk sem tekist hefur að losna undan þrælahöldurum og segir fólkið frá aðstæðum sínum og aðbúnaði á þeim tíma sem það var í haldi.“ Jafnframt er rætt við fólk sem vinnur að mannúðarmálum á svæðinu en samtökin SOS-Slavery eru meðal þeirra frjálsu félagasamtaka sem hafa unnið að því að aðstoða fólk við að losna úr prísundinni og hjálpa því að hefja nýtt líf. „Annars er hugmyndin að þessarri sýningu sú að benda á hversu gífurlega fyrirferðarmikið þrælahald eða form af þrælahaldi, svo sem mansal og vændi, er víða, til dæmis í Vestur-Afríku, í Suður-Ameríku, Asíu og Austur-Evrópu,“ útskýrir Jóhanna.

Hún mun halda erindi um málefni Máritaníu áður en myndin hefst en sýningin byrjar kl. 20. Aðgangur er öllum opinn. - bb

# Misheppnuð gamanmynd

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Ég fór á þessa mynd með gjörsamlega engar væntingar en náði þó að verða fyrir vonbrigðum. Sem er ekki gott. Hún fjallar um Paulu, sem sérhæfir sig í því að hjálpa ósjálfstæðum mönnum sem búa hjá foreldrunum að fljúga úr hreiðrinu. Það eru foreldrarnir sem ráða hana og hún heillar mömmustrákana upp úr skónum, þykist vera kærasta þeirra og í flestum tilvikum tekst henni vel upp og fær skjólstæðinginn til að flytja að heiman. Hins vegar er annað uppi á teningnum þegar hún kynnist Trip, þar sem hann er svo ómótstæðilega heillandi karakter (hahaha) að hún ræður ekki við sig heldur verður ástfangin af honum og setur það strik í reikninginn.

Aðalhlutverkin leika þau Sarah Jessica Parker (S.A.T.C. vinkona mín sem veldur mér sífelldum vonbrigðum með verkefnavali sínu) og Matthew McConaughey. Þau standa sig ágætlega sem ástfangið par í þessari mynd þó að afbrigðilegur húðlitur og tannlitur þeirra hafi haft truflandi áhrif á mig en þau eru á litinn eins og appelsínur með sjálflýsandi tennur alla myndina.

Söguþráðurinn er hinn hörmulegasti og gerður enn hörmulegri af handritshöfundum með því að bæta inn fáránlegu dýragríni með reglulegu millibili. Þarna koma við sögu árásargjarn höfrungur, íkorni og hermikráka svo eitthvað sé nefnt og gera þessir litlu aukaleikarar það að verkum að myndin verður heldur lélegri en hún hefði getað orðið. Það er mér óskiljanlegt hvers vegna ekki er hægt að gera gamanmynd í dag án þess að bæta einhverjum ólukkans fíflalátum í hana. Hér er ég til dæmis að hugsa til ógeðsmyndanna Meet the Parents og Meet the Fuckers en þessi mynd er af sama sauðahúsinu þó svo að kjánaskapurinn sé kannski heldur minni hér.

Ef ekki væri fyrir allt dýraglensið hefði myndin verið vel þolanleg og jafnvel bara pínu skemmtileg. Þarna má alveg finna nokkra brandara sem hægt er að hnussa við ef vel er leitað. Zooey Deschanel er ágæt í sínu hlutverki og Sarah er náttúrlega voða sæt. Það er því ekki ólíklegt að þeir áhorfendur sem þjást ekki af krónískum aulahrolli yfir dýragríninu muni jafnvel hafa gaman af þessari mynd.

Að lokum vil ég biðja bíóauglýsinga-lesara um að hætta að kalla myndina „Failure to Lunch“ í auglýsingunum. Myndin fjallar ekki um misheppnaðan hádegisverð og þessi rangi framburður lesaranna gæti því valdið nokkrum misskilningi. Í rauninni ætti myndin að heita „Failure to Make a Good Romantic Comedy“ en það er kannski óþarfi að fara nánar út í það.

Borghildur Gunnarsdóttir



**FAILURE TO LAUNCH**

LEIKSTJÓRI: TOM DEY

AÐALHLUTVERK: SARAH JESSICA PARKER, MATTHEW MCCONAUGHEY, KATHY BATES, ZOOEY DESCHANEL.

**Niðurstaða:** Ef ekki væri fyrir allt dýraglensið hefði myndin verið vel þolanleg og jafnvel bara pínu skemmtileg. Þarna má alveg finna nokkra brandara sem hægt er að hnussa við ef vel er leitað. Það er því ekki ólíklegt að þeir áhorfendur sem þjást ekki af krónískum aulahrolli yfir dýragríninu muni jafnvel hafa gaman af þessari mynd.










**TAKE THAT** Strákasveitin kom saman að nýju í Newcastle á sunnudagskvöldið og söng sjálfur Robbie Williams með en eingöngu sem heilmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Robbie með Take That

Árið 1996 lagði strákasveitin Take That upp laupana eftir að hafa tryllt ófáar unglingstúlkur með sykursætu útliti og þaulæfðum danssporum. Tíu árum síðar eru strákarnir komnir aftur saman og voru fyrstu tónleikarnir í Newcastle en þeir mörkuðu upphaf tónleikaferðar um Bretland. Ástæða þess að Take That hætti á sínum tíma var stöðugt ósætti forsprakkans Gary Barlow og Robbie Williams en sá síðarnefndi þótti nokkuð ódæll og hallur undir margvísleg vímuefni, sem samræmdist ekki ímynd sveitarinnar. Þegar Williams hóf sinn eigin tónlistarferil nýtti hann vinsældir sínar óspart til að skjóta á Barlow, sem náði sér engan veginn á strik eftir að Take That hætti störfum. Stríðsöxin virtist hins vegar hafa verið grafin að hluta á tónleikunum því Williams birtist sem þriggja metra há heilmynd á sviðinu og söng með sveitinni í laginu Could It Be Magic.

# Kynlífsþræll Madonnu

Breska blaðið News of the World birti á sunnudaginn viðtal við fyrirsætuna Jenny Shimizu, sem upplýsti að hún hefði átt í eldheitu ástarsambandi við poppdrottninguna Madonnu. Shimizu var einnig á síðum blaðsins fyrir viku þegar hún sagðist hafa verið kærasta leikkonunnar Angelinu Jolie og tjáði blaðamanni að Jolie yrði aldrei jafn hamingjusöm og þær voru. „Marga karlmenn dreymir um að komast í kynni við þær tvær en ég lét drauminn rætast,“ sagði Shimizu, nokkuð kokhraust.

Viðtalið er nokkuð svæsið og er hvergi dregið undan í kynlífslýsingunum. „Hún sá mig í tónlistarmyndbandi og vildi fá að hitta mig í einrúmi,“ segir Shimizu. „Hún bauð mér síðan í kvöldmat en þar gerðist ekkert. Við fundum hins vegar báðar fyrir miklum straumum,“ bætir Jenny við en hún er gift Rebeccu Loos, sem komst í heimsfréttirnar eftir að í ljós kom að hún hafði verið viðhald knattspyrnukappans David Beckham. „Við hittumst síðan aftur í teiti og þá hafði ég á tilfinningunni að við myndum eyða nóttinni saman,“ segir Jenny og viðurkenndi að hún væri mikill aðdáandi Madonnu. „Ég hef horft á myndböndin hennar frá fjórtán ára aldri og alltaf viljað sofa hjá henni,“ útskýrir Jenny í viðtalinu. Þær hafi síðan átt nokkrar funheitar nætur saman á hótelherbergjum í kjölfarið.



**JENNY SHIMIZU** Hefur upplýst að hún hafi átt í eldheitu ástarsambandi við Madonnu en í síðustu viku komst Shimizu á forsíðurnar eftir að hafa sagt frá átta ára sambandi sínu við Angelinu Jolie. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**MADONNA OG GUY RITCHIE** Ekki er vitað hver viðbrögð Guy voru við fréttum blaðsins News of the World um meint ástarsamband eiginkonu hans við Jenny Shimizu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Þetta var ekki tilfinningalegt heldur var ég kynlífsþrællinn hennar.“





ÞAÐ SKPTIR ENGU MÁLI HVERSU GOTT PARTÍIÐ ER EF ÞAÐ ENDAR ÖMURLEGA

UMFERÐARSTOFA



## Valur vék fyrir Garðari

Leikur Vals og ÍR í DHL-deild karla í handbolta, sem fara átti fram í Laugardalshöllinni á laugardag, hefur verið færður yfir í Víkina. Vegna mistaka var Höllin tvíbókuð þennan dag en um kvöldið eru á dagskrá stórtónleikar með Garðari Thor Cortes og Katherine Jenkins.

**sport**

sport@frettabladid.is

LEIKNISMAÐURINN HALLDÓR KRISTINN HALLDÓRSSON: ÞEKKTI EKKI GRÉTAR RAFN STEINSSON Í SJÓN

# „Eigum við ekki bara að tala íslensku?“



Varnarmaðurinn ungi hjá Leikni, Halldór Kristinn Halldórsson, er kominn aftur til landsins eftir að hafa dvalið í vikutíma á reynslu hjá AZ Alkmaar í Hollandi. Eins og kunnugt er spilar landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson með liði AZ og segist Halldór hafa verið kunnugt um það áður en hann hélt utan. Það er þó ekki í frásögur færandi nema að þegar þeir hittust í fyrsta sinn í Hollandi hafði Halldór ekki hugmynd um við hvern hann var að tala.

„Ég hitti hann fyrst á hótelherberginu mínu. Hann gekk inn í herbergið og sagði hæ. Ég sagði á móti „english, please“. Hann gaf mér skrítinn svip og sagði síðan: „Eigum við ekki bara að tala íslensku, vinur?“ Þetta var mjög sérstakt. Ég vissi ekkert hver þessi náungi væri,“ segir Halldór, sem augljóslega hefur ekki gert mikið af því að horfa á leiki íslenska landsliðsins að undanförnu. „Við getum orðað það svo að mér finnst mun skemmtilegra að spila fótbolta en að horfa á hann. Ég vissi ekkert hvernig Grétar leit út,“ segir Halldór en hann og Grétar gátu hlegið að misskilningnum það sem eftir var dagsins.

Halldór, sem er nýorðinn átján ára gamall, æfði með varaliði AZ í viku og lék einn leik með U-19 ára liði félagsins. „Ég held að mér hafi gengið bara nokkuð vel og ég get vel hugsað mér að fara til þessa liðs. Þeir hafa sagt mér að þeir hafi verið ánægðir með mig en að það vanti nokkuð upp á grunntæknina. Þeir ætla að fylgjast með mér í U-19 ára landsliðinu og ef vel gengur þar getur allt gerst,“ sagði Halldór að lokum.

### > Stórskytta til ÍBV?



Kvennalið ÍBV í handboltanum hefur átt í viðræðum við rúmensku stórskyttuna Alinu Petrache um að hún gangi til liðs við Eyjaliðið á næstu leíktíð. Petrache þessi leikur með Constanta og fór mikinn í tveimur leikjum liðsins gegn Valsstúlkum í undanúrslitum Áskorendakeppni Evrópu. Leikmenn Vals réðu ekkert við hana í leikjunum tveimur, en samtals skoraði Petrache 26 mörk og er ljóst að þar er á ferð skytta sem yrði í allra fremstu röð á Íslandi. „Við erum að skoða málið og sjá hvort það er möguleiki á að fá hana. Við erum nokkuð spenntir,“ staðfesti Hlynur Sigmarsson hjá handknattleiksdeild ÍBV við Fréttablaðið í gær.



**FLORENTINA GRECU** Fagnar hér Íslandsmeistaratitlinum á dögunum.

Deildarbikar kvenna:

## Mun Grecu spila með ÍBV?

**HANDBOLTI** Lokaspretturinn á tímabilinu í kvennaboltanum hefst í kvöld þegar fyrstu leikirnir í hinni nýju keppni, deildarbikarnum, fara fram. Þáttökurétt hafa liðin sem enduðu í fjórum efstu sætum DHL-deildarinnar og er um að ræða útsláttarkeppni í anda úrslitakeppninnar sálugu.

Í Laugardalshöll mætast Valur og Haukar en í Eyjum taka Íslandsmeistarar ÍBV á móti Stjörnunni. Það hefur andað köldu á milli þessara liða og skotin gengið á víxl síðustu vikur eftir að ÍBV grunaði að markvörður sinn, Florentina Grecu, væri búinn að semja við Stjörnuna og kærði ÍBV málið í kjölfarið. Grecu lýsti því síðan yfir í viðtali við Fréttablaðið í síðustu viku að hún vildi breyta til og sagði að það væru 80% líkur á að hún spilaði með Stjörnunni á næstu leiktíð. Sumir Eyjamann hafa gengið svo langt að þeir vilja ekki sjá Grecu spila sé það rétt að hún sé á leið í Garðabæinn en ljóst er að þetta mál gerir viðureign liðanna áhugaverðari en ella.

Sigur í þessari keppni gefur sæti í Áskorendakeppni Evrópu á næsta ári. **- hbg**

# Skussarnir verðlaunaðir

**Hólmgeir Einarsson, stjórnarmaður í handknattleiksdeild ÍR, gagnrýnir vinnubrögð aðalstjórnar félagsins harðlega. Aðalstjórn hyggst hreinsa upp skuldir íþróttadeilda félagsins en deildin sem er með reksturinn í lagi fær enga umbun.**

**ÍÞRÓTTIR** Skíðadeild ÍR er búin að leigja Orkuveitunni skíðasvæðið sitt, Hengilssvæðið, og hefur einnig gefið leyfi á að svæðinu verði breytt í malarnámu. Mun deildin því flytja rekstur sinn yfir í Bláfjöll. Alls hagnast félagið á þessum aðgerðum um 30 milljónirr króna en ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig eyða eigi peningunum.

Aðalstjórn félagsins mælir með því að milljónunum verði skipt upp á eftirfarandi hátt: Skíðadeildin fær rúmar 6 milljónir í rekstrarfé. Síðan mælist aðalstjórnin til þess að frjálsíþróttadeildin fái 2,7 milljónir króna sem notaðar verði til að greiða upp lán. Sama á við um fótboltann og körfuboltann sem fá 6 milljónir króna hvort til að greiða upp lán en handknattleiksdeildin fær eina milljón til að greiða upp það litla sem deildin skuldar. Síðustu 8 milljónirnar fara síðan í sjóð sem verður í umsjá aðalstjórnar.

Þess utan mælist aðalstjórnin til þess að 11,2 milljóna króna skuld körfuknattleiksdeildarinnar verði afskrifuð, sem og 1,2 milljón króna skuld knattspyrnudeildarinnar við aðalstjórn. Með öðrum orðum þurrkast út 17,2 milljóna króna skuld körfuknattleiksdeildarinnar á einu bretti og knattspyrnudeildin verður laus við 7,2 milljóna króna skuld. Þessi tillaga hefur farið mjög illa í forkólfa handknattleiksdeildar ÍR, sem segja aðalstjórnina vera að senda út röng skilaboð.

„Það er einfaldlega verið að verðlauna skussana og þau skilaboð send út að engu skipti hversu óábyrgur rekstur þeirra sé. Það verði alltaf hreinsað upp eftir þá. Við sem höfum verið að reka okkar deild skynsamlega fáum síðan ekkert fyrir okkar snúð þegar loksins kemur peningur en við hefðum svo sannarlega getað nýtt eitthvað af þessum peningum sem karfan og fótboltinn er að fá þegar við misstum allt okkar lið fyrir ári síðan. Þrátt fyrir missinn héldum við rekstrinum í réttu formi og fórum ekki að eyða peningum sem við eigum ekki,“ sagði Hólmgeir Einarsson, sem staðið hefur í stafni handknattleiksdeildarinnar til margra ára en er að draga sig út af heilsufarsástæðum. Hann tók sig til á sínum tíma og hreinsaði upp skuldir handknattleiksdeildar með hjálp góðra manna á sínum tíma og hefur æ síðan rekið deildina án þess að stofna til skulda.



**ÓSÆTTI** Innan þessara veggja í ÍR-heimilinu verður eflaust hart tekist á um hvað gera skuli við milljórnir þrjátíu sem fást fyrir leigu Hengilssvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Sjáðu síðan hvernig deildirnar bregðast við þegar þær sjá að það er verið að fara að draga þær upp úr skuldafeninu. Körfuknattleiksdeildin semur við dýrasta þjálfara landsins og svo er spurning hvort honum fylgi ekki dýrir leikmenn. Knattspyrnudeildin tilkynnir síðan að kvennaliðið ætli að flytja inn þrjá erlenda leikmenn og auglýsir eftir húsnæði. Með öðrum orðum virðast þessar deildir ætla að fara beint í sama farið og stofna aftur til skulda,“ sagði Hólmgeir þungur á brún en hann hefur ekki gefið upp alla von um að þessari tillögu verði breytt.

**henry@frettabladid.is**



**MALCOLM GLAZER** Er orðinn 78 ára gamall og aldurinn er farinn að segja til sín. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Malcolm Glazer:

## Fékk heilablóðfall á páskadag

**FÓTBOLTI** Malcolm Glazer, hinn hataði aðaleigandi Manchester United, hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi eftir að hafa fengið heilablóðfall á páskadag. Hinn 78 ára gamli Glazer, sem keypti meirihluta í Man. Utd. síðasta sumar, er enn ekki komið með fullt vald á máli sínu og er með skaddaða hreyfigetu hægra megin á líkamanum.

Í yfirlýsingu sem barst frá syni hans Joel segir að læknar búist við því að Malcolm nái góðum bata en þó er ekki víst að hreyfigetan komi aftur að fullu. **- vig**

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

22 23 24 **25** 26 27 28

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Valur** og **Haukar** mætast í deildarbikar kvenna í handbolta í Laugardalshöllinni.
- 19.15 **ÍBV** og **Stjarnan** mætast í deildarbikar kvenna í handbolta í Vestmannaeyjum.

**SJÓNVARP**

- 17.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn. Fjallað verður um HM í sumar.
- 18.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Villarreal** og **Arsenal.**




Karlalandslið Íslands í íshokkí tekur þátt í HM 3. deildar:

# HM fer fram alla vikuna í Skautahöllinni í Laugardal

**ÍSHOKKÍ** Þó að íshokkí sé tiltölulega ný íþróttagrein á Íslandi, og aðstæðurnar ekki verið upp á marga fiska þar til fyrir skömmu, hefur Íslendingum fleygt fram í íþróttinni enda metnaðarfullt og duglegt fólk sem stendur á bak við starfsemi íþróttarinnar.

Þetta fólk hefur nú ráðist í það stórverkefni að halda HM hér á landi. Ísland leikur í 3. deild en okkar menn féllu á grátlegan hátt úr 2. deild í fyrra á aðeins einu marki. Stefnan er að komast beint aftur upp úr 3. deildinni á heimavelli en mótið var sett í gærkvöldi og íslenska liðið mætti síðan liði Lúxemborg eftir mótssetningu í sínum fyrsta leik.




**ÁFRAM ÍSLAND** Fólk er hvatt til þess að mæta á völlinn og hvetja íslenska liðið til dáða á HM en Ísland ætlar sér að komast upp í 2. deild. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með Íslandi og Lúxemborg í riðli eru Armenía, Tyrkland og Írland en flest þessi lið eru frekar jöfn að getu og er búist við spennandi leikjum í Laugardalnum.

Ísland mætir Írlandi á miðvikudag, Armenum á fimmtudag og loks Tyrkjum á laugardag en allir leikir íslenska liðsins hefjast klukkan 20. **- hbg**



**STEVEN GERRARD** Var valinn bestur en auk hans voru tilnefndir Joe Cole, John Terry, Frank Lampard, Wayne Rooney og Thierry Henry. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Leikmaður ársins í Englandi:

# Steven Gerrard valinn bestur

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, hefur verið valinn leikmaður ársins í ensku úrvalsdeildinni, en þetta var tilkynnt á hófi sem haldið var í fyrrakvöld. Það eru leikmenn deildarinnar sem standa að þessu kjöri en í fyrra var það John Terry hjá Chelsea sem hreppti nafnbótina. Thierry Henry, leikmaður Arsenal, hafði verið valinn bestur tvö árin þar á undan. Þetta er í fyrsta sinn sem Gerrard er valinn besti leikmaðurinn en þess má geta að hann var valinn besti ungi leikmaðurinn árið 2001.

„Ég er í sjokki,“ sagði Gerrard eftir að honum höfðu verið afhent verðlaunin en daginn áður hafði hann spilað með liði Liverpool sem tryggði sér sæti í úrslitum bikarkeppninnar með sigri á Chelsea. „Þetta hefur verið stórkostleg helgi, ein sú besta í mínu lífi. Ég er mjög stoltur af þessari viðurkenningu,“ sagði Gerrard, en hann hristi af sér harða samkeppni frá Wayne Rooney. „Ég held að það sé aðeins tímaspursmál hvenær hann verður valinn bestur. Hann er framtíðin,“ sagði Gerrard. - vig

Besti ungi leikmaðurinn:

# Rooney vann í annað sinn

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney, sóknarmaður Manchester United, var valinn besti ungi leikmaður úrvalsdeildarinnar af leikmönnum hennar annað árið í röð. Talið er að Rooney hafi verið með nokkra yfirburði í kjörinu þó svo að Fabrice Fabregas, leikmaður Arsenal, hafi einnig átt frábæra leiktíð.

„Ég kaus Fabregas,“ viðurkenndi Rooney eftir að úrslitin voru gerð kunn en auk þeirra voru Cristiano Ronaldo, Darren Bent, Aaron Lennon og Anton Ferdinand tilnefndir. „Það er frábært að hreppa þennan titil aftur og ég vona sannarlega að ég verði í sömu sporum á næsta ári,“ sagði Rooney jafnframt. - vig

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| FULHAM-WIGAN | 1-0 |

1-0 Steed Malbranque (45.).

**Heiðar Helguson** var í byrjunarliði Fulham.

*Norska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| START-BRANN | 0-1 |

**Ólafur Örn** Bjarnason og **Kristján Örn Sigurðsson** léku allan leikinn fyrir Brann en **Jóhannes Harðarson** sat allan tímann á varamannabekk Start.

*Sænska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| DJURGÅRDEN-IFK GAUTABORG | 1-0 |

**Hvorki Kári Árnason** né **Sölvi Geir Ottesen** voru með Djurgården vegna meiðsla og **Hjálmar Jónsson** spilaði ekki fyrir Gautaborg.

| | |
|---|---|
| HELSINGBORG-AIK | 1-1 |
| ÖRGRYTE-GEFLE | 1-1 |

Villarreal tekur á móti Arsenal í seinni undanúrslitaviðureign liðanna í kvöld:

# Arsenal mun fá á sig meira en eitt mark

**FÓTBOLTI** Villarreal og Arsenal leiða saman hesta sína öðru sinni á tæpri viku í kvöld þegar liðin mætast í síðari leik sínum í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn fer fram á heimavelli Villareal en Arsenal er með 1-0 forystu úr fyrri leiknum sem fram fór á Highbury í síðustu viku.

Í gær var staðfest að Svisslendingurinn ungi Philippe Senderos yrði ekki með Arsenal vegna meiðsla og að Sol Campbell myndi taka stöðu hans í miðri vörninni. Campbell hefur aðeins leikið einn leik með Arsenal frá 1. febrúar en áður hafði hann þurft að kljást við meiðsli og þunglyndi. Telja flestir að innkoma Campbell muni veikja vörn Arsenal, sem annars hefur verið eins og klettur í Meistaradeildinni það sem af er.

Gilberto Silva, miðjumaður Arsenal, segir að leikmenn liðsins muni fara með öðrum hætti inn í leikinn í kvöld heldur en þann fyrri þar sem nú séu leikmenn Villarreal að spila á heimavelli. „Þeir eru með frábæra stuðningsmenn sem eru vanir að syngja allan leikinn og þetta verður erfiðara fyrir okkur. En ég hef fulla trú á að ef við spilum eins og við höfum verið að gera munum við komast í úrslitaleikinn,“ segir Gilberto.

Andstæðingur hans á miðjunni og leikstjórnandi Villarreal, Juan Roman Riquelme, segir að ýmsa veikleika megi finna í liði Arsenal. „Þeir spila frábæra knattspyrnu, hraðan sóknarbolta með fáum snertingum, en við það skapast veikleiki eins og hjá öllum liðum sem spila sóknarknattspyrnu. Vörnin getur opnast og það ætlum við að nýta okkur. Ég er sannfærður um að Arsenal fær meira en eitt mark á sig í kvöld,“ segir Riquelme. - vig



**GILBERTO OG RIQUELME** Eigast hér við í fyrri viðureign Arsenal og Villarreal í síðustu viku. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Coggins? He's so mean he wouldn't light your pipe if his house was on fire."**

Svar: Grandpa úr Chitty Chitty Bang Bang frá 1968

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR VILL SJÁ GAMLAR MYNDIR

# *Hef ég ekki séð þetta áður?*

Á sunnudagskvöldið kúrði ég mig niður í sængina á meðan ég flissaði yfir Some Like It hot á Ríkissjónvarpinu. Mér finnst Jack Lemmon og Tony Curtis vera fyndnir í konufötum og Marilyn Monroe er skemmtilega steikt. Það er æðislegt að fá að sjá svona gamlar klassískar myndir á sunnudögum og vil ég hrósa Ríkissjónvarpinu fyrir þetta. Ég skil ekki þá stefnu hjá sjónvarpsstöðvum að sýna bara nýja hluti. Ég vil fá gamla dótið, gamla þætti, myndir, auglýsingar og allt heila klabbið. Klaufabárðana, Línuna, Cosby Show og fleira svona sem vekur upp nostalgíutilfinninguna.

Að minnsta kosti vil ég frekar fá einhverja eldgamla klassíska mynd en að mér sé boðið upp á sömu laugardagsmyndina tvisvar sinnum á nokkrum mánuðum. Þetta hefur til dæmis nýlega gerst með myndina Four Weddings and a Funeral. Ég horfði nú ekki á hana tvisvar en ég sá hana um jólin og svo sá ég að hún var aftur sýnd núna nýlega. Er þetta eitthvað sem sjónvarpsáhorfendur eru hrifnir af? Að sjá sömu myndina tvö laugardagskvöld á nokkrum mánuðum? Sjálf er ég ekki mikið spennt og finnst þetta eiginlega bara frekar lélegt. Forrest Gump er líka mynd sem hefur heiðrað okkur sjónvarpsáhorfendur með nærveru sinni oftar en einu sinni á Ríkissjónvarpinu og eflaust eru fleiri myndir í þessum pakka.

Það er ekkert að því að endursýna og reyndar finnst mér að Sjónvarpið ætti að gera meira af því. En það þýðir ekki að endursýna á prime tíma! Og það er líka frekar skítt að endursýna án þess að segja frá því. Lauma endursýningunni bara inn í dulbúningi góðrar laugardagsmyndar. Elsku bestu kaupið frekar einhverja ódýra gamla mynd en að bregða á þetta ráð. Við sjónvarpsáhorfendur erum ekki alveg það steiktir í hausnum að við munum ekki eftir mynd sem við sáum fyrir nokkrum mánuðum.



**FJÖGUR BRÚÐKAUP OG JARÐARFÖR** Ríkissjónvarpsmenn eru afskaplega hrifnir af þessari mynd.



▶ 20.20 *Drama* — GILMORE GIRLS



▶ 21.45 **Spenna** — PRISON BREAK



▶ 22.15 *Kvikmynd* — THE BEACH



▶ 20.30 *Matur* — HEIL OG SÆL



▶ 18.30 *Fótbolti* — VILLARREAL-ARSENAL

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (33:52) **18.25** Draumaduft (8:13)

**18.30 Gló magnaða (48:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.20 Mæðgurnar (8:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**21.05 Nautilus** (Nautilus) Norsk heimildarmynd um leiðangur ástralska könnuðarins Huberts Wilkins á kafbát undir ísinn á norðurheimskautinu árið 1931. Wilkins ætlaði að verða fyrstur manna til að kafa undir ísinn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Tvíeykið (7:8)** (Dalziel & Pascoe IV) Syrpa úr breskri þáttaröð.

**23.10** Kórinn **0.35** Kastljós **1.25** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Veggfóður **14.15** Supernanny **15.00** Amazing Race 5 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.50 Strákarnir**
**20.15 Amazing Race (5:14)** (Kapphlaupið mikla 8)
**21.00 Las Vegas (9:22)** (Mothwoman) Lífið gengur sinn vanagang á Montecito-spilavítinu og hótelinu í Las Vegas – eða þannig. Bönnuð börnum.
▶ **21.45 Prison Break (13:22)** (Bak við lás og slá) Veronica kemur úr felum til að hitta Lincoln en aftakan er áætluð næsta dag. Bönnuð börnum.
**22.30 The Robinsons** (Robinsons) Breskur gamanmyndaflokkur um hina skrautlegu meðlimi Robinson-fjölskyldunnar.
**22.55 Twenty Four (12:24)** (24) Str. b. börnum.

**23.40** Nip/Tuck (15:15) (Str. b. börnum) **0.25** Splitting Heirs **1.50** Pennsylvania Miner's Story (e) **3.20** The Count of Monte Cristo (e) (B. börnum) **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.25 Þrándur bloggar** Fyrsta videoblogg-stjarna Íslands
**19.30 Sirkus RVK (e)**
**20.00 Friends (16:24)** (Vinir 8) Joey ræður ekki við sig lengur.
**20.30 Tívolí** Skemmti- og fræðsluþátturinn Tívolí er stútfullur af fjöri og fróðleik.
**20.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videoblogg-stjarna Íslands
**21.00 Bernie Mac (3:22)**
**21.30 Supernatural (11:22)** (Scarecrow) Bönnuð börnum.
▶ **22.15 The Beach** (Ströndin) Frábær mynd frá þrjeykinu sem stóð að Shallow Grave og Trainspotting. Str. b. börnum.

**0.10** Extra Time – Footballers' Wive **0.35** Þrándur bloggar **0.40** Friends (16:24) (e) **1.05** Tívolí

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**15.45** Sigtið (e) **16.10** The O.C. (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)** .
**20.00 How Clean is Your House**
▶ **20.30 Heil og sæl – lokaþáttur** Aðaláherslan er lögð á að kenna fólki að lifa eftir 10 grunnreglum í mataræði, sem geta leitt til stórbættrar heilsu og aukinnar orku. Þorbjörg Hafsteinsdóttir og Oscar Umahro Cadogan hafa þróað grunnreglurnar.
**21.00 Innlit / útlit** Upplifunin myndar heild sem svíkur engan og allir hafa áhuga á heimilinu.
**22.00 Close to Home** Annabeth gerir allt sem hún getur til þess að ná raðmorðingja áður en að hann nær fleiri fórnarlömbum.
**22.50 Sex and the City**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.25** Frasier (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**17.00** Gillette HM 2006 sportpakkinn **17.30** Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu** (Villarreal-Arsenal) Bein útsending frá leik Arsenal og Villarreal í undanúrslitum meistaradeildar Evrópu.
**20.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs** Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í meistaradeildinni. Átta liða úrslit eru í fullum gangi og ekkert gefið eftir.
**20.55 Leiðin á HM 2006** (Destination Germany)
**21.20 Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild.
**21.50 Meistaradeild Evrópu (Villarreal-Arsenal)**

**23.30** Meistaradeildin með Guðna Bergs **23.50** World Poker

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Normal (Bönnuð börnum) **8.00** Try Seventeen **10.00** Another Pretty Face **12.00** The Master of Disguise **14.00** Try Seventeen **16.00** Another Pretty Face **18.00** The Master of Disguise **20.00 Normal** (Venjulegur) D B. börnum. **22.00 Sleeping Dictionary** (Elsku Selima) Dramatísk kvikmynd þar sem rómantíkin er ekki langt undan. B. börnum. **0.00** Wasabi (Bönnuð börnum) **2.00** Bandits (Bönnuð börnum) **4.00** Sleeping Dictionary (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Good Girls Gone Bad **13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Good Girls Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **21.00** The Soup **21.30** 10 Ways **22.00** Party @ the Palms **22.30** Party @ the Palms **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** The Soup **0.30** 10 Ways **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty **3.00** Guilty **4.00** Guilty **5.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **6.00** 101 Most Starlicious Makeovers

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Bolton – Charlton frá 22.04 **16.00** Everton – Birmingham frá 22.04 **18.00** Newcastle – W.B.A. frá 22.04

**20.00 Þrumuskot (e)** Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd.
**21.00 Fulham – Wigan frá 24.04** Leikur sem fór fram í gærkvöldi.
**23.00** Birmingham – Blackburn frá 19.04 **1.00** Dagskrárlok




betra bragð
betri gæði
betra verð

THAI heritage
Allt í tælenska matinn

na na thai
Skeifan 4 · s. 5881818

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

### Upphitun fyrir Meistaradeildina Sýn kl. 18.00



Meistaradeildin er orðin að einu vinsælasta íþróttasjónvarpsefni Íslendinga. Með sanni má segja að spennan sé að nálgast hámarkið því í kvöld fer fram seinni leikurinn í fyrri undanúrslitaviðureign keppninnar þegar Villarreal fær Arsenal í heimsókn á leikvanginum El Madrigal. Umgjörðin í kringum Meistaradeildarleikina hefur líka verið með stakri prýði hjá Sýn og eru umræður fyrir og eftir leiki orðnar samtvinnaðar sjálfum leikjunum. Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fá fjörlega viðmælendur í settið til sín og bregða á leik jafnframt því sem þeir fara yfir helstu atriði leiksins. Gáfulegar og ógáfulegar athugasemdir fá að fjúka og gera viðburðinn þannig enn skemmtilegri.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | 7 | | | | 3 | |
| | | 3 | 1 | | 5 | | | |
| 5 | | | | 8 | | | | |
| 7 | 9 | 6 | | | | | | |
| 1 | | | | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 6 | 1 |
| | | | | 9 | | | | 5 |
| | | | 2 | | 6 | 8 | | |
| | 2 | | | | 8 | 9 | | 6 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 4 | 5 | 3 | 9 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 |
| 8 | 2 | 1 | 5 | 4 | 7 | 6 | 3 | 9 |
| 3 | 4 | 6 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 2 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 9 | 3 |
| 1 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 4 |
| 6 | 8 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 7 |
| 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 8 | 6 |



**07.00**
*Dægurmál*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

**NFS**

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hugsað heim. **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Kvöldtónar **20.30** Raddir að handan **21.25** Lagt upp í ferð **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





**Ríkulegur staðalbúnaður**

17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
**„Bestur“** – *Fifth Gear*
**„Best recreational 4x4“** – *Auto Express*
**„Best compact 4x4“** – *What Car?*
**„Best in class“** – *Channel 4*
**„Best Small Wagon“** – *Overlander Magazine*

**Verð á Nissan X-Trail Sport 2.990.000 kr.**

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

| Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960 |
|---|---|---|---|---|---|---|



## HRÓSIÐ

*...fær Andri Snær Magnason en leikverk hans, Blái hnötturinn, var nýlega sett upp í alþjóðlegum skóla í Islamabad í Pakistan.*

## AÐ MÍNU SKAPI: GÍSLI STEFÁNSSON, GÍTARLEIKARI FOREIGN MONKEYS

# Pink Floyd, Dan Brown, Walk The Line og Köben

**TÓNLISTIN**
Uppáhaldstónlistarmennirnir mínir eru hinir miklu Pink Floyd kauðar og þá helst gítarhetjan David Gilmour og hans hátign Syd Barrett. Svo eru Dave Grohl (sértaklega hvað varðar trommur) og Josh Homme í Queens of the Stone Age alveg magnaðir. Ég bý í Vestmannaeyjum og er framboð á útvarpsstöðvum ekkert sérstakt í Eyjum. Það vantar alveg helstu rokkstöðvarnar þ.e. X-in tvö. Rás 2 stendur sig þó þokkalega vel.

**BÓKIN**
Ég er að lesa Deception Point eftir Dan Brown og er nýbúinn að klára Herra Alheimur eftir Hallgrím Helgason. Besta bókin er samt Vopnin kvödd eftir Ernest Hemingway sem er svona líka skemmtilega þýdd af Halldóri Laxness.

**BÍÓMYNDIN**
Ég var bara rétt í þessu að klára Walk the Line sem fjallar um Johnny Cash eins og margir vita en þar á undan kíkti ég aðeins á Good Night And Good Luck sem fjallar um hinn skemmtilega McCarthy-tíma. Annars hef ég mjög gaman af evrópskum kvikmyndum þó að það sé reyndar til nóg af evrópsku rusli. Engin mynd hefur þó náð að halda mér jafn vel og danska myndin I Kina spiser de hunde. Þar á eftir mundi ég nefna hina mögnuðu Der Untergang sem fjallar um síðustu daga Hitlers.

**BORGIN**
Kaupmannahöfn er úr gulli að mínu mati. Mér líður einfaldlega eins og heima hjá mér þegar ég er þar.

**BÚÐIN**
Það eru ekki margar búðir sem njóta jafn góðs af launum mínum og Skífan. Ég verð helst að eiga alla þá tónlist sem mér finnst góð á útgáfuforminu.

**VERKEFNIÐ**
Við peyjarnir erum að vinna í meira efni. Lagabankinn er nú ekki stór enda erum við svo nýbyrjaðir. Erum bara búnir að vera til eins og við lítum út í dag í 4 mánuði. Samt eigum við nóg af hugmyndum sem á bara eftir að púsla saman.





**LÁRÉTT**
2 eyja 6 löng og lág hæð 8 X 9 umrót 11 sem 12 hald 14 dýrahljóð 16 í röð 17 mas 18 utan 20 skóli 21 faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
1 líkamshluti 3 bardagi 4 land 5 drulla 7 farinn á kaf 10 planta 13 fát 15 útungun eggja 16 töf 19 á líðandi stundu.

**LAUSN**
LÁRÉTT: 2 java, 6 ás, 8 tíu, 9 los, 11 er, 12 skaft, 14 krunk, 16 hí, 17 mal, 18 inn, 20 ma, 21 knús.
LÓÐRÉTT: 1 háls, 3 at, 4 víetnam, 5 aur, 7 sokkinn, 10 sar, 13 fum, 15 klak, 16 hik, 19 nú.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**
Svör við spurningum á síðu 8

1. Kári, Logi og Máni Halldórssynir.
2. Áttatíu ára.
3. Gyanendra.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



**ÞAÐ ER GAMAN AÐ DANSA** Dansunnendur missa eitt besta dansgólf borgarinnar eftir helgi þegar Danshúsinu í Glæsibæ verður endanlega lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/KAE

## HJÖRDÍS GEIRSDÓTTIR: MIKILL MISSIR FYRIR DANSUNNENDUR

# Fótafimir Íslendingar kveðja Danshúsið

Næsta föstudagskvöld verður síðasti dansinn stiginn í Danshúsinu Glæsibæ en þar hefur dansinn dunað síðan 1970. Húsið hefur verið eitt helsta athvarf dansunnenda síðastliðin 35 ár og hafa margar hljómsveitir stigið þar á stokk. Fyrsta árið lék hljómsveit Hauks Morthens fyrir dansi og tóku Ásar við af henni. Hljómsveit Gissurar Geirs, Hafrót, Upplyfting, og Hljómsveit Jóns Sigurðssonar hafa einnig haldið fótafimum Íslendingum við efnið undanfarna áratugi en nú er komið að kveðjustundinni.

Danshúsinu á að breyta í bílakjallara en miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á lóðinni sem felast meðal annars í því að Glæsibær verður tengdur nýju háhýsi. „Það verður mikill missir af húsinu fyrir dansunnendur,“ segir Hjördís Geirsdóttir, sem mun sjá um lokaballið ásamt hljómsveit sinni sem er skipuð harmónikkuleikaranum Sigurgeiri Björgvinssyni, Birgi Ottóssyni á bassa og trommaranum Trausta Jónssyni.

Hjördís hefur mikla reynslu af því að koma fram í Glæsibæ en húsið hefur hýst margs konar uppákomur í gegnum tíðina „Ég á mjög góðar minningar úr þessu húsi sem var mjög vinsæll staður á árunum 1970 til 1985. Þetta er afar glæsilegt húsnæði, huggulegt, rúmgott og skemmtilegt,“ segir Hjördís og bætir við að dansgólf staðarins sé afar stórt, líklega um 150 fermetrar, og það kunni dansglatt fólk vel að meta.

Helstu söngvarar landsins hafa komið fram í Glæsibæ og nægir þar að nefna Ragnar Bjarnason, Önnu Vilhjálms og Björgvin Halldórsson. Félag eldri borgara átti húsið og stóð þar fyrir dansleikjum í nokkur ár en félög harmónikkuunnenda hafa haldið til í húsinu í seinni tíð. „Það er spurning hvert dansunnendur fara núna en það er ekki um svo mörg alvöru dansgólf að velja hér í höfuðborginni. Ætli það verði ekki bara Players eða Kringlukráin,“ segir Hjördís, sem lofar miklu fjöri á föstudaginn. „Við spilum bæði gömlu og nýju dansana svo það verður bæði hægt að rokka, tjútta og svífa um í vals á lokaballinu.“ Allir sem eiga góðar minningar úr Glæsibæ eru því hvattir til að mæta og dansa síðasta dansinn í húsinu en Hjördís og hljómsveit stíga á stokk um klukkan tíu. - snæ

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nýtt veitingahús verður fljótlega opnað við Hverfisgötu 4-6. Verður það í kjallara hússins en þar hafa iðnaðarmenn unnið hörðum höndum undanfarið, meðal annars við það að saga út fyrir gluggum og gefa þannig gestum kost á útsýni yfir Arnarhólinn. Framkvæmdir eru ekki langt komnar en þó er ljóst að veitingahúsið verður hið glæsilegasta enda vítt til veggja og bjart þar inni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur erlendur aðili að verkefninu en ekki hefur fengist staðfest hvort það er einhver stórstjarna. Þó er ljóst að staðsetningin er afar góð enda verður veitingahúsið mitt í hringiðu miðbæjarins með nágranna á borð við Stjórnarráðið og 101 hótel.

Íslandsvinurinn **Eli Roth** hefur í hyggju að koma hingað til Íslands og taka upp að hluta framhald hryllingsmyndarinnar Hostel sem sló eftirminnilega í gegn hér á landi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru framleiðendur myndarinnar væntanlegir hingað til lands í júní og ættu málin að skýrast í kjölfarið. Roth situr sjálfur sveittur við að klára handritið en hann fékk einmitt hugmyndina að sinni fyrstu mynd, Cabin Fever, þegar hann vann á hestaleigu. Leikstjórinn er einn frumkvöðla hinnar nýju hryllingsmyndabylgju sem skollið hefur á í Hollywood þar sem ofbeldi, blóð og nekt eru í fyrirrúmi. Eyþór Guðjónsson fær væntanlega ekki hlutverk í framhaldsmyndinni enda reyndist persóna hans úr fyrri myndinni ekkert sérlega langlíf á hvíta tjaldinu.

-fgg/snæ



BFGoodrich Tires
33”
BFG All Terrain
33x11,5 R15
15.900,- stgr.
Gerið verðsamanburð margar stærðir
NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000



# Misskilin list hjá Sævari Karli

Vegfarendur sem átt hafa leið um Bankastrætið að undanförnu hafa rekið upp stór augu yfir graffítiverki sem hylur útstillingarglugga hjá Sævari Karli. Að sögn verslunarstjórans, Axels Gomez, hefur fjöldi fólks haft samband við verslunina og talið að um skemmdarverk sé að ræða en það er síður en svo raunin. „Á sumardaginn fyrsta vorum við með mikla vorhátíð hér í versluninni. Þá var opnuð sýning í galleríinu á verkum Ástralans Graeme Finn og Sævar Karl fékk ungan graffítímann, Karl Kr. Davíðsson, til þess að skreyta gluggann,“ segir Axel. Hann segir að lögreglan hafi margoft stoppað fyrir framan verslunargluggann á meðan verið var að skreyta gluggann og krafið listamanninn skýringar á athæfinu enda sjaldan sem graffitílistamenn fá að munda brúsann við Laugaveg með góðfúslegu leyfi verslunareiganda. „Sævar var meira að segja vakinn um miðja nótt af einhverjum sem vildi láta hann vita af þessu skemmdarverki,“segir Axel.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem útstillingargluginn í Gallerí Sævars Karls vekur athygli þar sem Sævar Karl er afar duglegur við að brydda upp á nýjungum í versluninni og óhræddur við að prófa nýja hluti. Þess má geta að hið glæsilega graffitíverk mun prýða gluggann út þessa viku en eftir það ætti viðskiptavinir aftur að fara að sjá inn í verslunina. - snæ



**EKKI SKEMMDARVERK** Útstillingargluginn hjá Sævari Karli hefur ekki orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum eins og margir halda heldur er þarna um list að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Síðustu námskeið vetrarins að hefjast



**Skráðu þig strax í síma 544 22 10 eða á www.tsk.is**

## HAGNÝTT TÖLVUNÁM

### Byrjendanámskeið

Vinsælt tölvunámskeið á sérlega hagstæðu verði, ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt byrjandi þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.
Morgun- og kvöldnámskeið hefjast 15. maí og lýkur 1. júní.
**Lengd:** 42 kennslustundir. **Verð:** Kr. 32.900,-

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa einhverja reynslu af tölvuvinnu en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.

- Windows XP og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Morgun- og kvöldnámskeið hefjast 26. apríl. Kennt er þrisvar í viku.
Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans eða heimasíðu.
**Lengd:** 63 kennslustundir. **Verð:** Kr. 39.900,- **(**Allt kennsluefni innifalið).

### TÖK tölvunám

Þetta námskeið hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjólega vottun því til staðfestingar.

TÖK skammstöfunin stendur fyrir alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands.

**Kennslu og prófagreinar:**

- Grunnatriði upplýsingatækninnar
- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Internet og tölvupóstur
- Access gagnagrunnur
- PowerPoint



Morgun- og kvöldnámskeið hefjast 26. apríl.
Kennt er þrisvar í viku.
**Lengd:** 100 kennslustundir.
**Verð kr. 65.000,-** (Allt kennsluefni innifalið).

## Önnur námskeið að hefjast:

| Námskeið | Hefst | Stundir |
|---|---|---|
| Photoshop grunnur | 26. apríl | 21 |
| FrontPage | 8. maí | 21 |
| Stafrænar myndavélar | 24. apríl | 14 |
| Word grunnur | 29. apríl | 21 |
| Excel grunnur | 10. maí | 21 |
| Outlook, | 19. maí | 10 |
| PowerPoint | 24. maí | 12 |
| Access | 29. maí | 21 |
| Tölvuviðgerðir | 6. maí | 18 |
| Öryggi og vírusvarnir | 13. maí | 9 |
| Tollskýrslugerð | 16. maí | 21 |

## VEFSMÍÐI

### Vefsíðugerð fyrir byrjendur

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Sérstök áhersla er lögð á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni.
Kennt er á tvö algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn, Photoshop og FrontPage.

Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um að búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu, vista hana á Netinu og kunna skil á umsjón og uppfærslu hennar. Jafnframt er námskeiðið góður grunnur undir frekara nám í allri vefhönnun. Þátttakendum er frjálst að vinna að eigin heimasíðu í samráði við kennara.

**Lengd námskeiðs:** 42 stundir. Hefst 26. apríl og lýkur 15. maí.
**Verð kr. 36.000,-** Allt kennsluefni innifalið.

### Vefsíðugerð - framhald

Námskeið ætlað þeim sem vilja halda áfram og bæta við kunnáttu sína og getu við gerð faglegra vefsvæða. Ásamt kennslu á forritið Dreamweaver kynnast nemendur gagnagrunnstengdum vefsvæðum. Farið er stuttlega í gerð gagnagrunnstaflna með Microsoft Access og hvernig tengja má vefsíður við gagnagrunna. Einnig er farið í notkun CSS stíla fyrir vefsíðugerð.
Námskeið þetta hentar vel þeim nemendum sem tekið hafa Vefsíðugerð grunn, grunnnámskeið í Dreamweaver eða hafa sambærilega þekkingu og færni.

**Lengd námskeiðs:** 36 stundir. Hefst 17. maí.
**Verð kr. 39.000,-** Allt kennsluefni innifalið.

## ELDRI BORGARAR 60+



### Byrjendur

Síðasta námskeið vetrarins hefst 24. apríl og lýkur 17. maí. Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá kl. 13 - 16

### Framhald I

Síðasta námskeið vetrarins hefst 25. apríl og lýkur 16. maí. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13 - 16

**TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING**

*Skráning á vorönn hafin í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**

**ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR**

## Í ökkla eða eyra

Fyrir örfáum vikum samanstóð íslenska þjóðin af mikilmennum. Sumir voru uppteknir við að kaupa upp eigur gömlu herraþjóðanna á meðan aðrir dunduðu sér við að eignast íslenskar bújarðir undir sveitasetrin sín. Gengi krónunnar var í sögulegu hámarki, sem þýddi að það margborgaði sig að skreppa til útlanda í verslunarferðir og kaupa kannski bíl í leiðinni. Við vorum besti vinur aðal og þetta var allt rosalega hagstætt. Framtíðin var svo björt að við þurftum að vera með sólgleraugu.

**SVO** fóru einhverjir útlendingar að pípa um trúverðugleika viðskiptavitsins. Þetta var auðvitað tóm vitleysa en samt oggulítið pirrandi. Auðvitað var svo smá sjokk að verða allt í einu herlaus og örlaði á persónulegum sárindum hjá ráðamönnum í garð þeirra amerísku. Svona næstum eins og hjá öryrkja sem kemst að því að þrátt fyrir loforð um annað á að snuða hann samt. Ekki bætti svo úr skák að útlendingarnir fóru af tómri öfund að reyna að klekkja á íslensku krónunni með siðlausum markaðstrixum.

**Í FÁMENNINU** er allt í ökkla eða eyra. Hér eru eiginlega bara tvær verslanakeðjur og ef þú kannt að meta aðra hljóta að vera tómir svíðingar í hinni. Ef þú vilt virkja þá verðurðu að styðja Kárahnjúkavirkjun, annars ertu afturhaldsseggur og mussukommi. Einn daginn erum við vonarstjörnur heimsins en þann næsta er allt á leiðinni í niðurfallið.

**HINN** dramatíski vendipunktur varð einhverntíman á leiðinni. Allt í einu voru gleðiefnin dálítið búin og þá voru þau alveg gjörsamlega búin. Píslarvotturinn í hásætinu er ráðalaus en hvetur landsmenn til að reyna umfram allt að halda vinnunni á meðan hallærið gengur yfir.

**ÓGN** og skelfing! Nú finnst sumum brýnast að losna við útlendingana sem taka af okkur vinnuna. Hin gefandi fjölmenning orðin tifandi tímasprengja innflytjendavandamála, við þurfum bara að líta til nágrannalandanna til að sjá hversu hræðilegt verður hér ef við grípum ekki í taumana. Sumir vilja jafnvel að allt verði aftur eins og í gamla daga þegar svartur maður hefði ekki fengið meiri athygli þó hann spilaði allsber á lúður í Austurstræti. Ísland úr Nató, Schengen, EES og Júróvisíon! Konurnar aftur á bak við eldavélina!





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

